Mikill metnaður er lagður í að taka vel á móti og þjálfa nýtt starfsfólk á fyrstu mánuðum í starfi. Allt starfsfólk sem er að hefja störf þarf að ljúka ákveðinni skyldufræðslu þar sem dregið er saman allt það helsta sem þarf að kynna sér fyrstu vikur og mánuði í starfi, s.s. starfs- og innnlýsingar ásamt öryggis- og siðareglum. Símenntun og viðhald þekkingar er einnig lykilatriði í allri starfsemi Sjóvá. Metnaðarfull fræðsludagskrá er í boði hjá félaginu allt árið um kring og hefur reglulegu rafræn fræðsla fyrir allt starfsfólk fest sig í sessi. Að auki er starfsfólk hvatt til að vera duglegt að sækja námskeið og ráðstefnur utanhúss sem styrkja það í starfi.

Framúrskarandi fyrirtæki

Árlega greinir Creditinfo rekstur íslenskra fyrirtækja og birtir lista yfir þau fyrirtæki sem hafa sýnt fram á framúrskarandi og stöðugan árangur í rekstri. Kröfurnar til að hljóta nafnbótina Framúrskarandi fyrirtæki hafa jafnframt aukist með auknum kröfum á upplýsingagjöf um sjálfbærnistefnu og rekstur. Sjóvá var líkt og undanfarin ár á lista Framúrskarandi fyrirtækja og glöddumst við einnig yfir að sjá hversu mörg þeirra fyrirtækja sem voru á listanum eru hjá okkur í viðskiptum, eða 299 talsins. Til að fagna þessum góða árangri þeirra var ákveðið að styrkja Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur í desembermánuði í þeirra nafni.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2022 Sjóvá

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

F.K.A. 2022 FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

2022 UMHVERFISFRAMTÍÐ ATVINNULÍFSINS

2022 Framúrskarandi fyrirtæki

SJÓVÁ

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
Kt. 650909-1270

Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.
Kt. 680568-2789

Kringlunni 5,
103 Reykjavík

Hafðu samband

Þjónustusími
440 2000

Neyðarnúmer tjóna
440 2424

Netfang
sjova@sjova.is

Vegaaðstoð
440 2222

Opnunartímar

Mán - Fim
9:00 - 16:00

Fös
9:00 - 15:00

Útibú
Sjá opnunartíma útibúa

Lagalegur fyrirvari

UFS

Vá felagsmál eru ómissandi á sjóðsstjórnagólf og gagnvart rekstrinum. Vá felast þá í áhrif UFS mælikvarða og áranga á sjóð umhverfismála. Félagsgildi og sjálfræði og mælikvarðar um vá felast um eitt hitabelti sjóðsfjárfestinga.

Sjóðsfjárfestingar 2022

UFS áhættumat fyrir Sjóvá

Rekstur framkvæmdastjórnar á áhættum á frammistöðu Sjóvá á sviði sjálfbærni í annall árin á árið 2022. Sjóvá hlés einvæna 82 metl 76 stig af 100 mögulegum, sem leist gótt ofinnn. Meðfylgt lánsins mælaborns einnig á 77 stig.

Sjóvá metlist á ný mælitæki í umhverfis- og félagsgildum og er á þar á ný mælitæki í stjórnarháttum í samanburði við árinu fólag eitt metin.

Mælitæki gerir ríkari fyrir hvæng fyrirtæki standa hæmis fyrir ákæfum sem snúa á umhverfis- og félagsgildum og stjórnarháttum. UFS mat er framkvæmt fyrir hópa á fjórhæsa á ársgrænum vorðbréfa sem nýtist til að veita félögum á ríkjarmörkum innan efnahags og ólu undir fyrirtæki á ábreyum sínum.

Framúrskarandi einkunn fyrir félagsþáttinn

Í UFS áhættumati fletturnar Hæst Sjóvá framúrskarandi einkunn fyrir líkum félagsgæði, annall árið 1.8, metl einkunnina 41 og 77 stig af 100.

Skoða ársskýrslu fletturnar

Stefna um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð

Markmið Sjóvá er að tryggja verðmæti til lífs.

Sjóvá leggur áherslu á góð samskipti og samræmi. Hæð á ný á sjóðsfjárfestingum á sjóðsstjórnagólf á ríkjar á ríkjarmörkum innan efnahags og ólu undir fyrirtæki á ábreyum sínum.

Sjóvá leggur áherslu á góð samskipti og samræmi

Kringlunni 5, 103 Reykjavík

Kt. 650909-1270

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Ársreikningur samstæðunnar árið 2022

SJÓVÁ

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra 3

Áritun óháðs endurskoðanda 6

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 10

Efnahagsreikningur 11

Eiginfjáryfirlit 12

Sjóðstreymisyfirlit 13

Skýringar 14

Óendurskoðuð fylgiskjöl

Viðauki við skýringu 26 44

Ársfjórðungayfirlit 45

Stjórnarháttayfirlýsing 46

Ófjárhagslegar upplýsingar 53

Selected Financial Information 58

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. („félagið" "samstæðan" eða „Sjóvá") fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingarekstri og fjárfestingarstarfsemi. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar".

Rekstur og fjárhagsleg staða 2022

Sjóvá er alhliða tryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Sterk ímynd og staða félagsins á vátryggingamarkaði var staðfest þegar niðurstöður íslensku ánægjuvogarinnar sýndu að Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni á árinu 2022, sjötta árið í röð. Ánægja viðskiptavina helst í hendur við ánægju starfsfólks en starfsánægja mældist á árinu 2022 með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum. Stefna félagsins er að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð og er áhersla lögð á að þjónusta viðskiptavini á þeirra forsendum og eftir þeim leiðum sem hentar þeim best.

Tryggingavernd félagsins náði í lok árs 2022 til um 82.100 einstaklinga og 8.600 fyrirtækja.

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var 192 (2021: 189). Karlar eru 51% starfsmanna en konur 49% og í hópi stjórnenda eru karlar 60% en konur 40%.

Hagnaður samstæðunnar 2022 var 2.723 millj. kr. (2021: 9.570). Í árslok 2022 námu eignir samstæðunnar 68.570 millj. kr. (2021: 67.856), skuldir 47.063 millj. kr. (2021: 43.518) og eigið fé 21.507 millj. kr. (2021: 24.339). Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 31,4% í árslok (2021: 35,9%), gjaldþolshlutfall nam 1,56 í árslok fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu og endurkaup (2021: 1,71), en 1,41 eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup (2021: 1,41).

Rekstrarniðurstaða ársins 2022 endurspeglar sterkan grunnrekstur félagsins sem og góða afkomu af fjárfestingastarfsemi miðað við aðstæður.

Afkoma af vátryggingarekstri fyrir skatta nam á árinu 2022 1.930 millj.kr. (2021: 2.517). Eigin iðgjöld námu 25.169 millj. kr. á árinu 2022 og jukust um 9,8% á milli ára en þess ber að geta að á árinu 2022 endurgreiddi félagið viðskiptavinum á einstaklingsmarkaði fjárhæð sem samsvarar eins mánaðar iðgjaldi lögboðinna ökutækjatrygginga. Var sú ákvörðun grundvölluð á góðri afkomu rekstrarársins 2021 og nam endurgreiðslan 602 millj.kr. Eigin tjón námu 19.423 millj.kr. á árinu 2022 (2021: 16.307) og jukust um 19,1% á milli ára sem skýrist bæði af stækkandi vátryggingastofni og auknum umsvifum í þjóðfélaginu. Samsett hlutfall var 95,8% á árinu 2022 samanborið við 90,9% árið 2021.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta nam á árinu 2022 1.232 millj.kr. (2021: 7.830). Afkoman var ásættanleg í ljósi þróunar eignamarkaða á árinu en ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði og gengi hlutabréfa lækkaði. Jákvæð afkoma skýrist fyrst og fremst af sölu og gengisbreytingu óskráðra hlutabréfa. Fjárfestingatekjur námu 2.195 millj.kr. á árínu 2022 (2021: 8.384) og ávöxtun af fjárfestingaeignum í stýringu var 3,5% á árinu (2021: 18,5%).

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 1,61 á hlut fyrir rekstrarárið 2022 eða um 1.900 millj.kr. Arðgreiðslustefna félagsins miðar við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs til hluthafa í formi arðs, að því gefnu að gjaldþol sé innan gjaldþolsviðmiða stjórnar sem er á bilinu 1,4-1,7. Gjaldþol eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup er 1,41. Fjárhagslegur styrkur félagsins er mikill líkt og ársreikningur félagsins sýnir. Eiginfjárhlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu er 28,6% og fjárhagsstaða félagsins traust og félagið eftir sem áður fært um að standa þétt við bakið á viðskiptavinum og mæta ófyrirséðum áföllum í rekstri.

Samfélagsleg ábyrgð

Það er yfirlýst stefna félagsins að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Sjálfbær og samfélagslega ábyrg starfsemi stuðlar að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélag, viðskiptavini, starfsfólk og hluthafa. Lögð er áhersla á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að þjónustan sé aðgengileg og í takti við þarfir og vilja viðskiptavina. Góðar starfsaðstæður og mikil starfsánægja eiga að tryggja að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemina og markvisst er leitast við að lágmarka umhverfisáhrif í starfseminni. Samkvæmt UFS sjálfbærnimati Reitunar, sem gerir grein fyrir hvernig fyrirtæki standa frammi fyrir áhættum sem snúa að umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum, fær Sjóvá 76 í einkunn af 100 mögulegum og er fyrir ofan meðaltal útgefenda sem farið hafa í gegnum sambærilega greiningu. Sjóvá fékk hæstu einkunn á markaði fyrir félagsþáttinn sem mælir meðal annars vinnuumhverfi, velferð starfsmanna og viðskiptaánægju.

Sjóvá veitir árlega styrki til aðila sem vinna að forvörnum og mikilvægum málefnum í þágu samfélagsins. Lögð er áhersla á að styrkja verkefni sem styðja við hlutverk og stefnu félagsins. Sjóvá hefur um árabil verið aðalbakhjarl Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og veitir samtökunum fjárhagslegan stuðning og á í nánu samstarfi á sviði slysavarna, standa að metnaðarfullum forvarnarverkefnum og stuðla þannig í sameiningu að bættu öryggi almennings og ferðamanna um allt land. Á árinu 2021 var veittur 142,5 m.kr. styrkur til smíða á þremur nýjum björgunarskipum samtakanna og var fyrsta skipið afhent á árinu 2022. Með tilkomu nýrra björgunarskipa verður bylting í viðbragðstíma og aðbúnaði fyrir áhafnir sem stórbætir öryggi sjófarenda.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra frh.:

Áhættustýring

Áhættustýring er eitt af lykilsviðum Sjóvá en félagið hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta félagsins og sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð áhættustýringar. Áhættustefnan nær til allra áhættuþátta sem krafist er í lögum og reglugerð um vátryggingastarfsemi. Sjóvá hefur komið upp verklagi sem tryggir að stjórnendur og starfsmenn fái þjálfun í að þekkja áhættur sem geta haft áhrif á rekstur, viðskiptavini og vátryggða. Þetta verklag segir jafnframt til um hvernig skuli tilkynna, skrá, meta, mæla, stýra og/eða milda þær áhættur sem um ræðir. Frekari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu Sjóvá og skýringum 29-35.

Samþykktir, stjórn og hlutafé

Stjórn félagsins er skipuð fimm stjórnarmönnum og tveimur til vara. Aðalfundur félagsins kýs stjórn og skal kjörtímabil hennar vera til næsta aðalfundar.

Stjórn félagsins skipa: Björgólfur Jóhannsson formaður, Hildur Árnadóttir varaformaður, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro.

Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason.

Stjórnarkjör skal fara fram sem hlutfallskosning milli einstaklinga. Fyrstu fjögur stjórnarsætin skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið. Sá einstaklingur, karl eða kona, sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum að atkvæðamagni, skal teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Skulu varamenn vera sá karl og sú kona sem fá flest atkvæði við kjörið. Félagið uppfyllir kröfur um kynjahlutfall í stjórn en hana skipa tvær konur og þrír karlar.

Samþykki hluthafafundar þarf til hækkunar og lækkunar hlutafjár og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum. Verði hlutafé félagsins hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutafjáreign sína.

Á aðalfundi félagsins 11. mars 2022 var samþykkt að greiða arð sem nam 3,14 kr. á hlut vegna ársins 2021 og var greiðsludagur 30. mars 2022. Á fundinum var einnig samþykkt að lækka hlutafé félagsins um 52,1 millj. kr. til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkaði þann 13. apríl úr 1.268 millj. kr. að nafnverði í 1.216 millj. kr. að nafnverði.

Á aðalfundinum var einnig samþykkt heimild stjórnar til að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar sem mun að hámarki nema 121,6 milljón hlutum og takmarkast við að eignarhald félagsins fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Félagið keypti 49,4 milljón eigin hluti á árinu fyrir 1.753 millj. króna. Þar af keypti félagið 27,1 millj. hluti á árinu á grundvelli heimildar sem samþykkt var á aðalfundi 2021. Tilgangur endurkaupanna er að lækka útgefið hlutafé.

Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi eftir kaup eigin hluta er því 1.178 millj. kr.

Hlutafé félagsins er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq Iceland. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Í árslok 2022 voru hluthafar 1.265 en þeir voru 1.295 í ársbyrjun og fækkaði þeim því um 30 á árinu. 52,3% hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 35,7% í eigu einstaklinga og fyrirtækja, 4,7% í eigu innlendra verðbréfasjóða, 1,2% í eigu fjármálafyrirtækja, 3,1% í eigu erlendra verðbréfasjóða og 3,0% eigin hlutir. Tíu stærstu hluthafar í árslok og hlutfallsleg eign þeirra er eftirfarandi:

	Virkur eignarhluti
Hrólfssker ehf.	15,7%
Snæból ehf.	10,3%
Gildi - lífeyrissjóður	9,0%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	8,7%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	7,0%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	6,9%
Brú lífeyrissjóður	6,4%
Stapi lífeyrissjóður	3,7%
EGG ehf.	3,3%
Birta lífeyrissjóður	2,7%

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra frh.:

Stjórnarhættir

Stjórn Sjóvár hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tilnefningarnefnd Sjóvár tók til starfa í október 2018 og er hlutverk hennar að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir með ársreikningnum og er birt á heimasíðu félagsins. Helstu þættir í árangursmati stjórnar eru tíundaðir í stjórnarháttayfirlýsingunni.

Í tengslum við gerð ársreiknings hefur félagið komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðeigandi starfaaðgreiningu og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, tjónavinnslu, rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins.

Annað

Í endurtryggingasamningum eigna-, ökutækja-, hópslysa-, líf- og heilsutryggingа auk hluta ábyrgðartryggingа eru ákvæði um að báðir aðilar geti sagt samningum upp ef veruleg breyting verður á eignarhaldi eða yfirráðum mótaðilans.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfismál, félagsmál og stjórnarhætti, sem og stefnu félagsins í mannréttindamálum, mútu- og spillingamálum eru birtar í viðauka.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2022. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Sjóvár hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 9. febrúar 2023

Í stjórn:
Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður
Hildur Árnadóttir, varaformaður
Guðmundur Örn Gunnarsson
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro

Forstjóri:
Hermann Björnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Sjóvá-Almennra trygginga hf. („samstæðan“) fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2022 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð samstæðunni við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 15. mars 2018 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfellt síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Viðbrögð í endurskoðuninni
Mat tjónaskuldar Tjónaskuld nam 25.880 milljónum króna í árslok 2022 og er hún 55% skulda samstæðunnar. Tjónaskuld er skuldbinding vegna tilkynntra og orðinna en ótilkynntra tjóna. Vísað er til skýringar 40 um reikningsskilaaðferðir og skýringar 26 um fjárhagsupplýsingar. Mat stjórnenda á áætluðum óuppgerðum tjónum, hvort sem þau hafa verið tilkynnt samstæðunni eða ekki, er lykilþáttur við endurskoðun vegna hárrar eðlislægrar áhættu við mat á væntum framtíðargreiðslum vegna orðinna tjóna. Það getur tekið nokkur ár að gera upp tjón og endanlegur kostnaður getur ráðist af þáttum sem eru óþekktir í árslok 2022 eða er ekki á færi samstæðunnar að stjórna. Mat tjóna sem hafa orðið, en hafa ekki verið tilkynnt til samstæðunnar, eru háð mestri óvissu. Mat tjóna er háð þeim gögnum sem liggja fyrir og þeim forsendum sem byggt er á við matið. Breytist forsendur getur það haft veruleg áhrif á fjárhæð tjónaskuldarinnar.	Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á þær forsendur sem stjórnendur nota við útreikning á tjónaskuld samstæðunnar. Í þeirri vinnu fólst meðal annars: • Mat og prófanir á völdum eftirlitsþáttum með aðskilnaði starfa við skráningu tjóna, ákvörðun um bótaskyldu og greiðslu tjónabóta, ásamt eftirliti stjórnenda með greiðslu tjónabóta. • Mat ferli við útreikning tjónaskuldar og skjölun á þeirri vinnu. • Mat á virkni upplýsingakerfis sem notað er við tjónaskráningu og flutningi upplýsinga milli tjónakerfis og fjárhagskerfis. • Úrtaksprófanir á óuppgerðum tilkynntum tjónum í árslok til að staðfesta tilvist og að mat tjóna sé viðeigandi, ásamt því að staðfesta réttmæti greiðslna á tjónum. • Staðfesting með úrtaki á heild og nákvæmni gagna sem notuð eru við útreikning á tjónaskuld. • Aðstoð tryggingastærðfræðinga okkar við sjálfstæðan útreikning á tjónaskuldinni, ásamt mati á aðferðum og forsendum stjórnenda samstæðunnar við mat tjónaskuldarinnar og hvort bókfærð fjárhæð hennar sé viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Tilvist og mat á verðbréfum Bókfært verð verðbréfa nam 56.472 milljónum króna og er 82% af bókfærðum eignum samstæðunnar í árslok 2022. Vísað er til skýringar 40 um reikningsskilaaðferðir og skýringa 19, 20 og 21 um fjárhagsupplýsingar. Samstæðan á og stjórnar safni verðbréfa til að mæta skuldbindingum vegna ógreiddra tjóna. Samstæðan setur sér fjárfestingastefnu þar sem meðal annars er fjallað um samsetningu verðbréfa og hversu mikla áhættu heimilt er að taka. Verðbréfin eru að jafnaði í vörslu banka. Þar sem verðbréf eru verulegur hluti af eignum samstæðunnar þá er það lykilþáttur í endurskoðun okkar að staðfesta að verðbréfin séu til og í eigu samstæðunnar. Verðbréfin eru færð á gangvirði og er meirihluti þeirra skráður á virkum markaði og hægt að nálgast upplýsingar um markaðsvirði bréfanna. Nokkur óvissa getur verið um matið, sérstaklega á skráðum verðbréfum þegar viðskipti eru strjál og á óskráðum verðbréfum, sem samtals eru metin á 12.274 milljónir króna. Við mat á þessum verðbréfum þurfa stjórnendur að gefa sér forsendur um ýmsa þætti sem hafa áhrif á matið. Þess vegna er mat skráðra verðbréfa þar sem viðskipti eru strjál og óskráðra verðbréfa lykilþáttur í endurskoðun okkar.	Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að staðfesta eignarhald samstæðunnar á verðbréfum í árslok og leggja mat á forsendur sem stjórnendur nota við útreikning á verðmæti þeirra. Í þeirri vinnu fólst meðal annars að: • Staðfesta tilvist og eignarhald verðbréfa í árslok með utanaðkomandi staðfestingum. • Staðfesta gengi á meirihluta skráðra verðbréfa með aðstoð gagnaveitna og upplýsingum frá sjóðstjórum óskráðra verðbréfasjóða. • Meta aðferðir og útreikninga stjórnenda samstæðunnar á verðmæti óskráðra verðbréfa með aðstoð verðmatssérfræðinga okkar. • Staðfesta með aðstoð verðmatssérfræðinga að fjáreignir flokkist rétt í gangvirðisstig í skýringu 19.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Áritun og staðfesting vegna annarra ákvæða laga og reglna

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Sjóvá-Almennra trygginga hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. fyrir árið 2022 með skráarheitið [213800R3IXBON2LBEI63-2022-12-31-is] hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið í samræmi við reglugerð ESB 2019/815 sem inniheldur skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021. Í því felst meðal annars að útbúa samstæðuársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið.

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu, byggt á gögnum sem við höfum aflað, um hvort samstæðuársreikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með áliti okkar. Eðli, tímasetning og umfang vinnunnar byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á hættunni á að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. fyrir árið 2022 með skráarheitið [213800R3IXBON2LBEI63-2022-12-31-is] sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun samstæðuársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 9. febrúar 2023

KPMG ehf.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir
Sæmundur Valdimarsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Iðgjöld ársins		26.532.751	23.952.628
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum ársins		(1.364.187)	(1.024.858)
Eigin iðgjöld	7	25.168.564	22.927.769
Fjármunatekjur		2.104.695	496.659
Gangvirðisbreytingar fjáreigna		90.281	7.887.528
Fjárfestingatekjur	8	2.194.976	8.384.187
Umboðslaun		162.055	117.415
Aðrar tekjur		138.367	124.184
Aðrar tekjur		300.422	241.599
Heildartekjur		27.663.962	31.553.555
Tjón ársins		(20.136.654)	(16.555.963)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins		713.243	249.061
Eigin tjón	9	(19.423.411)	(16.306.902)
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar		142.607	99.080
Rekstrarkostnaður	10	(5.221.667)	(4.998.430)
Heildargjöld		(24.502.471)	(21.206.252)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.161.491	10.347.303
Tekjuskattur	13	(438.319)	(777.695)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		2.723.172	9.569.608
Skipting hagnaðar			
Hluthafar móðurfélagsins		2.723.172	9.569.608
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	14	2,28	7,34

Skýringar á blaðsíðum 14 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Rekstrarfjármunir	15	522.854	477.635
Leigueignir	16	1.284.302	1.292.373
Viðskiptavild	17	243.578	243.578
Óefnislegar eignir	18	0	352
Skatteign	27	0	2.392
Verðbréf	19-20	51.254.266	50.836.062
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	21	5.217.711	6.062.149
Endurtryggingaeignir	22	1.195.081	934.997
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	23	7.662.526	6.911.977
Handbært fé		1.189.328	1.094.896
Eignir samtals		68.569.644	67.856.411
Eigið fé			
Hlutafé	24	1.178.394	1.227.796
Yfirverðsreikningur hlutafjár	24	571.634	2.274.856
Bundið eigið fé	24	4.345.061	6.722.578
Óráðstafað eigið fé		15.411.958	14.113.559
Eigið fé samtals		21.507.047	24.338.788
Skuldir			
Vátryggingaskuld	26	37.866.181	33.341.268
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	21	5.217.711	6.062.149
Skattskuldbinding	27	16.448	0
Leiguskuldir	16	1.341.824	1.321.270
Skattar til greiðslu		429.326	799.589
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	28	2.191.106	1.993.346
Skuldir samtals		47.062.597	43.517.623
Eigið fé og skuldir samtals		68.569.644	67.856.411

Skýringar á blaðsíðum 14 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit árið 2022

	Skýr.	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2022	24	1.227.796	2.274.856	6.722.578	14.113.559	24.338.788
Arður 3,14 kr. á hlut					(3.802.290)	(3.802.290)
Kaup á eigin hlutum		(49.402)	(1.703.222)			(1.752.624)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins					2.723.172	2.723.172
Bundið eigið fé vegna verðbréfa				(2.441.814)	2.441.814	
Bundið eigið fé vegna dótturfélaga				64.297	(64.297)	
Eigið fé 31.12.2022		1.178.394	571.634	4.345.061	15.411.958	21.507.047
Eigið fé 1.1.2021	24	1.334.106	6.110.625	732.834	13.185.993	21.363.559
Arður 1,99 kr. á hlut					(2.652.298)	(2.652.298)
Kaup á eigin hlutum		(39.821)	(1.402.259)			(1.442.081)
Lækkun hlutafjár		(66.489)	(2.433.510)			(2.500.000)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins					9.569.608	9.569.608
Bundið eigið fé vegna verðbréfa				5.891.903	(5.891.903)	
Bundið eigið fé vegna dótturfélaga				97.841	(97.841)	
Eigið fé 31.12.2021		1.227.796	2.274.856	6.722.578	14.113.559	24.338.788

Skýringar á blaðsíðum 14 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		2.723.172	9.569.608
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur í rekstri		(2.104.695)	(496.659)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		(90.281)	(7.887.528)
Afskriftir rekstrarfjármuna og leigueigna	15,16	190.139	172.336
Afskriftir óefnislegra eigna	18	352	848
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	15	(1.029)	449
		717.656	1.359.054
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Verðbréf, breyting		(1.652.849)	(130.131)
Skatteign/skattskuldbinding, breyting		18.840	130
Endurtryggingaeignir, breyting		(260.083)	333.770
Viðskiptakröfur, breyting		(750.549)	(183.922)
Vátryggingaskuld, breyting		4.524.913	3.474.744
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		627.085	960.263
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		2.507.358	4.454.854
Innborgaðar fjármunatekjur		3.490.294	1.507.892
Greiddur tekjuskattur og sérstakur fjársýsluskattur		(799.589)	(604.195)
Handbært fé frá rekstri		5.915.719	6.717.605
Fjárfestingahreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	15	(121.824)	(54.125)
Söluverð rekstrarfjármuna		14.604	3.914
Fjárfestingahreyfingar		(107.220)	(50.211)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Greiddur arður til hluthafa		(3.802.290)	(2.652.298)
Kaup á eigin hlutum		(1.752.624)	(1.442.081)
Lækkun hlutafjár		0	(2.500.000)
Afborganir af leiguskuldum		(165.996)	(141.529)
Fjármögnunarhreyfingar		(5.720.910)	(6.735.908)
Breyting á handbæru fé		87.589	(68.514)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		6.843	3.187
Handbært fé í ársbyrjun		1.094.896	1.160.223
Handbært fé í árslok		1.189.328	1.094.896

Skýringar á blaðsíðum 14 til 43 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Skýringar

1. Félagið

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. („félagið“, „samstæðan“ eða „Sjóvá“) er hlutafélag með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess í Kringlunni 5 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2022 hefur að geyma ársreikning þess og dótturfélaga, sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingarekstri og fjárfestingastarfsemi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. staðfesti ársreikninginn þann 9. febrúar 2023.

Yfirlit um mikilvægar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar er að finna í skýringu 40.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

c. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og telja hana hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Samstæðureikningurinn hefur því verið gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður athugunar á greiðsluhæfi félagsins gefa til kynna að félagið hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

d. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

3. Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur og lagt mat á þá liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar, sjá skýringu 19 um gangvirði fjáreigna og skýringu 26 um vátryggingaskuld.

Mat á gangvirði fjáreigna

Gangvirði er verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum á matsdegi.

Fjáreignum og fjárskuldum er skipt í sérstaka flokka. Flokkunin hefur áhrif á hvernig viðeigandi fjármálagerningur er metinn. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er eftirfarandi:

• Fjáreignir tilgreindar á gangvirði eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

• Kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Það er mat stjórnenda að gangvirðið sé ekki verulega frábrugðið því verði.

Skýringar, frh.:

3. Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir; frh.: Lykilþættir í óvissu á mati

a. Endanleg fjárhæð tjónabóta

Mat á endanlegri fjárhæð vænts tjónskostnaðar samstæðunnar vegna gerðra vátryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat samstæðunnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu og hafa áhrif á endanlegan tjónskostnað. Meðal þessara óvissuþátta eru áætlanir um tjónafjölda, fjárhæð meðaltjóns, ytri aðstæður og þróun verðlags.

b. Ákvörðun á gangvirði fjármálagerninga

Verðbréf samstæðunnar eru metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir meirihluta þessara eigna. Mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggir á viðurkenndum aðferðum.

Mat á gangvirði tekur mið af markaðsaðstæðum og þeim upplýsingum sem eru til staðar um viðkomandi fjáreign á matsdegi. Í einhverjum tilfellum er byggt á hlutlægu mati sem getur verið háð óvissu.

c. Ákvörðun virðisrýrnunar fjáreigna

Niðurfærsluþörf fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er metin. Mat stjórnenda á virðisrýrnun byggir á upplýsingum um vænt sjóðsflæði af viðkomandi eign. Við mat á væntu sjóðsflæði, meta stjórnendur fjárhagslega stöðu mótaðila og vænt virði undirliggjandi trygginga. Breytingar á forsendum geta haft áhrif á bókfært virði fjármálagerninga.

4. Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Við gerð ársreikningsins var beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið 2021.

Skýringar, frh.:

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf til lykilstjórnenda samstæðunnar. Annars vegar horfa stjórnendur á skiptingu í megin starfsþætti en hins vegar er horft á skiptingu eftir flokkum tryggingagreina í skaðatryggingarekstri. Rekstrarafkoma starfsþáttar tekur til liða sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri eru reiknaðar af þeim hluta vátryggingaskuldar viðkomandi greinar sem ekki er núvirtur. Við útreikning er miðað við væntan líftíma skuldarinnar og ávöxtun ríkisskuldabréfa.

Samstæðunni er skipt upp í þrjá starfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjárfestingastarfsemi.

Árið 2022

Starfsþættir	**Skaða-tryggingar**	**Líf-tryggingar**	**Fjárfestinga-starfsemi**	**Samtals**
Iðgjöld ársins	23.868.602	2.664.149	0	26.532.751
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum ársins	(890.990)	(473.196)	0	(1.364.187)
Fjárfestingatekjur	615.272	59.477	1.520.228	2.194.976
Aðrar tekjur	130.998	169.424	0	300.422
Heildartekjur starfsþátta	23.723.882	2.419.853	1.520.228	27.663.962
Tjón ársins	(19.167.328)	(969.326)	0	(20.136.654)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins	467.428	245.815	0	713.243
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	0	0	142.607	142.607
Rekstrarkostnaður	(4.192.919)	(597.850)	(430.898)	(5.221.667)
Rekstrarafkoma starfsþátta	831.063	1.098.492	1.231.937	3.161.491
Tekjuskattur				(438.319)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins				2.723.172

Fjárfestingar starfsþáttarins skaðatrygginga eru 122 millj. kr. og afskriftir 63 millj. kr. Afskriftir leigueigna á árinu voru 127 millj. kr.

Árið 2021

Starfsþættir	**Skaða-tryggingar**	**Líf-tryggingar**	**Fjárfestinga-starfsemi**	**Samtals**
Iðgjöld ársins	21.460.195	2.492.433	0	23.952.628
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum ársins	(609.108)	(415.750)	0	(1.024.858)
Fjárfestingatekjur	200.810	21.898	8.161.479	8.384.187
Aðrar tekjur	114.803	126.796	0	241.599
Heildartekjur starfsþátta	21.166.700	2.225.377	8.161.479	31.553.555
Tjón ársins	(15.630.559)	(925.404)	0	(16.555.963)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins	(10.135)	259.196	0	249.061
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	0	0	99.080	99.080
Rekstrarkostnaður	(4.045.569)	(522.176)	(430.685)	(4.998.430)
Rekstrarafkoma starfsþátta	1.480.436	1.036.993	7.829.874	10.347.303
Tekjuskattur				(777.695)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins				9.569.608

Fjárfestingar starfsþáttarins skaðatrygginga eru 54 millj. kr. og afskriftir 65 millj. kr. Viðbætur við leigueignir á árinu voru 1.069 millj. kr. og afskriftir 107 millj. kr.

6. Tekjur og gjöld af skaðatryggingum

Skaðatryggingar félagsins greinast þannig:

Árið 2022

	Eigna-tryggingar	Sjó, flug & farm-tryggingar	Lögbundnar ökutækja-tryggingar	Frjálsar ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Alm. slysa og sjúkra-tryggingar	Atvinnu-slysa-tryggingar	Sjúkra-kostnaðar-tryggingar	Erlendar endur-tryggingar	Samtals
Iðgjöld ársins	5.440.887	925.994	9.379.396	4.479.589	1.588.175	1.010.340	1.014.370	29.852	0	23.868.602
Tjón ársins	(3.124.786)	(505.063)	(8.426.898)	(3.936.825)	(1.177.468)	(1.126.746)	(866.978)	(2.655)	91	(19.167.328)
Rekstrarkostnaður	(975.784)	(132.363)	(1.625.030)	(887.825)	(238.186)	(180.687)	(146.808)	(5.709)	(527)	(4.192.919)
Til endurtryggjenda	(100.649)	(188.393)	(55.973)	(714)	(45.062)	(2.933)	(13.297)	0	0	(407.022)
Fjárfestingatekjur og aðrar tekjur*	172.588	22.771	290.285	131.905	49.525	32.489	29.616	552	0	729.730
Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi	1.412.256	122.945	(438.221)	(213.871)	176.982	(267.537)	16.904	22.040	(435)	831.063

Árið 2021

	Eigna-tryggingar	Sjó, flug & farm-tryggingar	Lögbundnar ökutækja-tryggingar	Frjálsar ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Alm. slysa og sjúkra-tryggingar	Atvinnu-slysa-tryggingar	Sjúkra-kostnaðar-tryggingar	Erlendar endur-tryggingar	Samtals
Iðgjöld ársins	4.843.359	794.186	8.614.331	4.023.890	1.309.596	967.175	885.342	22.316	0	21.460.195
Tjón ársins	(2.450.307)	(542.646)	(7.013.419)	(3.027.246)	(920.246)	(886.105)	(794.974)	4.888	(503)	(15.630.559)
Rekstrarkostnaður	(935.052)	(122.953)	(1.580.290)	(832.756)	(233.544)	(181.020)	(154.499)	(4.717)	(728)	(4.045.569)
Til endurtryggjenda	(223.846)	(166.136)	(56.334)	(9.485)	(133.808)	(2.540)	(12.423)	0	0	(604.561)
Fjárfestingatekjur og aðrar tekjur*	65.724	9.444	124.138	53.122	21.405	4.575	13.813	8.710	0	300.930
Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi	1.299.878	(28.105)	88.426	207.525	43.402	(97.914)	(62.742)	31.196	(1.231)	1.480.436

*Aðrar tekjur frá endurtryggjendum eru tilgreindar undir liðnum til endurtryggjenda

Skýringar, frh.:

7. Eigin iðgjöld

Eigin iðgjöld greinast þannig:

	2022	2021
Bókfærð iðgjöld	28.445.767	25.848.693
Vildarafsláttur	(971.787)	(933.127)
Breyting á iðgjaldaskuld	(941.229)	(962.938)
Hluti endurtryggjenda	(1.418.229)	(1.034.393)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	54.042	9.535
Eigin iðgjöld	25.168.564	22.927.769

8. Fjárfestingatekjur

Fjármunatekjur í rekstrarreikningi innifela vexti af fjáreignum sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði og arðgreiðslur. Gangvirðisbreytingar verðbréfa samanstanda af söluhagnaði/(sölutapi) verðbréfa, gangvirðisbreytingum og vaxtatekjum af verðbréfum.

Fjárfestingatekjur greinast þannig:

	2022	2021
Vaxtatekjur af handbæru fé	32.995	2.517
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	520.697	378.391
Fenginn arður*	1.540.129	128.970
Gengismunur	10.874	(13.219)
Fjármunatekjur	2.104.695	496.659
Gangvirðisbreyting verðbréfa	90.281	7.887.528
Fjárfestingatekjur	2.194.976	8.384.187

* Undir fenginn arður á árinu 2022 færast greiðslur vegna lækkunar hlutafjár frá hlutafélögum.

9. Eigin tjón

Eigin tjón greinast þannig:

	2022	2021
Bókfærð tjón	16.470.669	14.065.298
Hluti endurtryggjenda	(487.120)	(586.091)
Breyting á tjónaskuld	3.665.985	2.490.665
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	(226.123)	337.030
Eigin tjón	19.423.411	16.306.902

10. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2022	2021
Laun og launatengd gjöld	3.272.502	3.062.495
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1.758.673	1.762.751
Afskriftir rekstrarfjármuna og leigueigna	190.492	173.184
Rekstrarkostnaður	5.221.667	4.998.430

Skýringar, frh.:

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2022	2021
Laun	2.400.038	2.273.428
Lífeyrisiðgjöld	360.682	335.618
Tryggingagjald	185.245	168.986
Fjársýsluskattur	160.140	152.184
Annar starfsmannakostnaður	166.396	132.279
Laun og launatengd gjöld	3.272.502	3.062.495
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	192	189

51% starfsmanna eru karlar og 49% konur. Konur eru 40% stjórnenda og karlar 60%.

12. Endurskoðunarkostnaður

Endurskoðunarkostnaður greinist þannig:

	2022	2021
KPMG ehf. vegna endurskoðunar	27.712	22.536
KPMG ehf. önnur aðkeypt þjónusta	1.704	852
Endurskoðunarkostnaður samtals	29.416	23.388

13. Tekjuskattur

Tekjuskattur greinist þannig:

	2022	2021
Tekjuskattur til greiðslu	429.326	801.572
Leiðrétt frá fyrra ári	(9.847)	(24.007)
Frestaður tekjuskattur	18.840	130
Tekjuskattur samtals	438.319	777.695

Virkur tekjuskattur:		2022		2021
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.161.491		10.347.303
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	632.298	20,0%	2.069.461
Áhrif sérstaks fjársýsluskatts	0,2%	6.766	0,9%	92.213
Óskattskyld (gjöld)/tekjur tengdar hlutabréfum	(6,2%)	(196.934)	(13,2%)	(1.364.804)
Aðrir liðir	(0,1%)	(3.811)	(0,2%)	(19.175)
Virkur tekjuskattur	13,9%	438.319	7,5%	777.695

14. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað með meðalfjölda hluta á árinu.

	2022	2021
Hagnaður- og heildarhagnaður ársins	2.723.172	9.569.608
Meðalfjöldi hluta á árinu	1.191.880	1.303.415
Grunnhagnaður á hlut	2,28	7,34

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur hvorki gert kaupréttarsamninga né breytanlega lánasamninga.

Skýringar, frh.:

15. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Innréttingar, tæki og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	226.526	680.413	906.939
Viðbót á árinu	0	54.125	54.125
Selt og aflagt á árinu	0	(7.000)	(7.000)
Heildarverð 31.12.2021	226.526	727.538	954.064
Viðbót á árinu	0	121.824	121.824
Selt og aflagt á árinu	0	(31.946)	(31.946)
Heildarverð 31.12.2022	226.526	817.416	1.043.942
Afskrifað 1.1.2021	60.677	353.606	414.283
Afskrift færð út	0	(2.893)	(2.893)
Afskrifað á árinu	5.644	59.396	65.040
Afskrifað samtals 31.12.2021	66.321	410.109	476.430
Afskrift færð út	0	(18.371)	(18.371)
Afskrifað á árinu	5.644	57.385	63.029
Afskrifað samtals 31.12.2022	71.965	449.123	521.088
Bókfært verð 1.1.2021	165.849	326.807	492.656
Bókfært verð 31.12.2021	160.205	317.429	477.635
Bókfært verð 31.12.2022	154.561	368.293	522.854
Afskriftahlutföll	2 - 4%	15 - 33%	

Fasteignamat fasteigna í árslok 2022 nam 306 millj. kr. (2021: 294). Vátryggingarverðmæti fasteigna nam 667 millj. kr. (2021: 578). Vátryggingaverðmæti annarra rekstrarfjármuna er 1.287 millj. kr. (2021: 1.208).

16. Leigueignir og leiguskuldir

Samstæðan leigir húsnæði til afnota í rekstri sínum. Leigusamningur vegna höfuðstöðva félagsins er til ársins 2032. Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

	Fasteignir	Bifreiðar	Samtals
Leigueignir 1.1.2021	270.926	5.044	275.970
Viðbætur við leigueignir	1.069.470	0	1.069.470
Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna	54.045	184	54.229
Afskrifað á árinu	(105.103)	(2.193)	(107.296)
Leigueignir 31.12.2021	1.289.338	3.035	1.292.373
Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna	118.854	184	119.039
Afskrifað á árinu	(124.746)	(2.363)	(127.110)
Leigueignir 31.12.2022	1.283.446	856	1.284.302

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

	2022	2021
Leiguskuldir 1.1.	1.321.270	288.904
Viðbætur á árinu	0	1.056.684
Vaxtagjöld	67.511	62.982
Greiddar leiguskuldir	(165.996)	(141.529)
Hækkun vegna vísitölubindingar leigugreiðslna	119.039	54.229
Leiguskuldir 31.12.	1.341.824	1.321.270
Afborganir innan árs	109.915	98.342
Afborganir síðar	1.231.909	1.222.928
Samtals	1.341.824	1.321.270

Skýringar, frh.:

16. Leigueignir og leiguskuldir, frh.:

	2022	2021
Ónúvirt samningsbundið greiðsluflæði leiguskuldar greinist þannig:		
Minna en eitt ár	171.126	158.011
Eitt til fimm ár	851.247	778.840
Meira en fimm ár	680.997	778.039
Samtals	1.703.370	1.714.890

Aðrir samningar sem ekki falla undir IFRS 16 eru ótímabundnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Ekki er færð skuldbinding vegna þessara samninga þar sem óverulegur kostnaður felst í uppsögn þeirra. Gjöld vegna þessara samninga í rekstrarreikningi eru 17 millj. kr. (2021: 15 millj. kr.).

17. Viðskiptavild

Virðisrýrnunarpróf fyrir fjárskapandi einingar sem fela í sér viðskiptavild:

Viðskiptavild samstæðunnar að fjárhæð 244 millj. kr. er vegna kaupa á líftryggingarekstri hennar. Í árslok 2022 var framkvæmt árlegt virðispróf á viðskiptavildinni sem miðast við samþykktar rekstraráætlanir og afvaxtað framtíðarsjóðstreymi. Framtíðarvirði er byggt á 1% raunvexti, sem miðast við langtímamarkmið samstæðunnar í tengslum við rekstur þessarar einingar. Niðurstaða prófsins var að ekki væri þörf á að færa niður bókfært verðmæti hennar.

18. Óefnislegar eignir

Hugbúnaður og afskriftir hans greinast þannig:	2022	2021
Heildarverð 1.1.	5.717	5.717
Heildarverð 31.12.	5.717	5.717
Afskrifað alls 1.1.	(5.365)	(4.517)
Afskrifað á árinu	(352)	(848)
Afskrifað alls 31.12.	(5.717)	(5.365)
Bókfært verð 31.12	0	352
Afskriftahlutföll		20-50%

19. Fjáreignir

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjáreigna ásamt gangvirði þeirra:

2022	Fjáreignir á gangvirði	Lán og kröfur	Samtals	Gangvirði
Verðbréf	51.254.266		51.254.266	51.254.266
Krafa á endurtryggjendur		45.713	45.713	45.713
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur		7.056.337	7.056.337	7.056.337
Handbært fé		1.189.328	1.189.328	1.189.328
Fjáreignir samtals 31.12	51.254.266	8.291.378	59.545.644	59.545.644
2021				
Verðbréf	50.836.062		50.836.062	50.836.062
Krafa á endurtryggjendur		63.543	63.543	63.543
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur		6.299.301	6.299.301	6.299.301
Handbært fé		1.094.896	1.094.896	1.094.896
Fjáreignir samtals 31.12	50.836.062	7.457.740	58.293.802	58.293.802

Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð fjáreigna sem flokkast sem lán og kröfur endurspegli gangvirði þeirra.

Skýringar, frh.:

19. Fjáreignir, frh.:

Taflan hér á eftir sýnir fjáreignir færðar á gangvirði eftir verðmatsaðferð:

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
2022				
Fjáreignir á gangvirði	38.980.500	8.488.024	3.785.742	51.254.266
2021				
Fjáreignir á gangvirði	43.327.435	4.050.505	3.458.122	50.836.062

Stig 1: Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

Stig 2: Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stig 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

Stig 3: Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

Breytingar sem falla undir stig 3 á árinu eru eftirfarandi:	2022	2021
Staða 1.1.	3.458.122	3.220.286
Keypt	284.328	12.323
Selt/afborganir	(88.315)	(335.385)
Flutt á milli stiga	(1.366.495)	(819.023)
Matsbreyting	1.498.102	1.379.921
Staða 31.12.	3.785.742	3.458.122

20. Verðbréf

Verðbréf á gangvirði greinast þannig:	2022	2021
Skuldabréf:		
Ríkistryggð verðbréf	15.324.594	13.770.448
Sértryggð skuldabréf	5.071.947	5.705.909
Önnur skuldabréf	9.799.791	10.857.428
Skuldabréf samtals	30.196.332	30.333.785
Hlutdeildarskírteini:		
Skuldabréfasjóðir með ríkisbréfum	724.810	741.945
Aðrir skuldabréfasjóðir	1.080.198	1.255.186
Hlutabréfasjóðir	744.924	500.541
Aðrir sjóðir	304.266	228.201
Hlutdeildarskírteini samtals	2.854.197	2.725.873
Hlutabréf:		
Skráð í kauphöll	14.942.720	14.758.855
Óskráð	3.126.558	3.016.928
Hlutabréf samtals	18.069.278	17.775.783
Önnur verðbréf:		
Laust fé	134.458	621
Önnur verðbréf samtals	134.458	621
Verðbréf 31.12	51.254.266	50.836.062

21. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu samstæðunnar sem vátryggingatakar í sparnaðarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaáhættu af samkvæmt skilmálum sparnaðarlíftrygginga. Sparnaðarlíftrygging samanstendur af líftryggingu og sparnaði. Iðgjald líftryggingarinnar fer lækkandi eftir því sem sparnaður eykst og fellur niður þegar fjárhæð sparnaðar verður hærri en tilgreind líftryggingarfjárhæð. Eignastýringu verðbréfasafna sem falla undir sparnaðarlíftryggingu er úthýst til Henderson Global Investors og Íslandsbanka.

Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka greinast þannig:

	2022	2021
Staða í ársbyrjun	6.062.149	5.305.346
Innborguð söfnun	235.664	244.089
Endurgreidd söfnun	(382.595)	(370.573)
Ávöxtun fjárfestinga	(697.507)	883.287
Staða í árslok 31.12	5.217.711	6.062.149

22. Endurtryggingaeignir

Endurtryggingaeignir greinast þannig:

	2022	2021
Hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld:		
Iðgjaldaskuld	249.892	198.102
Tjónaskuld	899.476	673.353
Hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld samtals	1.149.368	871.455
Krafa á endurtryggjendur	45.713	63.543
Endurtryggingaeignir 31.12	1.195.081	934.997

23. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:

	2022	2021
Viðskiptakröfur tengdar vátryggingastarfsemi	7.406.928	6.669.674
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	224.152	247.901
Sölulaun í dreifingu og fyrirframgreiddur kostnaður	382.037	364.775
Aðrar kröfur	9.597	7.086
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	(360.188)	(377.459)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur 31.12	7.662.526	6.911.977

24. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.215.522 þús. kr. í árslok 2022 og var lækkað um 52.095 þús.kr. á árinu. Allt hlutafé er greitt að fullu. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 37.128 þús. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé.

Arðgreiðslur

Arðgreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær hafa verið samþykktar á aðalfundi. Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 má úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum. Ákvarðanir um arðgreiðslur taka ávallt mið af gjaldþolsviðmiðum stjórnar og getu félagsins til að mæta áföllum í rekstri.

Yfirverð

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í lögbundinn varasjóð, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Yfirverði umfram 25% af nafnverði hlutafjár getur félagið ráðstafað.

Bundið eigið fé

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal félagið binda óinnleystan hagnað af matsbreytingum á fjáreignum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði gegnum rekstur og færa á sérstakan gangvirðisreikning meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta sem arði, að teknu tilliti til skattaáhrifa eftir því sem við á. Samkvæmt sömu lögum skal félagið binda hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttekinn arð.

24. Eigið fé, frh.:

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður hagnaður eða tap vegna starfsemi félagsins að frádregnum arðgreiðslum og framlögum í bundið eigið fé.

Bundið eigið fé greinist á eftirfarandi hátt

2022	Óinnleyst matsbreyting fjármálagerninga	Bundinn hlutdeildar-reikningur	Samtals
Staða í upphafi árs	6.617.671	104.908	6.722.578
Breyting á óinnleystri matsbreytingu fjármálagerninga	(2.388.401)	0	(2.388.401)
Skattaáhrif af óinnleystri matsbreytingu fjármálagerninga	(53.414)	0	(53.414)
Hlutdeild í bundnum eiginfjárreikningi dótturfélaga	0	64.297	64.297
Staða í lok árs	4.175.856	169.205	4.345.061
2021			
Staða í upphafi árs	725.768	7.067	732.834
Breyting á óinnleystri matsbreytingu fjármálagerninga	6.076.870	0	6.076.870
Skattaáhrif af óinnleystri matsbreytingu fjármálagerninga	(184.967)	0	(184.967)
Hlutdeild í bundnum eiginfjárreikningi dótturfélaga	0	97.841	97.841
Staða í lok árs	6.617.671	104.908	6.722.578

25. Gjaldþol

Gjaldþol, gjaldþolskrafa og gjaldþolshlutfall í samræmi við matsreglur Solvency II í árslok greinast þannig:

	2022	2021
Gjaldþol	21.687.229	24.672.441
Gjaldþolskrafa, (SCR)	13.901.968	14.398.033
Markaðsáhætta	8.711.975	10.567.974
Heilsutryggingaáhætta	2.059.688	1.891.127
Líftryggingaáhætta	688.629	634.401
Skaðatryggingaáhætta	8.039.614	7.087.794
Mótaðilaáhætta	1.336.253	1.115.273
Fjölþættingaáhrif	(6.236.941)	(6.007.869)
Grunngjaldþolskrafa (Basic SCR) 31.12	14.599.217	15.288.699
Rekstraráhætta	1.020.971	888.866
Aðlögun vegna frestaðra skatta	(1.718.221)	(1.779.532)
Gjaldþolskrafa (SCR)	13.901.968	14.398.033
Markaðsáhætta greinist þannig:		
Vaxtaáhætta	1.276.427	1.568.606
Hlutabréfaáhætta	7.039.720	8.712.738
Fasteignaáhætta	130.714	119.497
Vikáhætta	1.517.673	1.856.432
Gjaldmiðlaáhætta	378.787	74.413
Samþjöppunaráhætta	1.660.067	1.828.128
Fjölþættingaráhrif	(3.291.413)	(3.591.841)
Markaðsáhætta samtals	8.711.975	10.567.974
Gjaldþolshlutfall fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup	1,56	1,71
Gjaldþolshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup	1,41	1,41
Lágmarksfjármagn (MCR)	5.592.484	4.998.440
Lágmarksfjármagnshlutfall fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup	3,88	4,94
Lágmarksfjármagnshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup	3,49	4,07

26. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld greinist þannig:

	2022	2021
Vátryggingaskuld (heild):		
Tjónaskuld	25.880.385	22.448.907
Áhættuálag	1.148.698	1.065.191
Vildarafsláttur	664.980	596.281
Iðgjaldaskuld	10.172.118	9.230.889
Vátryggingaskuld 31.12	37.866.181	33.341.268
Hluti endurtryggjenda:		
Tjónaskuld	899.476	673.353
Iðgjaldaskuld	249.892	198.102
Hluti endurtryggjenda 31.12	1.149.368	871.455
Eigin vátryggingaskuld:		
Tjónaskuld	24.980.909	21.775.554
Áhættuálag	1.148.698	1.065.191
Vildarafsláttur	664.980	596.281
Iðgjaldaskuld	9.922.226	9.032.787
Eigin vátryggingaskuld 31.12	36.716.813	32.469.813

Þróun vátryggingaskuldar á árinu greinist þannig:

2022	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Tjónaskuld:			
Tjónaskuld ásamt áhættuálagi í upphafi árs	23.514.097	(673.353)	22.840.745
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	(142.607)	0	(142.607)
Greidd tjón á árinu vegna eldri ára	(7.778.306)	329.746	(7.448.559)
Breyting tjónaskuldar vegna tjóna ársins	11.753.420	(441.839)	11.311.582
Breyting tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára	(401.031)	(114.031)	(515.062)
Breyting á áhættuálagi	83.508	0	83.508
Tjónaskuld ásamt áhættuálagi í árslok	27.029.083	(899.476)	26.129.607
Iðgjaldaskuld:			
Iðgjaldaskuld í upphafi árs	9.230.889	(198.102)	9.032.787
Breyting á árinu	941.229	(51.790)	889.439
Iðgjaldaskuld í árslok	10.172.118	(249.892)	9.922.226

2021	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Tjónaskuld:			
Tjónaskuld ásamt áhættuálagi í upphafi árs	21.122.512	(1.010.383)	20.112.129
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	(99.080)	0	(99.080)
Greidd tjón á árinu vegna eldri ára	(7.342.252)	457.113	(6.885.138)
Breyting tjónaskuldar vegna tjóna ársins	10.028.249	(156.934)	9.871.315
Breyting tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára	(253.555)	36.850	(216.705)
Breyting á áhættuálagi	58.223	0	58.223
Tjónaskuld ásamt áhættuálagi í árslok	23.514.097	(673.353)	22.840.745
Iðgjaldaskuld:			
Iðgjaldaskuld í upphafi árs	8.267.952	(172.641)	8.095.311
Breyting á árinu	962.937	(25.461)	937.476
Iðgjaldaskuld í árslok	9.230.889	(198.102)	9.032.787

26. Vátryggingaskuld, frh.:

Þróun tjónaskuldar á árinu 2022, tjón ársins:

	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Greitt vegna tjóna sem urðu á árinu	8.692.364	(157.374)	8.534.990
Tjónaskuld vegna tjóna sem urðu á árinu	11.761.814	(441.839)	11.319.976
Breyting tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára	(401.031)	(114.031)	(515.062)
Breyting á áhættuálagi	83.508	0	83.508
Tjón ársins	20.136.654	(713.243)	19.423.411
Heildartjónagreiðslur ársins greinast þannig:			
Greitt vegna tjóna sem urðu á árinu	8.692.364	(157.374)	8.534.990
Greitt vegna tjóna fyrri ára	7.778.306	(329.746)	7.448.559
Samtals greitt	16.470.669	(487.120)	15.983.549

Þróun tjónaskuldar á árinu 2021, tjón ársins:

	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Greitt vegna tjóna sem urðu á árinu	6.723.046	(128.977)	6.594.069
Tjónaskuld vegna tjóna sem urðu á árinu	10.028.249	(156.934)	9.871.315
Breyting tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára	(253.555)	36.850	(216.705)
Breyting á áhættuálagi	58.223	0	58.223
Tjón ársins	16.555.963	(249.061)	16.306.902
Heildartjónagreiðslur ársins greinast þannig:			
Greitt vegna tjóna sem urðu á árinu	6.723.046	(128.977)	6.594.069
Greitt vegna tjóna fyrri ára	7.342.252	(457.113)	6.885.139
Samtals greitt	14.065.298	(586.091)	13.479.207

Vátryggingaskuld er samtala besta mats á skuldbindingum vegna gerðra vátryggingasamninga og samanstendur af tjónaskuld, áhættuálagi, iðgjaldaskuld og vildarafslætti sbr. XIV. kafla í lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Tjónaskuld er mat á fjárhagslegri skuldbindingu sem hvílir á samstæðunni vegna ógreiddra tjóna í heild, það er tilkynntra tjóna og orðinna en ótilkynntra tjóna í árslok. Notaðar eru tölfræðiaðferðir við að áætla endanlegan kostnað vegna orðinna tjóna.

Tjónaskuld vegna tilkynntra tjóna er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til félagsins að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt vegna þessara tjóna. Áætlanir eru gerðar fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik þegar tjón er tilkynnt og breytingar gerðar ef nýjar upplýsingar berast um einstök tjón. Tjónaáætlanir eru yfirfarnar reglulega og endurmetnar eftir atvikum. Meðaltjónsfjárhæð í viðkomandi vátryggingagrein er notuð til að áætla tjónskostnað ef ekki liggja fyrir betri upplýsingar til þess að áætla tjónskostnaðinn.

Hluti tjónaskuldar er áætlun fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum og viðbótarkostnaði vegna tjóna sem ekki eru að fullu komin fram. Mat á tjónskostnaði vegna þessa þáttar er unnið ársfjórðungslega og byggist á tjónareynslu og framkomnum áður ótilkynntum tjónum á síðastliðnum 15 árum.

Mat á tjónaskuld byggir á matsreglum samkvæmt Solvency II gjaldþolsreglum. Aðferðin byggir á því að meta vænt gildi eða meðaltal (líkindafræðilegt vegið meðaltal) á núvirtu greiðsluflæði fyrir núverandi skuldbindingar. Við útreikning á væntu gildi er tekið tillit til markaðs- og tryggingafræðilegra upplýsinga sem eru til staðar á þeim tíma sem matið á sér stað. Við útreikning á tjónaskuld er safninu skipt upp í einsleita áhættuhópa (e. homogenous risk groups) og tjónaskuldin metin fyrir hvern hóp fyrir sig. Vænt gildi tjónaskuldarinnar er kallað besta mat (e. best estimate).

Í viðauka á bls. 44 má sjá þróun tjónaskuldar í skaðatryggingum hjá samstæðunni á undanliðnum 10 árum og stöðu hennar í árslok 2022.

Áhættuálag (e. risk margin) er mat á fjármagnskostnaði við að leggja til eigið fé til jafns við þá gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir vátryggingaskuldbindingum félagsins á uppgjörstíma þeirra.

Iðgjaldaskuld er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu sem tilheyrir næsta reikningsári.

Skýringar, frh.:

27. Skatteign / (skattskuldbinding)

Skatteign (skattskuldbinding) greinist þannig:

	2022	2021
Skatteign 1.1.	2.392	2.522
Tekjuskattur ársins	(438.319)	(777.695)
Leiðrétting fyrra árs	(9.847)	0
Skattur til greiðslu	429.326	777.564
(Skattskuldbinding) / skatteign 31.12.	(16.448)	2.392

Skatteign / (skattskuldbinding) greinist á eftirtalda liði:

	2022	2021
Rekstrarfjármunir	(25.352)	(12.325)
Viðskiptakröfur	(2.032)	9.659
Aðrir liðir	10.936	5.058
(Skattskuldbinding) / skatteign 31.12.	(16.448)	2.392

28. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir greinast þannig:

	2022	2021
Viðskiptaskuldir	736.261	737.987
Skuldir við endurtryggjendur	98.955	77.132
Opinber gjöld af iðgjöldum	825.734	684.292
Aðrar skuldir	530.156	493.935
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir 31.12	2.191.106	1.993.346

Skýringar, frh.:

Áhættustýring

29. Yfirlit

Í skýringum 29-35 er gerð grein fyrir þeim áhættuþáttum sem samstæðan skilgreinir í stefnu um áhættustýringu. Markmið áhættustýringar samkvæmt stefnu er að skilgreina, mæla og stýra þeim þáttum sem falla undir stefnuna.

Stefnur um áhættustýringu, áhættumælikvarðar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að mæta kröfum um áhættustýringu. Samkvæmt XVI. kafla laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfssemi þarf staða eigin fjár (og annarra viðurkenndra gjaldþolsliða) að vera næg til að mæta gjaldþolskröfu þó félagið verði fyrir áföllum. Stjórn Sjóvá hefur sett félaginu viðmið að gjaldþolshlutfall skuli vera á bilinu 1,4-1,7.

Stjórnir félaga samstæðunnar setja einnig fjárfestingarstefnu félaganna þar sem markmið um dreifingu eigna samkvæmt eignaflokkum eru skilgreind. Eftirfylgni með samsetningu eignasafnsins og hlítni við fjárfestingarstefnu fellur undir áhættustýringu og eru frávik frá stefnu vöktuð.

Starfsmenn Sjóvá vinna útreikning á gjaldþolskröfu Solvency II og eigið áhættu- og gjaldþolsmat í samvinnu við stjórn. Í eigin áhættu- og gjaldþolsmati (e. ORSA) er tilgreind helsta áhætta sem félagið stendur frammi fyrir sem er ekki hluti af staðlaðri formúlu útreiknings á gjaldþolskröfum samkvæmt Solvency II. Árlega er skýrsla um eigið áhættu- og gjaldþolsmat send Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands til umsagnar.

Eftirfarandi eru helstu áhættuþættir samkvæmt stefnu um áhættustýringu (sjá nánar í skýringum 30-35):
- vátryggingaáhætta (skýring 30)
- mótaðilaáhætta (skýring 31)
- lausafjáráhætta (skýring 32)
- markaðsáhætta (skýring 33)
- rekstraráhætta (skýring 34)
- eiginfjáráhætta (skýring 35)

30. Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er hætta á að fjárhagslegt tap verði vegna þess að verðlagning eða vátryggingaskuld sé metin með ófullnægjandi hætti. Í útreikningi á gjaldþolskröfu er vátryggingaáhættu skipt í skaðatryggingaáhættu, heilsutryggingaáhættu og líftryggingaáhættu.

Við verðlagningu á vátryggingum er líkindareikningi beitt og stendur félagið frammi fyrir þeirri áhættu að tjónafjárhæðir verði að meðaltali hærri en áætlað var, alvarleiki þeirra eða tíðni verði meiri eða að stórtjón verði fleiri en ráð var fyrir gert. Vátryggðir atburðir eru ófyrirséðir og rauntíðni og endanlegar fjárhæðir tjóna geta verið frábrugðnar áætlunum sem reiknaðar eru á grundvelli tölfræðilegra aðferða.

Samstæðan hefur mótað stefnu um gerð vátryggingasamninga þar sem lögð er áhersla á fjölbreytileika samþykktrar vátryggingaáhættu og að hver og einn flokkur feli í sér fleiri áhættuflokka til að draga úr óvissu áætlaðrar niðurstöðu og umfangi áhættu.

Afkoma samstæðunnar er næm fyrir eftirfarandi þáttum vátryggingaáhættu og sýnir taflan áhrif á afkomu samstæðunnar eftir skatta.

	Forsendu-breytingar	2022	2021
Tjónatíðni	+/- 1%	1.706.000	1.488.000
Meðaltjón	+/- 1%	182.000	149.000
Of-/vanmat tjónaskuldar í langtímagreinum	+/- 10%	1.900.000	1.659.000
Iðgjöld	+/- 1%	236.000	213.000

30. Vátryggingaáhætta, frh.:

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu vátryggingaskuldar eftir tryggingategundum:

	31.12.2022			31.12.2021		
	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Eignatryggingar	4.626.609	(503.780)	4.122.829	3.753.417	(308.769)	3.444.648
Sjó-,flug- og farmtryggingar	534.679	(13.966)	520.713	527.211	(53.984)	473.227
Lögb.ökutækjatryggingar	18.639.743	(91.950)	18.547.793	16.357.044	(103.906)	16.253.138
Frjálsar ökutækjatryggingar	2.716.238	(0)	2.716.238	2.522.557	0	2.522.557
Ábyrgðatryggingar	4.084.552	(111.213)	3.973.339	3.660.839	(20.362)	3.640.477
Greiðslu- og efndavátr.	(3.732)	(0)	(3.732)	3.412	0	3.412
Slysa-og sjúkratryggingar	2.143.984	0	2.143.984	1.795.875	0	1.795.875
Atvinnuslysatryggingar	2.757.718	(0)	2.757.718	2.557.564	0	2.557.564
Sjúkrakostnaðartryggingar	10.201	(0)	10.201	11.458	0	11.458
Endurtryggingar	67.853	(0)	67.853	69.136	0	69.136
Líftryggingar	855.699	(33.994)	821.705	797.637	(25.086)	772.551
Heilsutryggingar	1.432.638	(394.464)	1.038.173	1.285.118	(359.348)	925.770
Samtals	37.866.181	(1.149.368)	36.716.813	33.341.268	(871.455)	32.469.813

Helstu forsendur við mat á vátryggingaskuld

Mat á vátryggingaskuld og þær forsendur sem notaðar eru byggja á mati stjórnenda. Þær byggja á reynslu, því að þróun tjóna til framtíðar fylgi svipuðu mynstri og í fortíðinni, innri upplýsingum, ytri markaðsupplýsingum og væntingum og öðrum útgefnum upplýsingum. Þetta hefur í för með sér mat tengt m.a. meðaltjónakostnaði, verðbólgu og tjónatíðni fyrir hvert tjónsár. Forsendur eru endurskoðaðar reglulega í þeim tilgangi að tryggja raunhæft og sanngjarnt mat. Sjá nánari umfjöllum um mat á vátryggingarskuld í skýringu 26.

Endurtryggingaráhætta

Samstæðan stýrir vátryggingaáhættu sinni meðal annars með gerð endurtryggingasamninga, þar sem hluti af áhættutöku er færður yfir til endurtryggjenda. Endurtryggingaáhætta felst í því að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónum. Oft tekur langan tíma að gera upp tjón. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjanda breyst á þann hátt að hann verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Félagið hefur sett sér stefnu um endurtryggjendur, þar sem fram kemur að endurtryggjendur félagsins skuli hafa að lágmarki matseinkunnina A- frá Standard & Poor's (S&P). Með þessu er leitast við að draga úr hættu á að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónum. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda í sjálfvirkum endurtryggingasamningum miðað við flokkun S&P fyrir árið 2022 og áætlun um skiptingu fyrir árið 2023.

	2023	2022
AA-	65,8%	69,3%
A+	23,1%	19,6%
A-	11,1%	11,1%
Samtals	100,0%	100,0%

Skýringar, frh.:

31. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á neikvæðum áhrifum vegna versnandi stöðu mótaðila og getu hans til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar. Mótaðilaáhætta hefur áhrif á virði skuldabréfa sem gefin eru út af mótaðilanum vegna breytinga á skuldabréfaálagi og einnig getur félagið orðið fyrir fjárhagslegu tapi ef mótaðili getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar.

Ítarlega er fylgst með vanskilum á iðgjöldum og staðan á viðskiptakröfum yfirfarin reglulega með mati á stöðu einstakra viðskiptavina. Viðskiptavinir í vanskilum eru flokkaðir sem áhættusamir og geta ekki átt í frekari viðskiptum við samstæðuna fyrr en þeir hafa greitt niður skuldir sínar. Tapaðar viðskiptakröfur samstæðunnar hafa verið óverulegar í hlutfalli við veltu.

Bókfært verð fjáreigna sýnir hámarks mótaðilaáhættu. Hámarks mótaðilaáhætta á uppgjörsdegi greinist þannig:

	2022	2021
Verðbréf	33.184.988	33.060.279
Krafa á endurtryggjendur	45.713	63.543
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	7.662.526	6.911.977
Handbært fé	1.189.328	1.094.896
Fjáreignir	42.082.554	41.130.694

Verðbréf eru sett fram án verðbréfa tengdum þeim líftryggingarsamningum þar sem fjárfestingaráhættan er borin af vátryggingataka.

Virðisrýrnun hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast og byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Yfirlit um hreyfingar á virðisrýrnun viðskiptakrafna og annarra krafna á árinu er eftirfarandi:

	2022	2021
Virðisrýrnun í upphafi árs	377.459	380.300
Gjaldfærsla ársins	14.122	33.777
Endanlega tapað á árinu	(31.393)	(36.618)
Virðisrýrnun í lok árs	360.188	377.459

Eftirfarandi tafla sýnir fjáreignir félagsins eftir alþjóðlegu lánshæfismati útgefanda þeirra:

2022	A	BBB	BB	Ekki skráð	Samtals
Verðbréf	15.465.620	5.585.634	1.416.611	10.717.122	33.184.988
Endurtryggingaeignir	1.195.081				1.195.081
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur		224.152		7.438.374	7.662.526
Handbært fé		1.189.328			1.189.328
Samtals	16.660.701	6.999.114	1.416.611	18.155.496	43.231.922

2021					
Verðbréf	13.638.589	4.685.704	1.345.687	13.390.299	33.060.279
Endurtryggingaeignir	934.997				934.997
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur		247.901		6.664.076	6.911.977
Handbært fé		1.094.896			1.094.896
Samtals	14.573.586	6.028.501	1.345.687	20.054.375	42.002.149

32. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Samstæðan þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum aðstæðum. Hluti fjármálagerninga samstæðunnar eru fjárfestingar í óskráðum verðbréfum sem ekki eru viðskipti með á skipulögðum mörkuðum og almennt getur tekið nokkurn tíma að innleysa. Því gæti samstæðan staðið frammi fyrir því að geta ekki innleyst fjárfestingar sínar, fyrir fjárhæðir nálægt gangvirði þeirra, í því skyni að mæta lausafjárþörf sinni.

Til að lágmarka þessa áhættu hefur samstæðan stefnu um lágmarks handbært fé á hverjum tíma og til viðbótar er gert ráð fyrir að skráðar fjáreignir samstæðunnar, sem eru stór hluti af heildareignum hennar, sé hægt að innleysa með stuttum fyrirvara.

Vænt sjóðsflæði eigna og skulda, er eftirfarandi:

2022	**0-1 ár**	**1-5 ár**	**Yfir 5 ár**	**Samtals**
Eignir:				
Verðbréf	34.615.247	18.085.599	3.771.131	56.471.977
Endurtryggingaeignir	777.477	366.576	51.028	1.195.081
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	7.662.526	0	0	7.662.526
Handbært fé	1.189.328	0	0	1.189.328
Eignir samtals	44.244.577	18.452.175	3.822.158	66.518.912
Skuldir:				
Tjónaskuld	12.801.733	13.224.117	1.003.233	27.029.083
Iðgjalda- og ágóðaskuld	10.837.098	0	0	10.837.098
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	5.217.711	0	0	5.217.711
Leiguskuldir	109.915	614.446	617.464	1.341.825
Skattur til greiðslu	429.326	0	0	429.326
Viðskiptaskuldir	2.191.106	0	0	2.191.106
Skuldir samtals	31.586.889	13.838.562	1.620.697	47.046.148
Eignir - skuldir	12.657.688	4.613.613	2.201.461	19.472.764

2021	**0-1 ár**	**1-5 ár**	**Yfir 5 ár**	**Samtals**
Eignir:				
Verðbréf	29.201.194	18.742.704	8.954.312	56.898.210
Endurtryggingaeignir	643.034	264.652	27.312	934.997
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	6.911.977	0	0	6.911.977
Handbært fé	1.094.896	0	0	1.094.896
Eignir samtals	37.851.101	19.007.356	8.981.624	65.840.081
Skuldir:				
Tjónaskuld	10.859.675	11.669.535	984.887	23.514.098
Iðgjalda- og ágóðaskuld	9.827.170	0	0	9.827.170
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	6.062.149	0	0	6.062.149
Leiguskuldir	98.342	534.533	688.395	1.321.270
Skattur til greiðslu	799.589	0	0	799.589
Viðskiptaskuldir	1.993.346	0	0	1.993.346
Skuldir samtals	29.640.272	12.204.069	1.673.283	43.517.623
Eignir - skuldir	8.210.829	6.803.287	7.308.341	22.322.458

Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við framsetningu á árinu 2022

Skýringar, frh.:

33. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á neikvæðum áhrifum á fjárhagslega stöðu samstæðunnar vegna breytinga á virði fjáreigna. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk ásamt því að ná fram ásættanlegri ávöxtun á fjárfestingareignir. Mörk markaðsáhættu eru skilgreind í fjárfestingastefnu og reglum um eignastýringu með markmiðum, lágmörkum og hámörkum á eign í einstökum eignaflokkum. Fjárfestingastefna og reglur um eignastýringu eru settar skv. 113. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og afleiddum reglum og reglugerðum sem gilda um fjárfestingastarfsemi vátryggingafélaga hverju sinni. Reglunum er ætlað að styðja við og tryggja að fjárfestingar félagsins séu varfærnar og ábyrgar og að ákvarðanir um þær séu faglegar og samsetning eigna félagsins með þeim hætti að öryggi, gæði, seljanleiki og arðsemi þeirra sé tryggð. Undir markaðsáhættu fellur m.a. hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta og gjaldmiðlaáhætta.

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á neikvæðum áhrifum á fjárhagslega stöðu samstæðunnar vegna verðbreytinga á hlutabréfum. Öll hlutabréf samstæðunnar eru færð á gangvirði. Í árslok 2022 hefði 10% lækkun á skráðum hlutabréfum leitt til 1.494 m.kr. minni hagnaðar árinu 2022 (2021: 1.476 m.kr. minni hagnaður), 10% lækkun á óskráðum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum leitt til 387 m.kr. minni hagnaðar á árinu 2022 (2021: 352 m.kr. minni hagnaður).

Vaxtaáhætta

Stærsti hluti fjáreigna samstæðunnar er vaxtaberandi og/eða næmur fyrir breytingum á vaxtastigi. Næmigreining fyrir vaxtaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum á reikningsskiladegi.

Fylgst er með vaxtanæmi á skuldabréfasafni samstæðunnar með því að meta áætlaðar breytingar á virði eignasafnsins miðað við 100 punkta (1%) hliðrun á vaxtarferli og óbreytt álag skuldabréfa.

Hliðrun á vaxtaferli upp um 100 punkta í árslok hefði leitt til 741 millj. kr. minni hagnaðar fyrir skatta á árinu 2022 (2021: 1.146 millj. kr. minni hagnaður). Hliðrun á vaxtaferli niður um 100 punkta í árslok hefði leitt til 782 millj. kr. meiri hagnaðar fyrir skatta á á árinu 2022 (2021: 1.229 millj. kr. meiri hagnaður). Áhrifin á eigið fé yrðu þau sömu og á afkomuna.

Gjaldmiðlaáhætta

Í efnahagsreikningi félagsins eru bæði eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Gjaldmiðlaáhætta er sú áhætta að breytingar á gengi gjaldmiðila hafi óhagstæð áhrif á virði þess hluta eigna eða skulda samstæðunnar sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum.

Gjaldmiðlaáhætta samstæðunnar greinist þannig:

2022	**USD**	**EUR**	**Aðrir Gjaldmiðlar**	**Samtals**
Eignir:				
Verðbréf	1.207.105	242.933	0	1.450.038
Endurtryggingaeignir	195	159	130	484
Handbært fé	38.178	25.329	1.603	65.110
Samtals	1.245.478	268.421	1.733	1.515.632
Skuldir:				
Vátryggingaskuld	67.853	0	0	67.853
Skuldir við endurtryggjendur	244	772	25	1.041
Samtals	68.097	772	25	68.894
Fjárhagsleg staða, nettó	1.177.381	267.649	1.708	1.446.738
2021				
Eignir:				
Verðbréf	115.990	180.159	1.504	297.653
Endurtryggingaeignir	484	269	134	887
Handbært fé	5.238	41.129	1.504	47.871
Samtals	121.712	221.557	3.142	346.411
Skuldir:				
Vátryggingaskuld	69.136	0	0	69.136
Skuldir við endurtryggjendur	818	25.171	25	26.014
Samtals	69.954	25.171	25	95.150
Fjárhagsleg staða, nettó	51.758	196.386	3.117	251.261

Skýringar, frh.:

33. Markaðsáhætta, frh.:

Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta fylgir eignum sem hafa sama útgefanda. Við útreikning á gjaldþolskröfu þarf að taka tillit til þeirrar áhættu sem fylgir því að eignir safnsins séu í bréfum útgefnum af einum útgefanda. Ef stór hluti safnsins er gefinn út af einum útgefanda leiðir það til aukinnar gjaldþolskröfu. Það er því hvati til þess að dreifa eignum safnsins á fleiri útgefendur. Krafa reiknast á allar eignir yfir ákveðnu útreiknuðu viðmiði nema innistæður í bankastofnunum, ríkistryggð skuldabréf, endurtryggingaeignir og viðskiptakröfur. Skuldabréf, hlutabréf, fasteignir og eignir í dótturfélögum falla því undir eignir með samþjöppunaráhættu.

34. Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er áhætta vegna ófullnægjandi eða gallaðra kerfa, háttsemi starfsmanna eða annarra innri eða ytri þátta sem geta leitt til fjárhagslegs taps eða verulegra rekstrartruflana. Rekstraráhætta er samsett úr nokkrum þáttum, þ.e. stefnumótunaráhættu, áhættu sem skapast vegna upplýsingakerfa eða upplýsingaleka, lagalegrar áhættu og orðsporsáhættu. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar er að verjast rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír félagsins verði fyrir skaða. Þetta er gert með skilvirku stjórnskipulagi innan félagsins, skráðu verklagi, frávikaskráningum, fræðslu og þjálfun starfsmanna og öflugu innra og ytra eftirlitskerfi. Þá er félagið með vottun samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 27001 um stjórnun upplýsingaöryggis.

35. Eiginfjáráhætta

Eiginfjáráhætta er hættan á að magn og gæði eiginfjár sé ekki nægilegt til þess að mæta skuldbindingum og ófyrirséðum áföllum. Það er stefna félagsins að viðhalda sterkum eiginfjárgrunni til að stuðla að stöðugleika og fjárhagslegum styrk til að mæta kröfum vátryggingataka, eftirlitsaðila og hagsmunaaðila. Stjórn hefur sett sér þau viðmið að gjaldþolshlutfall samstæðunnar sé á bilinu 1,4 til 1,7. Gjaldþolshlutfall er reiknað í það minnsta ársfjórðungslega og eigið áhættu- og gjaldþolsmat framkvæmt að minnsta kosti árlega þar sem meðal annars er lagt mat á heildargjaldþolsþörf samstæðunnar. Nánar er fjallað um gjaldþol og gjaldþolskröfu samstæðunnar í skýringu 25.

36. Skuldbindingar

Möguleg skuldbinding vegna áskriftarloforða tengdum fjárfestingum er að hámarki 429 millj. kr. í árslok 2022.

37. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru dótturfélög, stjórnir móðurfélags og dótturfélaga, endurskoðunarnefnd, forstjóri og lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir. Félög í eigu stjórnarmanna eru einnig skilgreind sem tengdir aðilar.

Viðskipti við tengda aðila voru gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

2022	**Tekjur**	**Gjöld**	**Eignir**	**Skuldir**
Hluthafar	195.195	43.565	214	0
Tengd félög	111.701	48.040	25.818	0
Lykilstarfsmenn	3.240	2.113	1.363	0
Stjórn	104.919	57.382	24.727	0
Samtals	415.055	151.099	52.123	0

2021	**Tekjur**	**Gjöld**	**Eignir**	**Skuldir**
Hluthafar	187.744	21.799	0	202
Tengd félög	84.526	47.438	24.904	0
Lykilstarfsmenn	3.832	3.258	1.048	0
Stjórn	94.989	52.638	26.972	0
Samtals	371.091	125.133	52.924	202

Skýringar, frh.:

37. Tengdir aðilar, frh.:

Laun og hlunnindi stjórnar, forstjóra og lykilstjórnenda samstæðunnar greinast þannig:

	2022		2021	
	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð
Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður	9.712	1.117	9.320	1.072
Hildur Árnadóttir, stjórnarmaður	6.773	779	5.985	688
Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarmaður	7.806	898	6.590	758
Ingi Jóhann Guðmundsson, stjórnarmaður	4.946	569	4.750	546
Ingunn Agnes Kro, stjórnarmaður	4.946	569	4.750	546
Erna Gísladóttir, varamaður	415	48	398	46
Garðar Gíslasvon, varamaður	701	81	0	0
Hermann Björnsson, forstjóri	55.014	13.120	55.407	13.218
Fjórir framkvæmdastjórar	139.085	27.762	159.984	22.300

Í árslok 2022 áttu forstjóri og framkvæmdastjórar félagsins 1.506 þús. hluti í félaginu og hlutafé í Sjóvá í eigu stjórnarmanna og tengdra félaga voru 184.370 þús. hlutir.

38. Dótturfélög í samstæðu

	Hlutur 2022	Hlutur 2021
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	100%	100%
Sjóvá Forvarnahúsið ehf.	100%	100%

39. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2022	2021
Tjónahlutfall	75,9%	69,1%
Endurtryggingahlutfall	1,8%	2,7%
Kostnaðarhlutfall	18,1%	19,1%
Samsett hlutfall	95,8%	90,9%
Rekstrarhlutfall	92,9%	89,6%
Eigið tjónahlutfall	77,2%	71,1%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	13,8%	45,3%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	11,9%	41,9%
Lágmarksfjármagnshlutfall eftir áætlaðan arð	3,49	4,07
Gjaldþolshlutfall fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup	1,56	1,71
Gjaldþolshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup	1,41	1,41

40. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi uppgjörsdags. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Rekstrarkostnaður og sala í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og skuldabréfum. Viðskiptakröfur, aðrar kröfur og handbært fé teljast sem fjáreignir. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir teljast fjárskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiður færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna þeirra rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Kröfur eru færðar þann dag sem þær verða til. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

(ii) Verðbréf

Verðbréf eru í efnahagsreikningi flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hafi þau verið þannig við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iii) Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru fjáreignir, aðallega vegna tryggingasamninga, sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðar á opinberum markaði.

40. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:
c. Fjármálagerningar, frh.:

(iv) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum innstæðum hjá fjármálastofnunum og auðseljanlegum fjáreignum sem eru á gjalddaga innan þriggja mánaða frá kaupdegi, auðveldlega er hægt að umbreyta í reiðufé og hætta á verðbreytingum er óveruleg.

(v) Afskrifað kostnaðarverð

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæðin sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum afborgunum höfuðstóls og að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afföllum eða yfirverði sem fundið er með aðferð virkra vaxta á mismun upphaflegs verðs og uppgreiðsluverðmætis, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

(vi) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignir og greiða skuldir samtímis. Engum fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman í efnahagsreikningi.

(vii) Mat á gangvirði

Gangvirði er verð á eign eða skuld í venjubundnum viðskiptum á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði það verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi.

Samstæðan metur gangvirði fjármálagerninga samkvæmt markaðsverði á virkum markaði fyrir fjármálagerninginn, sé hann fyrir hendi. Markaður er talinn virkur ef reglulega er fyrir hendi skráð markaðsvirði sem endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti milli ótengdra aðila. Gangvirði fjáreignar sem tilgreind er á gangvirði gegnum rekstrarreikning er ákvarðað á grundvelli viðeigandi markaðsvirðis í lok viðskiptadags ef það er fyrir hendi, en það er venjulega síðasta skráða viðskiptaverðið.

Ef markaður fyrir fjármálagerning er ekki virkur metur samstæðan gangvirðið á grundvelli matsaðferða, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjármálagerninga og núvirt sjóðsflæði. Sú matsaðferð sem notuð er hámarkar notkun markaðsupplýsinga en takmarkar eins og hægt er forsendur sem ekki byggjast á markaðsupplýsingum. Matið byggir einnig á öllum þeim þáttum sem markaðsaðilar taka tillit til við verðákvarðanir og er í samræmi við viðurkenndar verðmatsaðferðir fyrir fjármálagerninga. Breytur í matsaðferðum endurspegla á áreiðanlegan hátt væntingar á mörkuðum og mat á þeim áhættuþáttum sem fjármálagerningurinn felur í sér.

(viii) Virðisrýrnun fjáreigna

Fjáreignir sem ekki eru metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu eignarinnar benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið. Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnunin var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun viðskiptavildar er þó ekki bakfærð.

40. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Innifalinn er kostnaður sem rekja má beint til kaupa á eigninni.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	25 - 50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	3 - 7 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

e. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur samstæðan mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef hann felur í sér rétt til yfirráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar samstæðan endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur samstæðan hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguhluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og að frádregnum leiguílvilnunum sem samstæðan hefur fengið.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til samstæðunnar í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að samstæðan muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ávarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni samstæðunnar. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýrnun hennar, ef einhver er, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota vexti sem eru ígildi lántökuvaxta samstæðunnar á samningsdegi.

Samstæðan ákvarðar vexti af nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tilteknar aðlaganir til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum.

f. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild myndaðist við kaup á dótturfélagi.

Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metin á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Virðispróf er framkvæmt árlega eða oftar ef atburðir eða breytingar gefa til kynna virðisrýrnun á bókfærðu verði viðskiptavildar. Viðskiptavildinni er ráðstafað á yfirtökudegi til allra sjóðskapandi eininga samstæðunnar sem ætlað er að njóti samlegðar af sameiningunni óháð því hvort öðrum eignum eða skuldum hefur verið ráðstafað til þessara eininga. Hver eining sem viðskiptavild er ráðstafað til endurspeglar minnstu einingu innan samstæðunnar þar sem fylgst er með viðskiptavildinni sem hluta af innri stjórnun.

40. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

f. Óefnislegar eignir, frh.:

(ii) Hugbúnaður

Hugbúnaður er eignfærður á kostnaðarverði búnaðarins ásamt kostnaði við að koma honum í notkun. Hugbúnaður er afskrifaður miðað við áætlaðan nýtingartíma hans, sem eru 2-5 ár, undir liðnum rekstrarkostnaður.

Viðhaldskostnaður vegna hugbúnaðar er færður undir liðinn rekstrarkostnað þegar hann fellur til.

(iii) Virðisrýrnun eigna sem ekki teljast fjáreignir

Eignir sem hafa ótilgreindan nýtingartíma eru ekki afskrifaðar en fara árlega í virðisþróf. Hvenær sem atburðir eða breyttar aðstæður valda því að vísbendingar eru um að bókfært verð sé ekki enduheimtanlegt fara þær í gegnum mat á virðisrýrnun. Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Til þess að meta virðisrýrnun er eignum skipt niður í minnstu aðgreinanlegu hópa eigna sem mynda aðgreinanlegt sjóðstreymi. Eignir sem ekki teljast fjáreignir, aðrar en viðskiptavild, eru metnar á hverjum uppgjörsdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnun hafi minnkað eða horfið.

g. Vátryggingasamningar

Samstæðan gefur út samninga sem flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

(i) Skilgreining tryggingasamninga

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhætta er öll áhætta, önnur en fjárhagsleg áhætta, sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, svo sem vegna eignatjóns, slyss, sjúkdóms eða andláts.

(ii) Vátryggingasamningar - flokkun

Tryggingasamningar samstæðunnar greinast í skaðatryggingar og líftryggingar.

Skaðatryggingar

Tryggingasamningar í þessum flokkir eru ábyrgðatryggingar, slysatryggingar og eignatryggingar.

Ábyrgða- og slysatryggingasamningar bæta tjón sem hinn vátryggði veldur þriðja aðila vegna afleiðinga lögmætra aðgerða hans og bætir einnig hinum vátryggða það tjón sem hann verður fyrir í samræmi við skilmála tryggingasamningsins.

Eignatryggingar greiða aðallega bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig fengið bætur vegna framlegðartaps ef tjón eigna veldur því að eignirnar nýtast ekki í rekstri.

Líftryggingar

Þessir vátryggingasamningar taka til andláts eða ákveðinna sjúkdóma.

Iðgjöld eru færð til tekna línulega á vátryggingatímabili og bótagreiðslur eru færðar til gjalda á því tímabili sem hinn tryggði atburður á sér stað.

(iii) Fjárfestingar þar sem fjárfestingaráhætta er borin af líftryggingataka

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu samstæðunnar sem vátryggingatakar í söfnunarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaráhættu af samkvæmt skilmálum söfnunarlíftrygginga. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka er skuldbinding samstæðunnar gagnvart umræddum líftryggingatökum að sömu fjárhæð.

40. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

g. Vátryggingasamningar, frh.:

(iv) Tjónaskuld

Samstæðan metur á uppgjörsdegi hvort skráð tjónaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar samstæðunnar með því að meta framtíðarfjárflæði tjónaskuldarinnar. Allar breytingar á tjónaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi (sjá skýringu 9). Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

(v) Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir til að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættu umfram umsamda fjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtryggingа er hlutdeild endurtryggjenda í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem færð eru í rekstrarreikning við endurnýjun samninganna (sjá skýringar 7 og 9).

h. Eigið fé

(i) Hlutafé

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé.

(ii) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær eru samþykktar af hluthöfum á aðalfundi.

i. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar talið er að samstæðan beri lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

j. Tekjur og gjöld af vátryggingastarfsemi

(i) Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári, en að frádregnum iðgjöldum næsta árs, sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næsta reikningsári.

(ii) Umboðslaun

Umboðslaun í rekstrarreikningi er þóknun frá endurtryggjendum.

(iii) Tjón

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynntra óuppgerðra tjóna, auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

k. Tekjur og gjöld af fjárfestingum

(i) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi innifela vexti af fjáreignum og fjárskuldum sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta og vexti af handbæru fé.

40. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

k. Tekjur og gjöld af fjárfestingum, frh.:

(ii) Gangvirðisbreytingar fjáreigna

Gangvirðisbreytingar fjárfestinga í verðbréfum samanstanda af breytingum á gangvirði þeirra.

(iii) Gengismunur

Gengismunur samanstendur af breytingum eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Nettó gengismunur er færður í rekstrarreikning með fjármunatekjum.

l. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, markaðskostnaði, upplýsingatæknikostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis, afskriftum rekstrarfjármuna og öðrum kostnaði.

m. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna upphaflegrar skráningar eigna eða skulda sem hafa ekki áhrif á reikningshaldslega eða skattalega afkomu.

Frestaður tekjuskattur er metinn með því skatthlutfalli sem búist er við að verði lagt á tímabundna mismuni þegar þeir snúast við, byggt á lögum sem öðlast hafa gildi með formlegum hætti eða í reynd á uppgjörsdegi. Skatteign og tekjuskattskuldbindingu er jafnað saman þegar til staðar er lagalegur réttur til að jafna saman tekjuskattsskuld og skatteign og þegar skattarnir munu verða lagðir á af sömu skattyfirvöldum á sama fyrirtæki, eða á fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

n. Hagnaður á hlut

Samstæðan birtir í ársreikningnum grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og grunnhagnaður á hlut þar sem samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða breytanlega lánasamninga.

o. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar.

p. Nýir staðlar og breytingar á stöðlum

Við gerð ársreikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var árið 2021. Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2022, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana (IFRIC) hefur ekki veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Nýir staðlar sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi í árslok 2022 hefur ekki verið beitt við gerð þessara reikningsskila.

40. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

p. Nýir staðlar og breytingar á stöðlum, frh.:

(i) IFRS 17 um vátryggingarsamninga

Í maí 2017 gaf Alþjóðlega reikningsskilaráðið (IASB) út IFRS 17 um vátryggingasamninga en um er að ræða heildar endurskoðun á reikningsskilaaðferðum félaga sem gefa út vátryggingasamninga. Staðallinn tók gildi þann 1. janúar 2023 og tekur við af IFRS 4 um vátryggingasamninga.

IFRS 17 tilgreinir hvernig félag skráir, metur, birtir og skýrir frá vátryggingasamningum þar sem útgefandinn tekur á sig verulega vátryggingaáhættu með því að samþykkja að bæta vátryggingataka tjón og vátryggingasamningum með fjárfestingaráhættu vátryggingartaka. Staðallinn tekur einnig á endurtryggingarsamningum, en endurtryggingarsamningar samstæðunnar eru eingöngu gerðir til að draga úr eigin áhættu samstæðunnar.

Samstæðan mun beita afturvirkri innleiðingu þar sem samanburðarfjárhæðum verður breytt til samræmis við IFRS 17. Samstæðan er langt komin við að leggja mat á áhrif IFRS 17 á ársreikning samstæðunnar en ekki er búist við verulegum áhrifum á rekstrarafkomu af vátryggingastarfsemi né á eigið fé við innleiðingu staðalsins.

Meginbreyting á framsetningu samkvæmt IFRS 17 miðað við IFRS 4
Framsetning á rekstrarreikningi og efnahagsreikningi samstæðunnar mun taka umtalsverðum breytingum. Mestu breytingarnar eru lækkun viðskiptakrafna á móti lækkun á iðgjaldaskuld. Eins munu skýringar sem fylgja samstæðuársreikningi breytast verulega til samræmis við nýjan reikningsskilastaðal.

Vátryggingaskuld samstæðunnar var áður skipt í tjónaskuld og iðgjaldaskuld. Samkvæmt IFRS 17 verður vátryggingaskuld skipt í skuldbindingu vegna vátryggingasamninga sem tilheyra síðari tímabilum (e. Liability for remaining coverage (LRC)) og skuldbindingu vegna orðinna tjóna (e. Liability for incurred claims (LIC))

Skuldbinding vegna vátryggingasamninga sem tilheyrir síðari tímabilum samanstendur af mótteknum iðgjöldum að frádregnum fjárhæðum sem færðar eru sem tekjur vegna veittrar vátryggingarverndar ásamt frestuðum kostnaði við öflun samninga.

Ekki er búist við verulegri breytingu á skuldbindingu vegna orðinna tjóna.

Helstu breytingar á rekstrarreikningi verða:
- Í stað iðgjalda ársins verða sýndar tekjur af vátryggingasamningum. Vildarafsláttur mun framvegis falla undir rekstrarkostnað af vátryggingarstarfsemi en verður ekki færður til lækkunar á tekjum eins og undanfarin ár
- Kostnaður af vátryggingarsamningum verður sýndur sérstaklega, en hann felur í sér kostnað vegna tjóna ársins sem og annan rekstrarkostnað af vátryggingarstarfsemi.
- Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum og tjónum ársins verður héðan í frá sýndur sem afkoma af endurtryggingarsamningum.

Liðirnir hér að ofan munu því sýna afkomu samstæðunnar af vátryggingum.

Mat vátryggingasamninga
Staðallinn felur í sér þrjár aðferðir við mat vátryggingasamninga, almenna líkanið (e. Genaral measurement model (GMM)), sérstaka aðlögun sem er gerð að vátryggingasamningum með fjárfestingaráhættu vátryggingataka (e. Variable fee approach (VFA)) og einfaldaðri úthlutunaraðferð (e. Premium allocation approach (PAA)).

40. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

p. Nýir staðlar og breytingar á stöðlum, frh.:

(i) IFRS 17 um vátryggingarsamninga, frh

Hægt er að beita einfaldaðri úthlutunaraðferð vegna iðgjalda af safni samninga þar sem tryggingavernd spannar minna en 12 mánuði eða þegar líklegt er að aðferðin leiði til niðurstöðu sem er ekki verulega frábrugðin almenna líkaninu í samræmi við IFRS 17. Vátrygginga- og endurtryggingasamningar samstæðunnar falla allir undir einfaldaða úthlutunaraðferð. Allir vátryggingasamningar samstæðunnar eru 12 mánaða eða styttri ef frá er talinn einn endurtryggingasamningur. Samstæðan mun beita einfaldaðri úthlutunaraðferð á alla samninga.

Einfölduð úthlutunaraðferð byggir á því að skuldbinding vegna orðinna tjóna er reiknuð sem besta mat á framtíðarsjóðsflæði vegna orðinna tjóna til viðbótar við öryggisálag vegna ófjárhagslegrar áhættu. Skuldbindingin felur í sér skyldu samstæðunnar til greiðslu áfallinna tjóna þriðja aðila.

Skuldbinding vegna vátryggingarsamninga sem tilheyra síðari tímabilum samanstendur af:
- Mótteknum iðgjöldum að frádregnum fjárhæðum sem færðar eru sem tekjur vegna þegar veittrar vátryggingarverndar ásamt frestuðum kostnaði við öflun samninga.
- Skuldbindingum vegna íþyngjandi samninga (e. Loss Component).

Tekjur eru færðar í samræmi við vænt móttekin iðgjöld tímabilsins. Samstæðan tekjufærir iðgjöld línulega á tímabilinu sem vátryggingarvernd nær til. Ef vátryggingaráhætta ákveðinna samninga er verulega frábrugðin línulegri þróun eru tekjur færðar til samræmis við sveiflur í vátryggingaráhættu. Samstæðan breytir tekjufærslu byggt á þessum tveimur aðferðum eins og þörf krefur. Breyting á mati er færð framvirkt sem breyting á reikningshaldslegu mati.

Samstæðan hefur eignfært kostnað við öflun líftryggingasamninga og gjaldfærir hann á væntum líftíma samninganna. Kostnaður við öflun vátryggingasamninga tilheyrir nú skuldbindingu vegna vátryggingasamninga síðari tímabila. Annar kostnaður við öflun samninga er gjaldfærður þegar hann fellur til.

Flokkun samninga

Við framsetningu efnahagsreiknings mun samstæðan flokka vátryggingasamninga og endurtryggingasamninga og setja fram á eftirfarandi hátt:
- Safn vátryggingasamninga og endurtryggingasamninga sem eru eignir.
- Safn vátryggingasamninga og endurtryggingasamninga sem eru skuldir.

Söfnin sem vísað er til hér að ofan eru ákvörðuð við upphaflega skráningu vátryggingasamninga í samræmi við ákvæði IFRS 17. Fyrir líftryggingasamninga inniheldur skuldbindingin einnig eignfærðan kostnað við öflun samninga.

Samstæðan hefur lagt mat á hvernig flokka ber söfn vátryggingasamninga samstæðunnar í söfn og hópa og mun í ársreikningi 2023 beita reikningsskilaaðferðum í samræmi við IFRS 17 líkt og staðallinn hafi ávallt verið í gildi. Vátryggingasamningum er skipt í söfn samninga sem bera sambærilega áhættu og er stýrt saman. Hverju safni er skipt í hópa byggt á væntum hagnaði samstæðunnar af viðkomandi samningum, en flokkunin er gerð í upphafi samningstíma þegar vátryggingaráhætta flyst frá viðskiptavinum til samstæðunnar. Þessi ítarlega flokkun sem byggir á væntum hagnaði er því: íþyngjandi samningar, samningar sem ekki er talið að miklar líkur séu á að verði íþyngjandi og aðrir samningar.

Samstæðan færir til gjalda tap við upphaflega skráningu íþyngjandi samninga eða þegar nýir íþyngjandi samningar koma í ljós á síðari stigum.

40. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

p. Nýir staðlar og breytingar á stöðlum, frh.:

(i) IFRS 17 um vátryggingarsamninga, frh.:

Mat á vátryggingasamningum á uppgjörsdegi

Samstæðan metur á uppgjörsdegi hvort skuldbinding vegna orðinna tjóna sé nægjanleg með því að meta vænt framtíðarfjárflæði tjónaskuldarinnar. Mat samstæðunnar innifelur á óhlutdrægan hátt allar upplýsingar sem samstæðan hefur aðgang að eða getur aflað án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar um tímasetningu og óvissu um framtíðarfjárflæði vátryggingasamninga. Matið felur í sér besta mat samstæðunnar á reikningsskiladegi aðlagað fyrir innri kostnaði, núvirðingu, verðtryggingu sem og framtíðarkostnaði vegna uppgjörs tjóna. Aðferðin er sú sama og er nú beitt samkvæmt lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.

Samstæðan skal ennfremur leggja við besta mat skuldbindinga, vegna orðinna tjóna (LIC), sem nemur öryggisálagi (e. Risk Adjustment) vegna þeirrar óvissu sem matið felur í sér. Þessari viðbót er ætlað að færa besta matið innan æskilegs öryggisbils sem birtist í skýringum IFRS17. Er þetta öryggisálag annað en það áhættuálag (e. Risk Margin) sem lög nr. 100/2016 og framseld reglugerð (EU) 2015/35 segja til um en þó að svipaðri stærðargráðu. Er hér notast við fé í húfi aðferð (e. value-at-risk, VaR) þar sem lagt er mat á fé í húfi í lok líftíma skuldbindinga.

Gerð var greining á því hvaða núvirðingarstuðul best væri að miða við þegar tjónaskuld er reiknuð. Í því tilliti var helst horft til vaxtakúrfu sem evrópska vátrygginga og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (e. EIOPA) gefur út sem og ávöxtunarkröfu ríkisbréfa. Vaxtakúrfan frá EIOPA byggir á vaxtakúrfum ríkisbréfa á Íslandi. Samstæðan hefur metið að meira viðeigandi sé því að miða við vaxtakúrfu EIOPA frekar en ávöxtunarkröfu ríkisbréfa við núvirðingu tjónaskuldar enda hefur ítarleg greining og rýni farið fram á kúrfum EIOPA áður en þær eru birtar.

Innri kostnaður og framtíðarkostnaður við uppgjör tjóna byggir á reynslu samstæðunnar og óvissu sem er um fjárhæðir og uppgjörstíma þeirra. Ekki er búist við að aðferðin verði frábrugðin þeirri sem samstæðan beitir nú þegar.

(ii) IFRS 9 um fjármálagerninga

IFRS 9 tók við af IAS 39 fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2018. Samstæðan nýtti undanþáguákvæði IFRS 4 sem heimilaði innleiðingu IFRS 9 samtímis innleiðingu IFRS 17.

Samstæðan mun beita afturvirkri innleiðingu þar sem samanburðarfjárhæðum verður breytt til samræmis við IFRS 9.

IFRS 9 inniheldur kröfur um skráningu og mat á fjáreignum og fjárskuldum. Staðallinn kemur í stað IAS 39 um fjármálagerninga. Kröfur IFRS 9 fela í sér talsverðar breytingar frá IAS 39, þar sem flokkun fjáreigna samkvæmt IFRS 9 byggist almennt á því eftir hvaða viðskiptalíkani fjáreign er stýrt og einkennum samningsbundins fjárflæðis frá fjáreigninni. IFRS 9 inniheldur þrjá meginmatsflokka fyrir fjáreignir, fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði, á gangvirði gegnum aðra heildarafkomu og á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Samkvæmt IAS 39 voru verðbréf tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning en samkvæmt IFRS 9 er skylt að flokka þau á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Samkvæmt viðskiptalíkani samstæðunnar er verðbréfunum stýrt á gangvirðisgrundvelli og breytist mat og flokkun verðbréfa því ekki við innleiðingu IFRS 9. Aðrar fjáreignir og skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði líkt og samkvæmt IAS 39. Mat og flokkun á þeim fjáreignum og skuldum er því óbreytt hjá samstæðunni við innleiðingu á IFRS 9.

Samstæðan er langt komin við að leggja mat á áhrif IFRS 9 en í kjölfar innleiðingar IFRS 17 munu viðskiptakröfur samstæðunnar lækka verulega á móti skuldbindingu vegna vátryggingasamninga.

Viðauki við skýringu 26 (óendurskoðað)

Þróun tjónaskuldar

Þróun tjónaskuldar samstæðunnar í skaðatryggingum síðustu tíu ára og staða þeirra í árslok 2022 er sýnd hér á eftir.

Til viðbótar við framtíðarspár er þróun vátryggingaskuldar mælikvarði á getu samstæðunnar til að ákvarða endanlega tjónafjárhæð. Í fyrri töflunni (þríhyrningnum) kemur fram hvernig heildarfjárhæð tjóna hefur þróast síðustu ár. Þá koma fram uppsafnaðar tjónagreiðslur og staða tjónaskuldar í árslok 2022. Í neðri töflu (tjón í eigin hlut) hefur hlutdeild endurtryggjenda verið dregin frá tjónagreiðslum sem og þeirra hluti í tjónaáætlunum.

Árin 2015 - 2022 eru reiknuð miðað við Solvency II þar sem tjónaskuldin er reiknuð sem besta mat og núvirt en eldri ár eru úr fyrri ársreikningum.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
Heildarfjárhæðir (millj. kr.)											
Mat á endanlegum tjónakostnaði:											
- í lok tjónsárs	8.690	8.757	10.784	10.446	11.227	13.270	13.915	14.212	15.811	19.418	
- einu ári síðar	8.408	9.412	11.319	10.231	11.013	13.464	14.346	14.346	15.655		
- tveimur árum síðar	8.713	9.500	11.710	10.818	11.669	13.204	14.073	13.961			
- þremur árum síðar	8.955	9.695	11.862	10.793	11.521	13.110	14.272				
- fjórum árum síðar	8.859	9.435	11.829	11.059	11.594	12.927					
- fimm árum síðar	8.825	9.379	11.896	11.000	11.633						
- sex árum síðar	8.762	9.389	11.831	10.954							
- sjö árum síðar	8.814	9.349	11.856								
- átta árum síðar	8.792	9.368									
- níu árum síðar	8.826										
Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2022	8.826	9.368	11.856	10.954	11.633	12.927	14.272	13.961	15.655	19.418	
Uppsafnaðar tjónagreiðslur í árslok 2022	(8.762)	(9.285)	(11.708)	(10.660)	(11.203)	(12.187)	(12.710)	(10.633)	(8.851)	(8.041)	
Tjónaskuld samtals	64	83	147	294	430	740	1.562	3.328	6.805	11.376	24.830

Tjónaskuld vegna eldri ára	128
Bótaskuld vegna líftrygginga	922
Áhættuálag	1.149
Tjónaskuld alls í árslok 2022	27.029

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
Tjón, eigin hlutur (millj. kr.)											
Mat á uppsöfnuðum tjónum í eigin hlut í árslok 2022	8.730	9.247	11.268	10.942	11.523	12.086	14.021	13.817	15.478	19.074	
Uppsafnaðar tjónagreiðslur í eigin hlut í árslok 2022	(8.666)	(9.164)	(11.126)	(10.648)	(11.171)	(11.442)	(12.551)	(10.491)	(8.731)	(8.041)	
Tjónaskuld í eigin hlut samtals	64	83	141	294	352	644	1.470	3.327	6.748	11.033	24.155

Tjónaskuld vegna eldri ára	128
Bótaskuld vegna líftrygginga	696
Áhættuálag	1.149
Tjónaskuld alls í árslok 2022, í eigin hlut	26.130

Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað)

Vátryggingastarfsemi	4F 2022	3F 2022	2F 2022	1F 2022	Samtals 2022	4F 2021	3F 2021	2F 2021	1F 2021	Samtals 2021
Iðgjöld tímabilsins	7.063.542	7.060.158	6.084.570	6.324.481	26.532.751	6.295.406	6.279.188	5.815.149	5.562.884	23.952.628
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	(334.985)	(383.544)	(339.577)	(306.081)	(1.364.187)	(272.824)	(215.174)	(251.199)	(285.661)	(1.024.858)
Eigin iðgjöld	6.728.557	6.676.614	5.744.993	6.018.400	25.168.564	6.022.582	6.064.014	5.563.950	5.277.224	22.927.769
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri	174.776	192.581	165.618	141.775	674.749	69.032	62.984	49.348	41.344	222.708
Aðrar tekjur	93.457	36.543	98.934	71.488	300.422	83.332	28.587	83.191	46.488	241.599
Heildartekjur af vátryggingarekstri	6.996.789	6.905.738	6.009.545	6.231.664	26.143.735	6.174.946	6.155.585	5.696.489	5.365.055	23.392.076
Tjón tímabilsins	(4.890.577)	(5.742.779)	(4.878.107)	(4.625.192)	(20.136.654)	(4.254.057)	(4.458.062)	(4.050.722)	(3.793.122)	(16.555.963)
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	82.208	388.962	214.977	27.096	713.243	135.972	3.836	41.016	68.237	249.061
Eigin tjón	(4.808.368)	(5.353.817)	(4.663.130)	(4.598.096)	(19.423.411)	(4.118.085)	(4.454.226)	(4.009.706)	(3.724.885)	(16.306.902)
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	(1.335.176)	(1.073.687)	(1.209.368)	(1.172.538)	(4.790.769)	(1.414.077)	(971.822)	(1.097.907)	(1.083.940)	(4.567.745)
Heildargjöld af vátryggingarekstri	(6.143.544)	(6.427.504)	(5.872.498)	(5.770.634)	(24.214.180)	(5.532.162)	(5.426.047)	(5.107.613)	(4.808.825)	(20.874.647)
Hagnaður af vátryggingarekstri	853.245	478.234	137.047	461.030	1.929.555	642.784	729.538	588.876	556.231	2.517.429
Fjárfestingastarfsemi										
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi	1.005.992	10.127	(261.236)	765.344	1.520.228	1.848.344	1.889.309	2.713.601	1.710.226	8.161.479
Tæknil. vaxta- og gengisbr. vátryggingask.	13.117	(65.712)	37.894	157.308	142.607	(24.993)	(17.462)	106.038	35.496	99.080
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(100.475)	(107.354)	(104.773)	(118.296)	(430.898)	(125.718)	(107.935)	(103.310)	(93.721)	(430.685)
Hagnaður (tap) af fjárfestingastarfsemi	918.634	(162.938)	(328.115)	804.356	1.231.937	1.697.633	1.763.912	2.716.329	1.652.001	7.829.874
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	1.771.879	315.296	(191.068)	1.265.386	3.161.491	2.340.417	2.493.450	3.305.205	2.208.231	10.347.303
Tekjuskattur	(205.019)	(60.214)	38.169	(211.255)	(438.319)	(143.489)	(299.499)	(191.703)	(143.004)	(777.695)
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins	1.566.859	255.082	(152.899)	1.054.131	2.723.172	2.196.927	2.193.951	3.113.502	2.065.227	9.569.608
Tjónahlutfall	69,2%	81,3%	80,2%	73,1%	75,9%	67,6%	71,0%	69,7%	68,2%	69,1%
Endurtryggingahlutfall	2,7%	(0,1%)	1,0%	3,9%	1,8%	1,3%	3,4%	2,7%	3,7%	2,7%
Kostnaðarhlutfall	18,9%	15,2%	19,9%	18,5%	18,1%	22,5%	15,5%	18,9%	19,5%	19,1%
Samsett hlutfall	**90,9%**	**96,4%**	**101,0%**	**95,5%**	**95,8%**	**91,4%**	**89,9%**	**91,2%**	**91,4%**	**90,9%**
Rekstrarhlutfall	88,3%	93,4%	97,8%	92,9%	92,9%	90,3%	88,6%	90,0%	90,1%	89,6%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	30,9%	5,7%	(3,4%)	22,4%	13,8%	41,0%	42,9%	59,3%	42,1%	45,3%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	27,3%	4,6%	(2,8%)	18,7%	11,9%	38,5%	37,8%	55,8%	39,4%	41,9%
Hagnaður (tap) á hlut	1,32	0,22	(0,13)	0,87	2,28	1,73	1,68	2,37	1,56	7,34
Niðurstaða endurtrygginga	(192.739)	8.971	(57.943)	(247.178)	(488.889)	(84.273)	(212.730)	(155.923)	(205.456)	(658.383)
Vátryggingaskuld	37.866.181	39.155.670	38.099.054	37.568.688	37.866.181	33.341.268	34.637.626	34.312.486	33.552.843	33.341.268
Heildareignir	68.569.644	68.081.786	67.758.048	68.992.033	68.569.644	67.856.411	69.842.338	67.501.849	63.998.688	67.856.411
Eigið fé	21.507.047	19.940.096	19.994.393	20.847.699	21.507.047	24.338.788	25.106.094	23.256.449	20.584.609	24.338.788
Gjaldþolshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu	1,41	1,54	1,53	1,52	1,41	1,41	1,68	1,79	1,70	1,41
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,49	3,66	3,72	3,91	3,49	4,07	4,78	4,47	4,46	4,07

Stjórnarháttayfirlýsing 2022
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er vátryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995[1], lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016[2] og lögum um vátryggingasamstæður nr. 60/2017[3].

Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/2019[4] eru vátryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006[5].

Sjóvá samstæðan starfar á vátryggingamarkaði og er alhliða vátryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Samkvæmt útgefnum ársreikningum var hlutdeild Sjóvár miðað við iðgjöld ársins hjá íslenskum vátryggingafélögum í árslok 2021 um 31% í skaðatryggingum og um 36% í líf- og heilsutryggingum. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins.

Starfsemi Sjóvár er fjölbreytt og þjónustan yfirgripsmikil en félagið býður tryggingavernd á öllum sviðum hér á landi. Um 8.600 fyrirtæki og um 82.100 einstaklingar voru í viðskiptum í lok árs 2022. Í árslok 2022 störfuðu 192 starfsmenn hjá Sjóvá í 185 stöðugildum. Sjóvá rekur 11 útibú um landið auk höfuðstöðva í Reykjavík. Þá hefur félagið á að skipa þéttu neti umboðs- og þjónustuaðila víðs vegar um landið og leggur kapp á að þjónusta félagsins sé öllum aðgengileg.

Sjóvá hefur verið skráð félag á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland síðan 11. apríl 2014 og því gilda um starfsemina lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021[6] og lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021[7] og reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um vátryggingastarfsemi, reglugerð um gildistöku reglugerða ESB um vátryggingastarfsemi og vátryggingasamstæður nr. 940/2018[8] og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem tóku gildi í júlí 2021[9] og gefin eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn félagsins endurnýjaði síðast starfsreglur sínar þann 5. maí 2022 og eru þær aðgengilegar á sjova.is.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um vátryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með vátryggingastarfsemi.

Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta félagsins og sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð áhættustýringar. Áhættustefnan tekur til allra áhættuþátta sem krafist er í lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um vátryggingastarfsemi. Stefnan var síðast endurnýjuð 7. desember 2022.

Stjórnkerfi og skipulag félagsins eru skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvár á eigin starfsemi er í samræmi við þrjár varnarlínur innra eftirlits. Tekið hefur verið saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit, áhættukort (e. Assurance map) sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innri eftirlitsþáttum og gerir mögulegt að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, eigið áhættu- og gjaldþolsmat sem framkvæmt er að lágmarki árlega, árleg skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og reglubundnar

[1] www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html
[2] www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html
[3] www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html
[4] www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html
[5] www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html
[6] www.althingi.is/lagas/nuna/2021060.html
[7] www.althingi.is/lagas/nuna/2021020.html
[8] https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/940-2018
[9] http://leidbeiningar.is/

skýrslur til eftirlitsaðila sem og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni. Þær auðvelda félaginu einnig að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórn fundar hið minnsta mánaðarlega með áhættu- og öryggisnefnd, ársfjórðungslega er farið yfir stærstu áhættur og einstakir framkvæmdastjórar eiga að lágmarki árlegan fund með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttað og meta hvort það sé fullnægjandi.

Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega vátryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Auk þessa tekur tryggingastærðfræðingur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni starfssviðsins, niðurstöður þeirra ásamt ábendingum.

Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum sem staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins og var vottunin endurnýjuð í maí 2022.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2018 fyrir rekstrarárin 2018-2022. Innri endurskoðun er útvistað til Ernst & Young ehf.

Hlutverk, framtíðarsýn og vegvísar

Á árinu 2022 var áfram unnið að settum markmiðum og unnið að því að endurnýja stefnumótun og markmið félagsins til framtíðar. Þau byggja ofan á stefnu sem mörkuð var árið 2013 og á skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísum Sjóvár sem starfsfólk hefur að leiðarljósi í starfi sínu. Hlutverk Sjóvár er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Vegvísarnir eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Verum á undan
- Höfum það einfalt
- Segjum það eins og það er
- Verum til staðar

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Stjórn Sjóvár samþykkti starfsreglur sínar síðast 5. maí 2022. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda stjórnar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og samþykktir og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið þess náist.

Stjórn hélt sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðveru starfsfólks félagsins. Mat stjórnar á eigin störfum á árinu 2022 fór fram í janúar 2023. Stjórn lagði mat á stærð, samsetningu, verklag og starfshætti stjórnar. Starf stjórnarinnar byggir á fyrirfram samþykktri starfsáætlun og mat stjórnin upplýsingagjöf til stjórnarinnar og aðgengi hennar að gögnum gott. Stjórnin lagði mat á störf undirnefnda stjórnar og frammistöðu forstjóra og stjórnarformanns. Einnig var lagt mat á þróun félagsins og niðurstaðan sú að hún væri í samræmi við langtímamarkmið stjórnar og stjórnenda.

Stefna samstæðunnar um samfélagslega ábyrgð er sem hér segir:

> „Við hjá Sjóvá viljum starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Með því að samþætta sjálfbærni og samfélagslega ábyrga starfsemi stuðlum við að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélag, viðskiptavini, starfsfólk og hluthafa.
>
> Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda.
>
> Sjóvá leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að þjónustan sé aðgengileg og í takt við þarfir og vilja viðskiptavina. Starfsánægja er mikilvæg forsenda ánægðra viðskiptavina. Félagið vill með góðum starfsaðstæðum tryggja að það sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Félagið hefur um árabil unnið markvisst að jafnréttismálum og lagt mikið upp úr því að vera í fararbroddi í málaflokknum. Stefna í jafnréttismálum byggir á mannréttindastefnu félagsins. Félagið hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum. Félagslegar áherslur miða að því að tryggja jöfn laun og tækifæri starfsfólks og fjölbreytni í samsetningu stjórnar, stjórnenda og starfsfólks. Á hverju ári eru skilgreindar markvissar aðgerðir sem byggja á

mannréttindastefnu félagsins. Sjóvá leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og að þjónustan sé aðgengileg og í takt við þarfir og vilja viðskiptavina.

Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Leitast er við að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til félagsins sem er eftirlitsskyldur aðili og skráður í kauphöll. Sjóvá hefur skýra stefnu um að vinna gegn hvers konar spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningaþvætti í öllum viðskiptum félagsins.

Hagsældaráherslur Sjóvár snúa að hlutverki félagsins sem þjónustufyrirtækis í fremstu röð og trausts vinnuveitanda með heilbrigðan rekstur. Nýsköpun og sífelld þróun vöru og þjónustu Sjóvár stuðla að hagsæld og árangri félagsins. Sjóvá styður við samfélagið og félagslega grósku með forvarnastarfi, styrkjum og markvissu samstarfi.“

Sjóvá hefur verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014.

Sjóvá vinnur stöðugt að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur megináhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helmings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Hjá Sjóvá hefur um árabil verið lögð mikil áhersla á að vinna með viðskiptavinum að forvörnum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Á árinu 2022 var haldinn morgunfundur fyrir öll sveitarfélög landsins um forvarnir sveitarfélaga. Heimsóknir í fyrirtæki gátu hafist að nýju og var farið í heimsóknir í allar stærri bílaleigur fyrir sumarið og fjölda annarra fyrirtækja. Fundað var með stórum fyrirtækjum um tjónaþróun og starfsfólk frætt um forvarnir. Gefnir voru út tveir nýir bæklingar, Forvarnir í ferðaþjónustu og Tryggingar björgunarsveita. Sjóvá er með samstarfs- og bakhjarlssamning við Slysavarnafélagið Landsbjörg og á í fjölþættu samstarfi við samtökin, einkum á vettvangi forvarna. Unnið var með þeim að kynningarmálum við komu nýs björgunarskips. Áfram var haldið samstarfi um Safe Travel appið. Unnar voru uppfærslur og endurbætur á appinu og var m.a. bætt inn vindakorti og tilkynningum um ástand á gosstöðvum í samstarfi við Almannavarnir. Alls hafa yfir 100 þúsund manns hlaðið niður appinu. Sjóvá tók þátt í Björgun 2022 með kynningarbás og fræðsluefni, og unnin var skýrsla fyrir Landsbjörg um tjónaþróun síðustu ára hjá björgunarsveitum landsins.

Í tjónum og tjónavinnslu er leitast við að minnka sóun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Átak var gert í að auka hlutfall framrúðuviðgerða í stað þess að skipta þeim út þegar þess er kostur bæði með vitundarvakningu og aukinni upplýsingagjöf til viðskiptavina og samstarfi við viðgerðaraðila. Leitast er við að minnka sóun sem felur í sér að viðskiptavinir hafa val um að fá bætur og nýta áfram minna skemmda og viðgerðarhæfa muni, fremur en að þeir fari til förgunar og nýir keyptir. Notkun fjarskoðunarlausnarinnar Innsýnar hefur gert félaginu kleift að draga umtalsvert úr akstri á sama tíma og hægt er að veita hraðari og betri þjónustu.

Sjóvá hefur um árabil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Sjóvá hefur frá árinu 2014 haft jafnlaunavottun sem staðfestir að í félaginu er virkt jafnlaunakerfi og hefur launamunur alltaf mælst innan við 2%.

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist er með þróun umhverfisvísa og notkun auðlinda í rekstrinum, og leitast er við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Helmingur bíla í rekstri Sjóvár eru nú raf- og/eða tvinnbílar og eru markmið um að hækka hlutfallið. Sjóvá hefur bundið kolefni sem svarar eigin losun vegna aksturs og flugsamgangna með samningi við Kolvið frá árinu 2015. Styrkur Sjóvá til endurnýjunar björgunarskipaflota Landsbjargar var kynntur við afhendingu fyrsta björgunarskipsins á árinu 2022. Styrkurinn er þáttur í að styðja við heimsmarkmið 12 og að auka viðbragðsáætlanir og viðbúnað vegna vár af völdum náttúruhamfara. Sjóvá birtir nánari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál, samfélag og stjórnarhætti í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq í árs- og samfélagsskýrslu félagsins og á sjova.is. Sjóvá er í samstarfi við Klappir um sjálfbærnibókhald og rýni þess.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvár, starfsreglur endurskoðunarnefndar, starfsreglur tilnefningarnefndar, stefna um persónuvernd, stefna um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.

Stjórn

Stjórn skal samkvæmt samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem hlutfallskosning milli einstaklinga og skulu fyrstu fjögur stjórnarsæti skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið og skal sá einstaklingur sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Í kjöri til varamennsku í stjórn teljast kjörin sú kona og sá karl sem flest atkvæði fá í kjörinu. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um

vátryggingastarfsemi eftir því sem við á. Í starfsreglum stjórnar segir að leitast skuli við að meirihluta stjórnar skipi stjórnarmenn sem eru óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Úr hópi aðalmanna skal kjósa stjórnarformann og varaformann stjórnar með einföldum meirihluta. Hlutverk tilnefningarnefndar er meðal annars að gæta að jöfnu hlutfalli kynja innan stjórnar og leitast við að tryggja fjölbreytileika innan stjórnar. Skal hún við undirbúning og gerð tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu m.a. líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins og hún beri með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu.

Stefnu um fjölbreytileika er lýst í gildandi mannréttindastefnu þar sem kveðið er á um áherslur og aðgerðir í jafnréttis- og mannréttindamálum. Markmið stefnunnar er að tryggja að mannauður félagsins verði sem best nýttur með því að stuðla að jafnri stöðu kynja og jöfnum tækifærum einstaklinga.

Aðalmenn í stjórn Sjóvár eru Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, Hildur Árnardóttir, varaformaður, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

Stjórn Sjóvár telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varða óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þau Björgólfur, Guðmundur Örn, Hildur og Ingunn eru óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Ingi Jóhann er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en hann telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem hann er eigandi og stjórnarmaður í félögum sem eiga beina og óbeina eignarhluti yfir 10% í Sjóvá.

Stjórn Sjóvár fundaði 18 sinnum á árinu 2022 og voru stjórnarfundir fullskipaðir stjórnarmönnum að sjö fundum frátöldum þar sem einn stjórnarmaður forfallaðist. Á tveimur þeirra funda var kallaður til varamaður.

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var kjörinn í stjórn Sjóvár 15. mars 2019 en steig til hliðar í nóvember 2019 tímabundið og var aftur kjörinn í stjórn 12. mars 2020 og tók þá við stjórnarformennsku. Björgólfur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingarpróf í endurskoðun. Hann starfaði sem endurskoðandi á árunum 1985-1992. Björgólfur var fjármálastjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf. 1992-1996, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Samherja 1996-1999, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar 1999-2006, framkvæmdastjóri Icelandic 2006-2007 og forstjóri Icelandair Group 2008-2018. Hann starfaði sem annar forstjóra Samherja frá nóvember 2019 til febrúar 2021. Björgólfur var formaður stjórnar LÍÚ á árunum 2003-2008 og formaður Samtaka atvinnulífsins 2013-2017. Í gegnum árin hefur hann setið í stjórnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. Gjögri hf., Festi hf., Íslandsstofu og í stjórnstöð ferðamála fyrir SAF.

Björgólfur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Hildur Árnadóttir, varaformaður, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvár frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020. Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf. og síðar sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárstýringar Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Exista hf. og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnum Íslandsstofu, Arctic Fish Holding SA og dótturfélaga, Eldeyjar eignarhaldsfélags hf., Norðursiglingar hf., Íþöku fasteigna ehf., Héðins hf., HPP Solutions ehf., Argyron ehf. og MyPulse ehf.

Hildur er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvár 12. mars 2020 og hann hefur frá 28. apríl 2021 verið stjórnarformaður dótturfélagsins Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Guðmundur stundaði nám í tryggingastærðfræði og tölvunarfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Hann var forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélags Íslands (Lífís) 2008-2011. Frá 2011-2013 sinnti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskiptaáætlana og gerð stefnumótunar á sviði nýsköpunar. Frá 2014-2022 var hann framkvæmdastjóri CAE Icelandair Flight Training ehf. sem á og rekur flugherma í þjálfunarsetri Icelandair. Guðmundur hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórnarmaður og stjórnarformaður. Hann er í dag stjórnarformaður hjá Vinnslustöðinni hf. og stjórnarmaður hjá BL ehf. og CAE Icelandair Flight Training ehf.

Guðmundur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkaness ehf. Ingi Jóhann er stjórnarformaður Hrólfsskers ehf. sem á 15,17% hlut í Sjóvá, en Ingi Jóhann á óbeinan hlut í Hrólfsskeri í gegnum Kjálkanes ehf. sem á 34,2% hlut í félaginu. Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf.

Ingi telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 12. mars 2020. Hún er með BA og MA í lögfræði og með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi og er löggiltur verðbréfamiðlari. Ingunn starfaði hjá Skeljungi hf. á árunum 2009-2019, síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs, þar sem hún bar ábyrgð á samskipta-, samfélagsábyrgðar-, lögfræði-, markaðs- og mannauðsmálum, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður, ritari stjórnar og sat í framkvæmdastjórn. Hún var einnig framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins ehf. (dótturfélags Skeljungs hf.) á árunum 2018-2019. Á árunum 2008-2010 var Ingunn stundakennari og síðar aðjúnkt hjá lagadeild Háskóla Íslands þar sem hún kenndi skaðabótarétt. Ingunn er stjórnarmaður í HS Orku hf. og situr í starfskjaranefnd félagsins. Hún er einnig stjórnarmaður hjá Iceland Seafood International hf. og formaður endurskoðunarnefndar félagsins. Ingunn situr auk þess í stjórn Freyju, fjárfestingasjóðs. Þá situr Ingunn í stjórn Votlendissjóðs, sem er sjálfseignarstofnun sem vinnur að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ingunn er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórn

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna sat í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019-12. mars 2020. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Auk framangreinds situr hún í stjórnum Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Egg fjárfestingar ehf., Haga hf., Umbreytingar slhf., Ölmu ehf. og Hregg ehf.

Erna er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg ehf. Egg ehf. á 3,17% eignarhlut í Sjóvá.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvár frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmannsstofu, en frá 2016 á IUS lögmannsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórnum eftirfarandi félaga: IUS lögmannsstofa ehf., Destination Blue Lagoon ehf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Hlíðarfótur ehf. og Valshjartað hf.

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnsýslu-, félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar.

Garðar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvár, skipa Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvarsdóttir, viðskiptafræðingur og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður. Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri tjónasviðs og Grétar Dór Sigurðsson, lögmaður. Guðmundur Örn, Hafdís, Heiðrún og Grétar teljast óháð Sjóvá lífi, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum. Stjórn Sjóvár lífs átti 8 fundi á árinu 2022.

Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt. Nefndinni ber einnig að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Tilnefningarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum sem kjörnir eru á aðalfundi. Nefndina skipa Katrín S. Óladóttir, formaður, sem fyrst var kjörin í nefndina á hluthafafundi 26. október 2018, Finnur R. Stefánsson og Sigríður Olgeirsdóttir sem voru kjörin í nefndina 11. mars 2022. Nefndin átti 8 fundi á árinu 2022.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefndir Sjóvár og Sjóvár lífs skipa Hildur Árnadóttir formaður sem jafnframt situr í stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf., Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Friðrik Halldórsson. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi og óháðir endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftar ef þurfa þykir. Nefndin átti sjö fundi árið 2022. Fundir voru allir fullskipaðir nefndarmönnum. Að auki átti nefndin árlegan fund með stjórnum Sjóvár og Sjóvár lífs og innri og ytri endurskoðendum um áhættustýringu og innra eftirlit. Nefndin fundaði einnig með forstjóra. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð árshlutauppgjöra og ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit, rýni starfsreglna, rýni verklags við útreikning vátryggingaskuldar, rýni áhættuskýrslu, rýni ORSA ferlis, yfirferð skýrslu regluvörslu, yfirferð skýrslu tryggingastærðfræðings, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunar-nefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, fylgdist með framgangi undirbúnings innleiðingar IFRS 17 reikningsskilastaðalsins, hafði eftirlit með störfum og framgangi innri og ytri endurskoðunar, kynnti sér stöðu gæðamála og stöðu úrbótaverkefna vegna innri og ytri úttekta, svörun erinda og skýrsluskil til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og tilhögun upplýsingagjafar stjórnenda til stjórnar auk þess sem nefndin lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var á áreiðanleika og réttmæti gagna í vöruhúsi, eftirlitsaðgerðir og fleira í viðskiptagreind, verklag og skýrslugerð í reikningshaldi, verklag og eftirlitsaðgerðir í innheimtu og fjárreiðum, sjálfvirknivæðingu með róbótum og ferlum og eftirlitsaðgerðum í stefnumótun og viðskiptaþróun, persónuvernd og meðhöndlun fyrirspurna, verklag og fleira í regluvörslu, auk árlegrar úttektar á upplýsingatækni og stjórnarháttum.

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og skal fylgja mannréttindastefnu félagsins ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og -stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Starfskjaranefnd er skipuð öllum stjórnarmönnum og átti nefndin þrjá fundi á árinu.

Fjárfestinganefnd

Í reglum stjórnar Sjóvár um fjárfestingarstarfsemi félagsins eru skýrðar heimildir forstjóra til ákvarðana um fjárfestingar án fyrirfram ákveðins samþykkis stjórnar. Fjárfestinganefnd, sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, forstöðumanni fjárfestinga og staðgengli forstöðumanns fjárfestinga, fer sameiginlega með fjárfestingaumboð forstjóra. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með fjárfestingum samstæðunnar og ber nefndin ábyrgð á að rýna fjárfestingastefnu og bera undir stjórn til samþykktar að minnsta kosti einu sinni á ári.

Áhættu- og öryggisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn félagsins til stuðnings við greiningu og stýringu á þeim áhættum sem félagið stendur frammi fyrir. Áhættu- og öryggisnefnd hefur einnig yfirumsjón með því að unnið sé að samhæfðri áhættustýringu. Nefndin skal hafa yfirsýn yfir virkni gæðakerfis og að öryggismál séu ávallt í takti við þarfir félagsins og uppfylli lög og reglur. Nefndin rýnir áhættustefnu, ORSA stefnu, upplýsingaöryggisstefnu, upplýsingatæknistefnu, stefnu um útvistun, stefnu um gæði gagna og gæða- og öryggisstefnu áður en þær eru lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Nefndin hefur eftirlit með og tekur ákvörðun um eigin áhættu og endurtryggingavernd félagsins að tillögu fjármálasviðs. Í nefndinni sitja forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála sem er formaður nefndarinnar, forstjóri og framkvæmdastjórn.

Forstjóri

Forstjóri Sjóvár er **Hermann Björnsson**, fæddur 15. febrúar 1963, til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011 og framkvæmdastjóri dótturfélagsins, Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. frá því í apríl 2021. Hermann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnum Viðskiptaráðs, Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna og líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. Hann situr í stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja og í fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins. Hermann á 0,046% eignarhlut í félaginu.

Skipurit samstæðu

Starfsemi félagsins er skipt upp í fjögur meginsvið, þ.e. fjármál og upplýsingatækni, sölu og ráðgjöf, markaðsmál og viðskiptaþróun og tjón. Áhættustýring og gæðamál, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, mannauður og trygginga- og

tölfræðigreining heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvár lífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar fjögurra meginsviða félagsins.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsmönnum þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra. Meðlimir framkvæmdastjórnar eiga hlutafé í félaginu eins og síðar greinir en engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við stjórnendur félagsins.

Birgir Viðarsson, fæddur 7. september 1981, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Útibú og umboðsnet félagsins tilheyrir einnig sviðinu. Birgir er með M.Sc. próf í áhættuverkfræði frá Lunds University og B.Sc. í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands. Birgir var forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar og sérfræðingur í endurtryggingum frá árinu 2017-2022 og starfaði áður í áhættustýringu frá árinu 2011.

Elín Þórunn Eiríksdóttir, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tjónaþjónustu. Sviðið sér um tjónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvarðanir, tjónaskoðun, áætlun á tjónaskuld og lögfræðiþjónustu. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar Sjóvár frá 2012 og síðar viðskiptaþróunar og rekstrar og þróunar. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Elín starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, og hefur setið í stjórnum Valitors hf., Símans hf., Radíómiðunar ehf. og Staka Automation ehf. Elín á 0,066% eignarhlut í félaginu.

Sigríður Vala Halldórsdóttir, fædd 24. apríl 1983, til heimilis í Garðabæ, er framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni en hún tók við því starfi í apríl 2021. Sviðið ber ábyrgð á innheimtu, reikningshaldi, upplýsingatækni og viðskiptagreind. Sigríður Vala er með M.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá University of Minnesota og B.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands, og hefur auk þess lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Sigríður Vala var forstöðumaður hagdeildar Sjóvár árin 2016-2021 ásamt því að sitja í fjárfestinganefnd félagsins. Sigríður Vala starfaði hjá Creditinfo árin 2015-2016 sem forstöðumaður viðskiptastýringar og 2008-2015 í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Sigríður Vala sat í stjórnum HS Veitna hf. 2014-2022 og SÝN hf. 2019-2022. Sigríður Vala situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Sigríður Vala á 0,011% eignarhlut í félaginu.

Svali H. Björgvinsson, fæddur 24. maí 1967, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri markaðsmála og viðskiptaþróunar. Sviðið annast markaðsmál og forvarnir, viðskiptaþróun og stefnumótun. Svali er með BA próf í sálfræði frá Háskóla Íslands 1992 og meistaragráðu í sálfræði og stjórnun frá New York University, NYU, frá 1997. Hann var forstöðumaður stefnumótunar og viðskiptaþróunar Sjóvá frá árinu 2018-2022. Svali var meðeigandi hjá PricewaterhouseCoopers 1998–2003 og framkvæmdastjóri mannauðssviðs Kaupþings 2003 til 2009. Að auki hefur hann kennt við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands á tímabilinu 1995 til 2010. Frá árinu 2009 til 2018 starfaði Svali sem framkvæmdastjóri mannauðssviðs og stefnumótunar hjá Icelandair Group / Icelandair. Svali hefur setið í mörgum stjórnum og tekið að sér fjölda verkefna fyrir íþróttahreyfinguna.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. 19. janúar 2023

Sjóvá og viðskiptalíkan þess

Sjóvá er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009, en sögu forvera þess má rekja aftur til ársins 1918 með stofnun Sjóvátryggingafélagsins og síðar Almennra trygginga sem stofnaðar voru 1943. Þau félög sameinuðust í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. árið 1989. Samnefnt félag var svo stofnað á grunni þess fyrrnefnda árið 2009 og er það í daglegu tali nefnt Sjóvá.
Sjóvá samstæðan starfar á vátryggingamarkaði, er alhliða vátryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga, og starfar samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 og lögum um vátryggingasamstæður nr. 60/2017.

Tryggingar snúast um að takmarka áhrif áfalla á fjárhagslega afkomu einstaklinga og fyrirtækja. Sjóvá býður tryggingar á öllum sviðum og tryggir allt frá snjalltækjum til stærstu skipa í íslenska flotanum. Um rekstur Sjóvár og annarra tryggingafélaga gildir sértæk löggjöf og reglugerðir er varða ólíka þætti rekstursins sem er nátengdur almannahagsmunum og er eftirlitsskyldur. Sjóvá er einnig skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland en framantöldu fylgir rík upplýsingaskylda og krafa um gagnsæi. Samkvæmt útgefnum ársreikningum var hlutdeild Sjóvár, miðað við iðgjöld ársins hjá íslenskum vátryggingafélögum, í árslok 2021 um 31% í skaðatryggingum og um 36% í líf- og heilsutryggingum.
Sjóvá býr að sterkum stofni viðskiptavina sem telur um 8.600 fyrirtæki og 82.100 einstaklinga og hefur áhersla undanfarin ár verið lögð á að bæta þjónustuna, mæta viðskiptavinum út frá þeirra þörfum og óskum um þjónustu. Einn liður í þessari vegferð hefur verið að styrkja samtal og samskipti við viðskiptavini og byggja á vegvísum Sjóvár um að sýna frumkvæði, tala skýrt og segja hlutina eins og þeir eru. Vildarþjónustan Stofn og endurgreiðsla iðgjalda til tjónlausra og skilvísra viðskiptavina hafa verið aðalsmerki Sjóvár á þriðja áratug auk þess sem net útibúa og umboðsmanna svarar kalli viðskiptavina um þjónustu í heimabyggð. Aukinn kraftur hefur verið settur í að þróa rafrænar þjónustu- og samskiptaleiðir með góðum árangri. Viðskiptavinir kunna vel að meta þessa nálgun Sjóvár og traustið og samtalið styrkist ár frá ári.
Sterk ímynd og staða félagsins á vátryggingamarkaði var staðfest þegar niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar sýndu að Sjóvá var efst tryggingafélaga, sjötta árið í röð. Ánægja viðskiptavina helst í hendur við ánægju starfsfólks en starfsánægja mældist á árinu 2022 með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum. Stefna félagsins er að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð og áhersla lögð á að þjónusta viðskiptavini á þeirra forsendum og eftir þeim leiðum sem hentar þeim best.

Á árinu 2022 var áfram unnið að settum markmiðum og unnið að því að endurnýja stefnu og markmið félagsins til framtíðar. Þau byggja á vel skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísum Sjóvár sem starfsfólk hefur að leiðarljósi í starfi sínu. Hlutverk Sjóvár er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Vegvísarnir eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Verum á undan
- Höfum það einfalt
- Segjum það eins og það er
- Verum til staðar

Það er yfirlýst stefna félagsins að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið og talið er að sjálfbær og samfélagslega ábyrgur rekstur skili sér í aukinni arðsemi til framtíðar. Á árinu framkvæmdi Reitun UFS áhættumat á frammistöðu Sjóvá á sviði sjálfbærni og fékk Sjóvá einkunnina B2. Samkvæmt matinu, sem gerir grein fyrir hvernig fyrirtæki standa frammi fyrir áhættum sem snúa að umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum, fékk Sjóvá 76 stig af 100 mögulegum og mældist fyrir ofan meðaltal innlendra útgefenda verðbréfa sem farið hafa í gegnum sambærilega greiningu. Sjóvá fékk hæstu einkunn á markaði fyrir félagsþáttinn sem mælir meðal annars vinnuumhverfi, velferð starfsmanna og viðskiptaánægju. Matið er framkvæmt af Reitun fyrir hönd fjárfesta á útgefendum verðbréfa sem nýta matið til að veita félögum í eignasöfnum sínum aðhald og ýta undir framþróun á þessum sviðum.

Áhættur á sviði sjálfbærni

Helstu áhættuþættir á sviði sviði tryggingastarfsemi og umhverfisþátta tengdum loftslagsáhættu snúa að vátryggðum áhættum og endurtryggingum. Hjá Sjóvá fer fram eigið áhættumat ársfjórðungslega sem meðal annars felur í sér mat á loftslagsáhættu í rekstrinum. Árlega er gengið frá samningum við endurtryggjendur og geta áhættur sem snúa að loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra, stríðsrekstri og stöðu efnahagsmála á heimsvísu haft áhrif á umfang og kostnað við endurtryggingar. Stjórnir og stjórnendur auk sérfræðinga annast þetta mat fyrir reksturinn. Helstu áhættuþættir snúa að breytingum á veðurfari og afleiddum áhættum svo sem vegna aukinnar hættu á gróðureldum, en einnig vegna afleiddra áhætta í kjölfar skriðufalla og flóða. Við þarfagreiningu og í samningagerð við endurtryggjendur er litið til tjónareynslu í tengslum við stóra veðuratburði og fylgst með þróun breytinga á veðurfari. Þó ekki fari fram formlegt UFS áhættumatsferli við tryggingatöku er litið til loftslagsáhættu í áhættumati þar sem við á. Áhættumat í tengslum við endurtryggingar tekur einnig mið af loftslagsáhættu.
Áhætta vegna tjóna felst í neikvæðum áhrifum vegna skaða á heilsufari eða ótímabærra dauðsfalla vegna slysa, og vegna tjóns á eignum með tilheyrandi sóun og neikvæðum umhverfisáhrifum. Forvarnir og fræðsla gegna stóru hlutverki í því að minnka líkur á tjónum.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Áhætta vegna félagsþátta snýr að því að viðhalda góðu viðskiptasambandi við viðskiptavini og viðhalda starfsánægju og helgun til að tryggja að félagið sé eftirsóknarverður vinnustaður. Áhættan er metin með tilliti til viðskiptavina og samfélags annars vegar og hins vegar áhætta sem snúa að starfsfólki. Mælingar á ánægju með þjónustuna og ímynd félagsins eru grundvöllur mats á ímynd og orðsporsáhættu. Fagleg og vel ígrunduð ráðgjöf sem tryggir viðeigandi vernd er einnig til þess fallin að byggja undir traust viðskipti. Hvað varðar áhættu vegna starfsfólks eru reglulegar mælingar á starfsánægju og helgun starfsfólks auk sálfélagslegs áhættumats notuð til að kortleggja áhættur og bregðast við ef þörf er á.

Áhætta vegna stjórnarhátta er hluti af rekstraráhættu félagsins sem er áhætta vegna ófullnægjandi eða gallaðra kerfa, háttsemi starfsmanna eða annarra innri eða ytri þátta sem geta leitt til fjárhagslegs taps eða verulegra rekstrartruflana. Rekstraráhætta er samsett úr nokkrum þáttum, þ.e. stefnumótunaráhættu, áhættu sem skapast vegna upplýsingakerfa eða upplýsingaleka, lagalegrar áhættu og orðsporsáhættu. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga samstæðunnar. Sjóvá leitast við að uppfylla ítrustu kröfur sem gerðar eru um góða stjórnarhætti og bestu framkvæmd. Til að tryggja sem best upplýsingaöryggi og trygga meðferð upplýsinga hefur Sjóvá fengið ISO27001 vottun um upplýsingaöryggi og eru reglubundnar úttektir, prófanir og fræðsla þáttur í því að viðhalda henni. Stöðugt er unnið að því að meta og lágmarka áhættu vegna ógna við upplýsingaöryggi. Birting markmiða og árangurs félagsins á UFS mælikvörðum í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq eru hluti af árs- og samfélagsskýrslu félagsins og þáttur í því að auka gegnsæi og upplýsingagjöf um starfsemi félagsins.

Stefna í sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Félagið hefur sett stefnu um sjálfbærni og samfélagsábyrgð og er markmið stefnunnar að stuðla að samþættingu á sjálfbærni og samfélagsábyrgð í starfseminni, að starfsemin uppfylli kröfur sem til hennar eru gerðar og að Sjóvá sé í fararbroddi á þessu sviði.

Áherslur Sjóvá í sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og er stöðugt unnið að því að auka samþættingu þeirra við starfsemina. Áherslurnar taka jafnframt mið af eðli og umfangi starfseminnar þannig að þær aðgerðir sem ráðist er í hafi sem mest jákvæð áhrif. Lögð er áhersla á eftirfarandi fimm heimsmarkmið sem tengjast starfseminni með beinum hætti:

- Markmið nr. 3 - Heilsa og vellíðan
- Markmið nr. 5 - Jafnrétti kynjanna
- Markmið nr. 8 - Góð atvinna og hagvöxtur
- Markmið nr. 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla
- Markmið nr. 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum

Í samræmi við við eðli rekstrarins hefur áhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13. Settir hafa verið fram lykilmælikvarðar sem, til viðbótar við aðra rekstrarmælikvarða, styðja við árangur á sviði stefnunnar.
Þær stefnur sem eru til staðar hjá félaginu og tengjast umhverfisþáttum, félagsþáttum og stjórnarháttum eru m.a. stefna um sjálfbærni og samfélagsábyrgð, umhverfisstefna, mannréttindastefna sem felur í sér jafnréttisstefnu og stefnu um fjölbreytileika auk stefnu gegn áreitni, siðareglur, stefna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, stefnur um upplýsingaöryggi, persónuverndarstefna og starfsreglur stjórna samstæðunnar. Um er að ræða lykilstefnur og reglur sem ætlað er að styðja við árangur á þessum sviðum.

Áreiðanleikakönnunarferli

Sjóvá leggur áherslur á gæði og öryggi upplýsinga og hefur vottun skv. ISO27001 staðlinum um upplýsingaöryggi. Til að tryggja að markmiðum sjálfbærni stefnu félagsins sé náð fer árlega fram rýni á markmiðum hennar og árangur lykilmælikvarða mældur. Sjóvá er með samning við Klappir um notkun á sjálfbærnilausn þeirra til að halda utan um árangur aðgerða í UFS sjálfbærniskýrslu og gerð sjálfbærniuppgjörs. Gögnum í UFS skýrslu er safnað í kerfi Klappa með sjálfvirkum hætti að stórum hluta.

Við gerð skýrslu um ófjárhagslegar upplýsngar er stuðst við UFS (e. ESG) leiðbeiningar sem Kauphallir Nasdaq á Norðurlöndum hafa sett fram um birtingu upplýsinga um sjálfbærni; eða umhverfismál, félagsþætti og stjórnarhætti. Þessi viðmið uppfylla ákveðna þætti hins alþjóðlega staðals, Global Reporting Initative, sem auðveldar fyrirtækjum og stofnunum að miðla upplýsingum um samfélagsábyrgð með gagnsæjum og skýrum hætti. Ófjárhagslegar upplýsingar eru hluti af ársreikningi félagsins sem er í heild sinni lagður fyrir endurskoðunarnefnd Sjóvár og er samþykktur af stjórn félagsins.
Nánar er gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í köflunum um umhverfi, félagsþætti og stjórnarhætti.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Umhverfi

Stefna: Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda. Umhverfisáherslur miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í eigin starfsemi og stuðla að minni losun með forvörnum, fræðslu og ábyrgum lausnum í vöruframboði og þjónustu. Umhverfisstefna og markmiðasetning eru verkfæri til að ná settum markmiðum.

Sjálfbærnimarkmið Sjóvár sem snúa að umhverfisþáttum tengjast heimsmarkmiðum nr. 12 og 13.

Lykilmælikvarðar:

- Sjóvá skuldbindur sig til að draga úr losun frá starfseminni milli ára og kolefnisjafna þá losun sem óhjákvæmileg er frá starfsemi félagsins í lok hvers árs.
- Markmið um að draga úr losun frá eigin samgöngum, flugsamgöngum og ferðum starfsfólks til og frá vinnu.
- Sjóvá stefnir að því að eigin starfsemi verði kolefnishlutlaus fyrir árið 2025.
- Sjóvá stefnir á að auka hlutfall viðskiptavina í rafrænum og pappírslausum viðskiptum og auka vefskráningu tjóna.

Árangur:

- Fyrri hluti ársins 2022 markaðist enn af heimsfaraldrinum en eftir því sem leið á árið færðist það sem nær fyrra horfi. Losun frá starfseminni hefur leitað jafnvægis en miðað við vöxt í starfseminni hefur losun frá daglegum rekstri ekki aukist að sama skapi. Sjóvá er með samning við Kolvið um kolefnisbindingu til jöfnunar losunar frá starfseminni. Árshátíð starfsfólks var haldin erlendis á árinu og hefur sérstaklega verið brugðist við losun vegna hennar með aukinni bindingu. Heildarlosusn ársins nemur 260,6 kolefnisígildistonna.
- Notkun á fjarskoðunarlausninni Innsýn jókst jafnt og þétt og skilaði sér í umtalsvert minni akstri vegna tjónaskoðana og jafnframt hraðari þjónustu. Notkun Innsýnar kom í veg fyrir 33.800 km akstur á tímabilinu frá maí til desember. Á árinu var gert átak í að vekja athygli viðskiptavina á umhverfislegum ávinningi sem fæst með framrúðuviðgerð í stað framrúðuskipta og eru bundnar vonir við að það skili sér í minni sóun og losun til framtíðar litið. Sjóvá hlaut á árinu viðurkenninguna Umhverfisframtak ársins 2022, sem veitt var fyrir Innsýn og framrúðuverkefnið, og var afhent á Umhverfisdegi Samtaka Atvinnulífsins.
- Unnið var að aukinni vefskráningu tjóna og fjölgun viðskiptavina í rafrænum viðskiptum. Viðskiptavinir Sjóvá kjósa í vaxandi mæli að skrá tjón sín sjálfir með rafrænum hætti og á árinu 2022 jókst hlutfall rafrænna tjónstilkynninga umtalsvert og voru yfir 77% tilkynninga skráðar rafrænt í lok ársins á sjova.is. Undir lok ársins voru jafnframt 66% viðskiptavina Sjóvá í rafrænum viðskiptum. Útskipti bíla fyrir hreinorkubíla héldu áfram og mun afhending á nýjum hreinorkubílum koma til framkvæmda á árinu 2023.
- Niðurstöður Reitunar á umhverfisþáttum hjá Sjóvá voru 88 stig af 100 mögulegum og einkunn A3.

Frekari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq er að finna í árs- og samfélagsskýrslu félagsins og á sjova.is.

Félagsþættir – mannauður

Stefna: Starfsánægja er mikilvæg forsenda ánægðra viðskiptavina. Sjóvá vill með góðum starfsaðstæðum og fyrirtækjamenningu vera eftirsóknarverður vinnustaður og geta ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Sjóvá hefur um árabil unnið markvisst að jafnréttismálum og lagt áherslu á að vera í fararbroddi í málaflokknum. Stefna okkar í jafnréttismálum byggir á mannréttindastefnu sem miðar að því að tryggja jöfn laun og tækifæri starfsfólks og fjölbreytileika í samsetningu stjórnar, stjórnenda og starfsfólks. Sjóvá hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum.

Sjálfbærnimarkmið Sjóvár sem snúa að félagsþáttum tengdum mannauði; starfsánægju, jafnrétti og jafnlaunastefnu, tengjast heimsmarkmiðum nr. 5 og 8.

Lykilmælikvarðar:

- Sjóvá gerir árlega mælingu á starfsánægju og starfsaðstæðum. Markmið Sjóvár er að starfsánægja sé meðal 10% efstu mælinga í gagnagrunni Gallup á Íslandi.
- Sjóvá gerir árlega úttekt á jafnréttismálum og er jafnlaunastefna félagsins tekin út árlega af óháðum aðilum. Sjóvá hefur markmið um að óleiðréttur launamunur kynja sé ekki meiri en 2%.
- Sjóvá hefur markmið um að hlutföll kynja séu sem jöfnust í öllum flokkum, þ.e. starfsfólks, framkvæmdastjórnar, stjórnendahóps, stjórna og nefnda. Meðaltal hlutfalla allra flokka sé milli 45% og 55%.

Árangur:

- Í árlegri könnun Gallup, sem framkvæmd var fyrir árið 2022, var starfsánægja starfsfólks Sjóvá með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum og í topp 8% fyrirtækja í alþjóðlegum gagnabanka Gallup sem telur tugþúsundir erlendra fyrirtækja.
- Á árinu 2022 mældist óútskýrður launamunur kynjanna 1,2%.

- Í árslok 2022 störfuðu 192 starfsmenn hjá Sjóvá í 185 stöðugildum, vítt og breitt um landið. Í lok ársins voru 49% starfsmannahópsins konur og 51% karlar og voru 40% stjórnarmanna Sjóvár konur og 60% karlar. Þá eru konur 40% af framkvæmdastjórn félagsins og í hópi stjórnenda félagsins eru 40% konur og 60% karlar. Í stjórn dótturfélagsins Sjóvár Lífs eru 67% konur og 33% karlar. Meðaltal allra flokka í lok árs 2022 er 49% karlar og 51% konur.
- Sjóvá fékk hæstu einkunn gefna fyrir félagsþætti í greiningu Reitunar, fékk 97 stig af 100 mögulegum og einkunnina A1 fyrir flokkinn.

Frekari upplýsingar og mælikvarða um félagsþætti í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq er að finna í árs- og samfélagsskýrslu félagsins og á sjova.is.

Félagsþættir – viðskiptavinir og samfélag

Stefna: Sjóvá leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að þjónustan sé aðgengileg og í takt við þarfir og vilja viðskiptavina. Stefna félagsins til framtíðar miðar að því að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð sem byggir á ánægðum viðskiptavinum, starfsánægju og samþættingu tækni og persónulegrar þjónustu. Nýsköpun og sífelld þróun vöru og þjónustu Sjóvár stuðla að velsæld og árangri.

Sjóvá er ábyrgt og virkt í samfélaginu og á hverju ári eru veittir styrkir til aðila sem vinna að góðum málefnum í þágu samfélagsins. Sjóvá kappkostar að þeir fjármunir sem fara til styrktarmála styðji við hlutverk og stefnu félagsins og þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem við leggjum áherslu á. Í samræmi við hlutverk okkar styrkjum við verkefni með ríkt forvarnagildi, forvarnir gegn slysum og tjónum eða heilsutengdar forvarnir. Sjóvá styður við samfélagið og félagslega grósku með forvarnastarfi, styrkjum og markvissu samstarfi. Þannig stuðlum við að öruggara samfélagi og auknum lífsgæðum.

Sjálfbærnimarkmið Sjóvár sem snúa að félagsþáttum tengdum viðskiptavinum og samfélagi; þjónusta, aðgengi og ábyrgt vöruframboð, tengjast heimsmarkmiðum nr. 3, 8, 12 og 13.

Lykilmælikvarðar:

- Gerðar eru reglulegar mælingar á ánægju viðskiptavina á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði, tryggð þeirra og ímynd starfseminnar.
- Haldið er úti virku forvarnastarfi og áhættumati sem hefur þann tilgang að fyrirbyggja tjón og minnka líkur á skaða. Markmið eru um að auka forvarnir og áhættumat og byggja það starf á traustum grunni.
- Sjóvá leitast við að upplýsa viðskiptavini um kosti umhverfisvænni tjónaafgreiðslu og hefur það að markmiði að auka hana og minnka um leið sóun.
- Markmið erum um að auka hlutfall viðskiptavina sem hafa líf- og sjúkdómatryggingar enda er það mikilvægur þáttur í að tryggja fjárhagslega afkomu við veikindi og önnur áföll.
- Sjóvá vinnur stöðugt að því að bæta þjónustuframboð og vörur þannig að þær svari þörfum viðskiptavina. Markmið um að setja fram 2-3 nýjungar á ári sem styðja við bætta þjónustuupplifun og að mæta þörfum samfélags og umhverfis um nútímalegar og ábyrgar tryggingalausnir.
- Sjóvá veitir árlega styrki til aðila sem vinna að ýmsum góðum málefnum í þágu samfélagsins. Sjóvá kappkostar að þeir fjármunir sem fari til styrktarmála styðji við hlutverk og stefnu félagsins og þau heimsmarkmið sem Sjóvá hefur valið að vinna sérstaklega að. Í samræmi við hlutverk Sjóvá styrkjum við sérstaklega verkefni sem hafa ríkt forvarnagildi.

Árangur:

- Félagið hlaut þá viðurkenningu að vera efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni árið 2022, sjötta árið í röð. Ánægjuvogin mælir ánægju viðskiptavina á ýmsum mörkuðum, þar á meðal á tryggingamarkaði. Árangur Sjóvár í Íslensku ánægjuvoginni byggir á markvissum aðgerðum og breyttum áherslum í þjónustu sem fela meðal annars í sér einföldun skilaboða og aukið frumkvæði í samskiptum við viðskiptavini.
- Samkvæmt könnun Prósent í lok árs 2022 á fyrirtækjamarkaði reyndist Sjóvá vera fyrsta fyrirtæki sem stjórnendur nefndu og fyrsta val fyrirtækja á Íslandi þegar kemur að því að velja sér tryggingafélag. Í sömu könnun kom í ljós að viðskiptavinir Sjóvá á fyrirtækjamarkaði eru tryggari en viðskiptavinir annara félaga. Að auki mældist Sjóvá með hæstu NPS-einkunn tryggingafélaga á fyrirtækjamarkaði.
- Á árinu voru birtar greinar um forvarnir á fréttamiðlum og regluleg skilaboð voru send til viðskiptavina, ýmist á samfélagsmiðlum, í fjölmiðlum og með markpóstum. Félagið styrkti útgáfu SafeTravel snjallforritsins sem ætlað var að bæta upplýsingagjöf um aðstæður á vegum til erlendra ferðamanna og stuðla þannig að auknu öryggi, og var á árinu áfram unnið að viðbótum í appinu sem hlaðið hefur verið niður af 100.000 manns. Stöðugt er unnið að því að greina áhættur ólíkra fyrirtækja, taka út tölfræði um óhöpp og slys og fara yfir það með viðskiptavinum hvernig má koma í veg fyrir þau. Reglulegar heimsóknir til fyrirtækja í viðskiptum þar sem átt er samtal um forvarnir og öryggismenningu eru fastur þáttur í starfseminni.

- Unnið er að því að auka hlutfall viðgerðra framrúða, nýta notaða varahluti þar sem það er hægt og vinna með viðskiptavinum að því að lengja líftíma minna skemmdra og viðgerðarhæfra muna með það að markmiði að minnka sóun. Á árinu 2022 varð umtalsverð fjölgun í viðgerðum framrúðum frá fyrra ári en umfang rúðutjóna jókst einnig töluvert. Hlutfall viðgerðra framrúða á árinu var 11,92% en hlutfallið fór hækkandi þegar leið á árið þegar ráðist var í aukið átak í fjölgun viðgerða með aukinni upplýsingagjöf til viðskiptavina og samstarfi við viðgerðaraðila. Síðustu 6 mánuði ársins var hlutfall viðgerða á móti nýjum rúðum 14%.
- Sala á líf- og sjúkdómatryggingum gekk vel á árinu og sem og áætlanir um þéttingu verndar hjá viðskiptavinum. Sömuleiðis var unnið að því að þétta vernd hjá ferðaþjónuaðilum þegar sú grein tók við sér á árinu.
- Mitt Sjóvá vefurinn tók miklum breytingum á árinu sem miðuðu allar að því að gera vefinn notendavænni og upplýsingar aðgengilegri. Markmið félagins er að einstaklingar og fyrirtæki í viðskiptum geti nálgast upplýsingar og þjónustu með rafrænum hætti, kjósi þau það. Áframhaldandi þróun var á sjova.is með sömu áherslur að leiðarljósi, aðgengilegar upplýsingar um tryggingar á mannamáli. Ný lausn fyrir tjónstilkynningar var kynnt til sögunnar á árinu ásamt því að nýtt umsóknarferli fyrir barnatryggingar leit dagsins ljós. Tekinn var í notkun rafrænn fyrirtækjaráðgjafi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki en markmið hans er að bæta enn þjónustuna við þennan hóp viðskiptavina. Innleiðing á nýju samskiptakerfi hófst á árinu með það markmið að bæta þjónustuna enn frekar.
- Sjóvá hefur átt farsælt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um áratuga skeið. Sjóvá er aðalstyrktaraðili samtakanna og hefur unnið með þeim á vettvangi fjölbreyttra forvarnaverkefna, öryggismála og trygginga. Í lok árs 2021 afhenti Sjóvá Landsbjörgu veglegan styrk upp á 142,5 milljónir króna til smíða á þremur nýjum björgunarskipum samtakanna og var fyrsta skipið afhent í október 2022. Sjóvá veitir árlega styrki til fjölmargra aðila sem vinna að ýmsum góðum málefnum í þágu samfélagsins og er lögð áhersla á að fjármunir sem fara til styrktarmála styðji við hlutverk og stefnu félagsins og þau heimsmarkmið sem lögð er áhersla á.

Frekari upplýsingar og mælikvarða um félagsþætti í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq er að finna í árs- og samfélagsskýrslu félagsins og á sjova.is.

Stjórnarhættir

Stefna: Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Leitast er við að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til félaga sem eru eftirlitsskyldir aðilar og skráð í kauphöll. Sjóvá hefur skýra stefnu um að vinna gegn hvers konar spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningaþvætti í öllum viðskiptum.

Sjálfbærnimarkmið Sjóvár sem snýr að stjórnarháttum tengjast heimsmarkmiðum nr. 16 og 17.

Lykilmælikvarðar:

- Sjóvá einsetur sér að vera fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum. Fengin verður staðfesting á að stjórnarhættir séu í samræmi við kröfur laga og leiðbeininga um stjórnarhætti.
- Sjóvá er vottað eftir ISO27001 staðlinum um upplýsingaöryggi enda mikilvægt í starfseminni að tryggja öryggi í meðferð gagna. Markmið félagsins er að halda þeirri vottun.
- Sjóvá birtir árlega upplýsingar um markmið og árangur félagsins á UFS mælikvörðum í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og birt eru sem hluti af ársskýrslu félagsins og þáttur í því að auka gagnsæi í starfsemi félagsins.

Árangur:

- Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um vátryggingastarfsemi nr. 940/2018. Stjórnarháttayfirlýsing félagsins tekur mið af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins.
- Heildarniðurstaða UFS áhættumats Reitunar á Sjóvá var lokaeinkunn B2 og 76 punktar af 100 mögulegum. Meðaltal íslenska markaðarins stóð þá í 71 punkti af 100 mögulegum. Félagið fékk 65 stig af 100 mögulegum og einkunnina B3 fyrir stjórnarhætti í UFS mati Reitunar.
- Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum sem staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins og hefur vottunin verið endurnýjuð árlega, síðast eftir úttekt sem framkvæmd var í maí 2022.
- Sjóvá birtir upplýsingar um markmið og árangur félagsins á UFS mælikvörðum í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq í fjórða sinn. Mælikvarðarnir eru birtir sem hluti af árs- og samfélagsskýrslu félagsins. Samfélagsuppgjörið er unnið með Klöppum og gögnum safnað í stafræna lausn þeirra til að tryggja sem best rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við gagnaöflun sem tengist sjálfbærnimælikvörðum. Reitun framkvæmdi einnig UFS áhættumat á Sjóvá sem birt var í september.

Frekari upplýsingar um ófjárhagslegar upplýsingar um rekstur Sjóvár, sem tekur til umhverfis, félags- og stjórnarhátta má finna í árs- og samfélagsskýrslu félagsins fyrir árið 2022, sem verður birt á sjova.is fyrir aðalfund félagsins.

Selected Financial Information

Consolidated Statement of Comprehensive Income
for the year ended 31 December 2022

	2022	2021
Premiums earned	26.532.751	23.952.628
Outward reinsurance premiums	(1.364.187)	(1.024.858)
Earned premiums, net of reinsurance	25.168.564	22.927.769
Interest and similar income	2.104.695	496.659
Net income from securities at fair value	90.281	7.887.528
Investment income	2.194.976	8.384.187
Reinsurance commisson	162.055	117.415
Other income	138.367	124.184
Other income	300.422	241.599
Total income	27.663.962	31.553.555
Claims incurred	(20.136.654)	(16.555.963)
Claims incurred, reinsurers' share	713.243	249.061
Claims incurred, net of reinsurance	(19.423.411)	(16.306.902)
Technical interest rate and exchange rate changes for technical provisions	142.607	99.080
Operating expenses	(5.221.667)	(4.998.430)
Total expenses	(24.502.471)	(21.206.252)
Profit before income tax	3.161.491	10.347.303
Income tax	(438.319)	(777.695)
Comprehensive income for the year	2.723.172	9.569.608
Profit attibutable to:		
Shareholders of the Parent Company	2.723.172	9.569.608
Basic and diluted earnings per share	2,28	7,34

Consolidated Statement of Financial Position
as at 31 December 2022

	2022	2021
Assets		
Operating assets	522.854	477.635
Leased assets	1.284.302	1.292.373
Goodwill	243.578	243.578
Other intangible assets	0	352
Deferred tax asset	0	2.392
Securities	51.254.266	50.836.062
Investments where the investment risk is borne by the policyholders	5.217.711	6.062.149
Reinsurance assets	1.195.081	934.997
Accounts receivables and other receivables	7.662.526	6.911.977
Cash and cash equivalents	1.189.328	1.094.896
Total assets	68.569.644	67.856.411
Equity		
Share capital	1.178.394	1.227.796
Share premium	571.634	2.274.856
Restricted equity	4.345.061	6.722.578
Retained earnings	15.411.958	14.113.559
Total equity	21.507.047	24.338.788
Liabilities		
Technical provision	37.866.181	33.341.268
Investment where the investment risk is borne by the policyholders	5.217.711	6.062.149
Deferred tax liability	16.448	0
Lease liabilities	1.341.824	1.321.270
Tax payable	429.326	799.589
Accounts payable and other liabilities	2.191.106	1.993.346
Total liabilities	47.062.597	43.517.623
Total equty and liabilities	68.569.644	67.856.411

Segment reporting

Year 2022

Segment reporting	**Property and non-life insurance**	**Life insurance**	**Investment operation**	**Group**
Premiums, earned	23.868.602	2.664.149	0	26.532.751
Outward reinsurance premiums	(890.990)	(473.196)	0	(1.364.187)
Investment income	615.272	59.477	1.520.228	2.194.976
Other income	130.998	169.424	0	300.422
Total income	23.723.882	2.419.853	1.520.228	27.663.962
Claims incurred	(19.167.328)	(969.326)	0	(20.136.654)
Claims incurred, reinsurers' share	467.428	245.815	0	713.243
Insurance technical interest	0	0	142.607	142.607
Operating expenses	(4.192.919)	(597.850)	(430.898)	(5.221.667)
Profit before income tax	831.063	1.098.492	1.231.937	3.161.491
Income tax				(438.319)
Profit for the period				2.723.172

Investment among the property and casualty insurance segment is ISK 122 million and depreciation ISK 63 million. Depreciation for leased assets is ISK 127 million.

Year 2021

Segment reporting	**Property and non-life insurance**	**Life insurance**	**Investment operation**	**Group**
Premiums, earned	21.460.195	2.492.433	0	23.952.628
Outward reinsurance premiums	(609.108)	(415.750)	0	(1.024.858)
Investment income	200.810	21.898	8.161.479	8.384.187
Other income	114.803	126.796	0	241.599
Total income	21.166.700	2.225.377	8.161.479	31.553.555
Claims incurred	(15.630.559)	(925.404)	0	(16.555.963)
Claims incurred, reinsurers' share	(10.135)	259.196	0	249.061
Insurance technical interest	0	0	99.080	99.080
Operating expenses	(4.045.569)	(522.176)	(430.685)	(4.998.430)
Profit before income tax	1.480.436	1.036.993	7.829.874	10.347.303
Income tax				(777.695)
Profit for the period				9.569.608

Investment among the property and casualty insurance segment is ISK 54 million and depreciation ISK 65 million. Investment in leased assets is ISK 1,069 million and depreciation ISK 107 million.

Income and expense from Property and Non-life insurance

Property and Casualty insurance of the Group's devides as follows:

Year 2022

	Property insurance	Marine insurance	Compuslory motor insurance	Other motor insurance	General liability insurance	Income protection insurance	Workers' compens. insurance	Medical expense insurance	Re - insurance	Total
Premiums earned	5.440.887	925.994	9.379.396	4.479.589	1.588.175	1.010.340	1.014.370	29.852	0	23.868.602
Claims incurred	(3.124.786)	(505.063)	(8.426.898)	(3.936.825)	(1.177.468)	(1.126.746)	(866.978)	(2.655)	91	(19.167.328)
Operating expenses	(975.784)	(132.363)	(1.625.030)	(887.825)	(238.186)	(180.687)	(146.808)	(5.709)	(527)	(4.192.919)
Reinsurance	(100.649)	(188.393)	(55.973)	(714)	(45.062)	(2.933)	(13.297)	0	0	(407.022)
Investment income and other income	172.588	22.771	290.285	131.905	49.525	32.489	29.616	552	0	729.730
Profit (loss) from insurance	1.412.256	122.945	(438.221)	(213.871)	176.982	(267.537)	16.904	22.040	(435)	831.063

Year 2021

	Property insurance	Marine insurance	Compuslory motor insurance	Other motor insurance	General liability insurance	Income protection insurance	Workers' compens. insurance	Medical expense insurance	Re - insurance	Total
Premiums earned	4.843.359	794.186	8.614.331	4.023.890	1.309.596	967.175	885.342	22.316	0	21.460.195
Claims incurred	(2.450.307)	(542.646)	(7.013.419)	(3.027.246)	(920.246)	(886.105)	(794.974)	4.888	(503)	(15.630.559)
Operating expenses	(935.052)	(122.953)	(1.580.290)	(832.756)	(233.544)	(181.020)	(154.499)	(4.717)	(728)	(4.045.569)
Reinsurance	(223.846)	(166.136)	(56.334)	(9.485)	(133.808)	(2.540)	(12.423)	0	0	(604.561)
Investment income and other income	65.724	9.444	124.138	53.122	21.405	4.575	13.813	8.710	0	300.930
Profit (loss) from insurance	1.299.878	(28.105)	88.426	207.525	43.402	(97.914)	(62.742)	31.196	(1.231)	1.480.436

Quarterly Statements (unaudited)

Insurance operations	Q4 2022	Q3 2022	Q2 2022	Q1 2022	Total 2022	Q4 2021	Q3 2021	Q2 2021	Q1 2021	Total 2021
Premiums earned	7.063.542	7.060.158	6.084.570	6.324.481	26.532.751	6.295.406	6.279.188	5.815.149	5.562.884	23.952.628
Outward reinsurance premiums	(334.985)	(383.544)	(339.577)	(306.081)	(1.364.187)	(272.824)	(215.174)	(251.199)	(285.661)	(1.024.858)
Earned premiums, net of reinsurance	6.728.557	6.676.614	5.744.993	6.018.400	25.168.564	6.022.582	6.064.014	5.563.950	5.277.224	22.927.769
Investm. income from insurance operations	174.776	192.581	165.618	141.775	674.749	69.032	62.984	49.348	41.344	222.708
Other income	93.457	36.543	98.934	71.488	300.422	83.332	28.587	83.191	46.488	241.599
Total income from insurance operations	6.996.789	6.905.738	6.009.545	6.231.664	26.143.735	6.174.946	6.155.585	5.696.489	5.365.055	23.392.076
Claims incurred	(4.890.577)	(5.742.779)	(4.878.107)	(4.625.192)	(20.136.654)	(4.254.057)	(4.458.062)	(4.050.722)	(3.793.122)	(16.555.963)
Claims incurred, reinsurers' share	82.208	388.962	214.977	27.096	713.243	135.972	3.836	41.016	68.237	249.061
Claims incurred, net of reinsurance	(4.808.368)	(5.353.817)	(4.663.130)	(4.598.096)	(19.423.411)	(4.118.085)	(4.454.226)	(4.009.706)	(3.724.885)	(16.306.902)
Operating expenses of insurance operations	(1.335.176)	(1.073.687)	(1.209.368)	(1.172.538)	(4.790.769)	(1.414.077)	(971.822)	(1.097.907)	(1.083.940)	(4.567.745)
Total cost from insurance operations	(6.143.544)	(6.427.504)	(5.872.498)	(5.770.634)	(24.214.180)	(5.532.162)	(5.426.047)	(5.107.613)	(4.808.825)	(20.874.647)
Profit from insurance operations	853.245	478.234	137.047	461.030	1.929.555	642.784	729.538	588.876	556.231	2.517.429
Investment operations										
Investment income from investm. operations	1.005.992	10.127	(261.236)	765.344	1.520.228	1.848.344	1.889.309	2.713.601	1.710.226	8.161.479
Insurance technical interest	13.117	(65.712)	37.894	157.308	142.607	(24.993)	(17.462)	106.038	35.496	99.080
Operating expenses of investment operations	(100.475)	(107.354)	(104.773)	(118.296)	(430.898)	(125.718)	(107.935)	(103.310)	(93.721)	(430.685)
Profit (loss) from investment operations	918.634	(162.938)	(328.115)	804.356	1.231.937	1.697.633	1.763.912	2.716.329	1.652.001	7.829.874
Profit (loss) before income tax	1.771.879	315.296	(191.068)	1.265.386	3.161.491	2.340.417	2.493.450	3.305.205	2.208.231	10.347.303
Income tax	(205.019)	(60.214)	38.169	(211.255)	(438.319)	(143.489)	(299.499)	(191.703)	(143.004)	(777.695)
Comprehensive income (loss) for the period	1.566.859	255.082	(152.899)	1.054.131	2.723.172	2.196.927	2.193.951	3.113.502	2.065.227	9.569.608
Claims ratio	69,2%	81,3%	80,2%	73,1%	75,9%	67,6%	71,0%	69,7%	68,2%	69,1%
Reinsurance ratio	2,7%	(0,1%)	1,0%	3,9%	1,8%	1,3%	3,4%	2,7%	3,7%	2,7%
Cost ratio	18,9%	15,2%	19,9%	18,5%	18,1%	22,5%	15,5%	18,9%	19,5%	19,1%
Combined ratio	**90,9%**	**96,4%**	**101,0%**	**95,5%**	**95,8%**	**91,4%**	**89,9%**	**91,2%**	**91,4%**	**90,9%**
Operating ratio	88,3%	93,4%	97,8%	92,9%	92,9%	90,3%	88,6%	90,0%	90,1%	**89,6%**
Return on equity bef. tax on an annual basis	30,9%	5,7%	(3,4%)	22,4%	13,8%	41,0%	42,9%	59,3%	42,1%	45,3%
Return on equity after tax on an annual basis	27,3%	4,6%	(2,8%)	18,7%	11,9%	38,5%	37,8%	55,8%	39,4%	41,9%
Earnings per share	1,32	0,22	(0,13)	0,00	2,28	1,73	1,68	2,37	1,56	7,34
Result of reinsurance	(192.739)	8.971	(57.943)	(247.178)	(488.889)	(84.273)	(212.730)	(155.923)	(205.456)	(658.383)
Technical provision	37.866.181	39.155.670	38.099.054	37.568.688	37.866.181	33.341.268	34.637.626	34.312.486	33.552.843	33.341.268
Total assets	68.569.644	68.081.786	67.758.048	68.992.033	68.569.644	67.856.411	69.842.338	67.501.849	63.998.688	67.856.411
Equity	21.507.047	19.940.096	19.994.393	20.847.699	21.507.047	24.338.788	25.106.094	23.256.449	20.584.609	24.338.788
Solvency ratio SII after proposed dividend	1,41	1,54	1,53	1,52	1,41	1,41	1,68	1,79	1,70	1,41
Minimum capital ratio	3,49	3,66	3,72	3,91	3,49	4,07	4,78	4,47	4,46	4,07

Stjórnarháttayfirlýsing 2022
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er vátryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995[1], lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016[2] og lögum um vátryggingasamstæður nr. 60/2017[3].

Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/2019[4] eru vátryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006[5].

Sjóvá samstæðan starfar á vátryggingamarkaði og er alhliða vátryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Samkvæmt útgefnum ársreikningum var hlutdeild Sjóvár miðað við iðgjöld ársins hjá íslenskum vátryggingafélögum í árslok 2021 um 31% í skaðatryggingum og um 36% í líf- og heilsutryggingum. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins.

Starfsemi Sjóvár er fjölbreytt og þjónustan yfirgripsmikil en félagið býður tryggingavernd á öllum sviðum hér á landi. Um 8.600 fyrirtæki og um 82.100 einstaklingar voru í viðskiptum í lok árs 2022. Í árslok 2022 störfuðu 192 starfsmenn hjá Sjóvá í 185 stöðugildum. Sjóvá rekur 11 útibú um landið auk höfuðstöðva í Reykjavík. Þá hefur félagið á að skipa þéttu neti umboðs- og þjónustuaðila víðs vegar um landið og leggur kapp á að þjónusta félagsins sé öllum aðgengileg.

Sjóvá hefur verið skráð félag á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland síðan 11. apríl 2014 og því gilda um starfsemina lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021[6] og lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021[7] og reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um vátryggingastarfsemi, reglugerð um gildistöku reglugerða ESB um vátryggingastarfsemi og vátryggingasamstæður nr. 940/2018[8] og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem tóku gildi í júlí 2021[9] og gefin eru út af Viðskiptaráði Íslands,

[1] www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html
[2] www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html
[3] www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html
[4] www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html
[5] www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html
[6] www.althingi.is/lagas/nuna/2021060.html
[7] www.althingi.is/lagas/nuna/2021020.html
[8] https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/940-2018
[9] http://leidbeiningar.is/

Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn félagsins endurnýjaði síðast starfsreglur sínar þann 5. maí 2022 og eru þær aðgengilegar á sjova.is.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um vátryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með vátryggingastarfsemi.

Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta félagsins og sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð áhættustýringar. Áhættustefnan tekur til allra áhættuþátta sem krafist er í lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerð um vátryggingastarfsemi. Stefnan var síðast endurnýjuð 7. desember 2022.

Stjórnkerfi og skipulag félagsins eru skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvár á eigin starfsemi er í samræmi við þrjár varnarlínur innra eftirlits. Tekið hefur verið saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit, áhættukort (e. Assurance map) sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innri eftirlitsþáttum og gerir mögulegt að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, eigið áhættu- og gjaldþolsmat sem framkvæmt er að lágmarki árlega, árleg skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og reglubundnar skýrslur til eftirlitsaðila sem og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni. Þær auðvelda félaginu einnig að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórn fundar hið minnsta mánaðarlega með áhættu- og öryggisnefnd, ársfjórðungslega er farið yfir stærstu áhættur og einstakir framkvæmdastjórar eiga að lágmarki árlegan fund með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttað og meta hvort það sé fullnægjandi.

Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega vátryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess

gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Auk þessa tekur tryggingastærðfræðingur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni starfssviðsins, niðurstöður þeirra ásamt ábendingum.

Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum sem staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins og var vottunin endurnýjuð í maí 2022.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2018 fyrir rekstrarárin 2018-2022. Innri endurskoðun er útvistað til Ernst & Young ehf.

Hlutverk, framtíðarsýn og vegvísar

Á árinu 2022 var áfram unnið að settum markmiðum og unnið að því að endurnýja stefnumótun og markmið félagsins til framtíðar. Þau byggja ofan á stefnu sem mörkuð var árið 2013 og á skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísum Sjóvár sem starfsfólk hefur að leiðarljósi í starfi sínu. Hlutverk Sjóvár er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Vegvísarnir eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Verum á undan
- Höfum það einfalt
- Segjum það eins og það er
- Verum til staðar

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Stjórn Sjóvár samþykkti starfsreglur sínar síðast 5. maí 2022. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda stjórnar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og samþykktir og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið þess náist.

Stjórn hélt sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðveru starfsfólks félagsins. Mat stjórnar á eigin störfum á árinu 2022 fór fram í janúar 2023. Stjórn lagði mat á stærð, samsetningu, verklag og starfshætti stjórnar. Starf stjórnarinnar byggir á fyrirfram samþykktri starfsáætlun og mat stjórnin upplýsingagjöf til stjórnarinnar og aðgengi hennar að gögnum gott. Stjórnin lagði mat á störf undirnefnda stjórnar og frammistöðu forstjóra og stjórnarformanns. Einnig var lagt mat á þróun félagsins og niðurstaðan sú að hún væri í samræmi við langtímamarkmið stjórnar og stjórnenda.

Stefna samstæðunnar um samfélagslega ábyrgð er sem hér segir:

> „Við hjá Sjóvá viljum starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Með því að samþætta sjálfbærni og samfélagslega ábyrga starfsemi stuðlum við að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélag, viðskiptavini, starfsfólk og hluthafa.

Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda.

Sjóvá leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að þjónustan sé aðgengileg og í takt við þarfir og vilja viðskiptavina. Starfsánægja er mikilvæg forsenda ánægðra viðskiptavina. Félagið vill með góðum starfsaðstæðum tryggja að það sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Félagið hefur um árabil unnið markvisst að jafnréttismálum og lagt mikið upp úr því að vera í fararbroddi í málaflokknum. Stefna í jafnréttismálum byggir á mannréttindastefnu félagsins. Félagið hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum. Félagslegar áherslur miða að því að tryggja jöfn laun og tækifæri starfsfólks og fjölbreytni í samsetningu stjórnar, stjórnenda og starfsfólks. Á hverju ári eru skilgreindar markvissar aðgerðir sem byggja á mannréttindastefnu félagsins. Sjóvá leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og að þjónustan sé aðgengileg og í takt við þarfir og vilja viðskiptavina.

Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Leitast er við að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til félagsins sem er eftirlitsskyldur aðili og skráður í kauphöll. Sjóvá hefur skýra stefnu um að vinna gegn hvers konar spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningaþvætti í öllum viðskiptum félagsins.

Hagsældaráherslur Sjóvár snúa að hlutverki félagsins sem þjónustufyrirtækis í fremstu röð og trausts vinnuveitanda með heilbrigðan rekstur. Nýsköpun og sífelld þróun vöru og þjónustu Sjóvár stuðla að hagsæld og árangri félagsins. Sjóvá styður við samfélagið og félagslega grósku með forvarnastarfi, styrkjum og markvissu samstarfi.“

Sjóvá hefur verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014.

Sjóvá vinnur stöðugt að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur megináhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helmings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Hjá Sjóvá hefur um árabil verið lögð mikil áhersla á að vinna með viðskiptavinum að forvörnum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Á árinu 2022 var haldinn morgunfundur fyrir öll sveitarfélög landsins um forvarnir sveitarfélaga. Heimsóknir í fyrirtæki gátu hafist að nýju

og var farið í heimsóknir í allar stærri bílaleigur fyrir sumarið og fjölda annarra fyrirtækja. Fundað var með stórum fyrirtækjum um tjónaþróun og starfsfólk frætt um forvarnir. Gefnir voru út tveir nýir bæklingar, Forvarnir í ferðaþjónustu og Tryggingar björgunarsveita. Sjóvá er með samstarfs- og bakhjarlssamning við Slysavarnafélagið Landsbjörg og á í fjölþættu samstarfi við samtökin, einkum á vettvangi forvarna. Unnið var með þeim að kynningarmálum við komu nýs björgunarskips. Áfram var haldið samstarfi um Safe Travel appið. Unnar voru uppfærslur og endurbætur á appinu og var m.a. bætt inn vindakorti og tilkynningum um ástand á gosstöðvum í samstarfi við Almannavarnir. Alls hafa yfir 100 þúsund manns hlaðið niður appinu. Sjóvá tók þátt í Björgun 2022 með kynningarbás og fræðsluefni, og unnin var skýrsla fyrir Landsbjörg um tjónaþróun síðustu ára hjá björgunarsveitum landsins.

Í tjónum og tjónavinnslu er leitast við að minnka sóun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Átak var gert í að auka hlutfall framrúðuviðgerða í stað þess að skipta þeim út þegar þess er kostur bæði með vitundarvakningu og aukinni upplýsingagjöf til viðskiptavina og samstarfi við viðgerðaraðila. Leitast er við að minnka sóun sem felur í sér að viðskiptavinir hafa val um að fá bætur og nýta áfram minna skemmda og viðgerðarhæfa muni, fremur en að þeir fari til förgunar og nýir keyptir. Notkun fjarskoðunarlausnarinnar Innsýnar hefur gert félaginu kleift að draga umtalsvert úr akstri á sama tíma og hægt er að veita hraðari og betri þjónustu.

Sjóvá hefur um árabil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Sjóvá hefur frá árinu 2014 haft jafnlaunavottun sem staðfestir að í félaginu er virkt jafnlaunakerfi og hefur launamunur alltaf mælst innan við 2%.

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist er með þróun umhverfisvísa og notkun auðlinda í rekstrinum, og leitast er við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Helmingur bíla í rekstri Sjóvár eru nú raf- og/eða tvinnbílar og eru markmið um að hækka hlutfallið. Sjóvá hefur bundið kolefni sem svarar eigin losun vegna aksturs og flugsamgangna með samningi við Kolvið frá árinu 2015. Styrkur Sjóvá til endurnýjunar björgunarskipaflota Landsbjargar var kynntur við afhendingu fyrsta björgunarskipsins á árinu 2022. Styrkurinn er þáttur í að styðja við heimsmarkmið 12 og að auka viðbragðsáætlanir og viðbúnað vegna vár af völdum náttúruhamfara. Sjóvá birtir nánari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál, samfélag og stjórnarhætti í samræmi við UFS (e. ESG) leiðbeiningar Nasdaq í árs- og samfélagsskýrslu félagsins og á sjova.is. Sjóvá er í samstarfi við Klappir um sjálfbærnibókhald og rýni þess.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvár, starfsreglur endurskoðunarnefndar, starfsreglur tilnefningarnefndar, stefna um persónuvernd, stefna um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.

Stjórn

Stjórn skal samkvæmt samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem hlutfallskosning milli einstaklinga og skulu fyrstu fjögur stjórnarsæti skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest

atkvæði við kjörið og skal sá einstaklingur sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Í kjöri til varamennsku í stjórn teljast kjörin sú kona og sá karl sem flest atkvæði fá í kjörinu. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi eftir því sem við á. Í starfsreglum stjórnar segir að leitast skuli við að meirihluta stjórnar skipi stjórnarmenn sem eru óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Úr hópi aðalmanna skal kjósa stjórnarformann og varaformann stjórnar með einföldum meirihluta. Hlutverk tilnefningarnefndar er meðal annars að gæta að jöfnu hlutfalli kynja innan stjórnar og leitast við að tryggja fjölbreytileika innan stjórnar. Skal hún við undirbúning og gerð tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu m.a. líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins og hún beri með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu.

Stefnu um fjölbreytileika er lýst í gildandi mannréttindastefnu þar sem kveðið er á um áherslur og aðgerðir í jafnréttis- og mannréttindamálum. Markmið stefnunnar er að tryggja að mannauður félagsins verði sem best nýttur með því að stuðla að jafnri stöðu kynja og jöfnum tækifærum einstaklinga.

Aðalmenn í stjórn Sjóvár eru Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, Hildur Árnardóttir, varaformaður, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

Stjórn Sjóvár telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varða óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þau Björgólfur, Guðmundur Örn, Hildur og Ingunn eru óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Ingi Jóhann er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en hann telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem hann er eigandi og stjórnarmaður í félögum sem eiga beina og óbeina eignarhluti yfir 10% í Sjóvá.

Stjórn Sjóvár fundaði 18 sinnum á árinu 2022 og voru stjórnarfundir fullskipaðir stjórnarmönnum að sjö fundum frátöldum þar sem einn stjórnarmaður forfallaðist. Á tveimur þeirra funda var kallaður til varamaður.

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var kjörinn í stjórn Sjóvár 15. mars 2019 en steig til hliðar í nóvember 2019 tímabundið og var aftur kjörinn í stjórn 12. mars 2020 og tók þá við stjórnarformennsku. Björgólfur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingarpróf í endurskoðun. Hann starfaði sem endurskoðandi á árunum 1985-1992. Björgólfur var fjármálastjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf. 1992-1996, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Samherja 1996-1999, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar 1999-2006, framkvæmdastjóri Icelandic 2006-2007 og forstjóri Icelandair Group 2008-2018. Hann starfaði sem annar forstjóra Samherja frá nóvember 2019 til febrúar 2021. Björgólfur var formaður stjórnar LÍÚ á árunum 2003-2008 og formaður Samtaka atvinnulífsins 2013-2017. Í gegnum árin hefur hann setið í stjórnum margra fyrirtækja í

ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. Gjögri hf., Festi hf., Íslandsstofu og í stjórnstöð ferðamála fyrir SAF.

Björgólfur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Hildur Árnadóttir, varaformaður, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvár frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020. Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf. og síðar sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárstýringar Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Exista hf. og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnum Íslandsstofu, Arctic Fish Holding SA og dótturfélaga, Eldeyjar eignarhaldsfélags hf., Norðursiglingar hf., Íþöku fasteigna ehf., Héðins hf., HPP Solutions ehf., Argyron ehf. og MyPulse ehf.

Hildur er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvár 12. mars 2020 og hann hefur frá 28. apríl 2021 verið stjórnarformaður dótturfélagsins Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Guðmundur stundaði nám í tryggingastærðfræði og tölvunarfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Hann var forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélags Íslands (Lífís) 2008-2011. Frá 2011-2013 sinnti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskiptaáætlana og gerð stefnumótunar á sviði nýsköpunar. Frá 2014-2022 var hann framkvæmdastjóri CAE Icelandair Flight Training ehf. sem á og rekur flugherma í þjálfunarsetri Icelandair. Guðmundur hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórnarmaður og stjórnarformaður. Hann er í dag stjórnarformaður hjá Vinnslustöðinni hf. og stjórnarmaður hjá BL ehf. og CAE Icelandair Flight Training ehf.

Guðmundur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkaness ehf. Ingi Jóhann er stjórnarformaður í Hrólfsskers ehf. sem á 15,17% hlut í Sjóvá, en Ingi Jóhann á óbeinan hlut Hrólfsskeri í gegnum Kjálkanes ehf. sem á 34,2% hlut í félaginu. Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf.

Ingi telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 12. mars 2020. Hún er með BA og MA í lögfræði og með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi og er löggiltur verðbréfamiðlari. Ingunn starfaði hjá Skeljungi hf. á árunum 2009-2019, síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs, þar sem hún bar ábyrgð á samskipta-, samfélagsábyrgðar-, lögfræði-, markaðs- og mannauðsmálum, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður, ritari stjórnar og sat í framkvæmdastjórn. Hún var einnig framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins ehf. (dótturfélags Skeljungs hf.) á árunum 2018-2019. Á árunum 2008-2010 var Ingunn stundakennari og síðar aðjúnkt hjá lagadeild Háskóla Íslands þar sem hún kenndi skaðabótarétt. Ingunn er stjórnarmaður í HS Orku hf. og situr í starfskjaranefnd félagsins. Hún er einnig stjórnarmaður hjá Iceland Seafood International hf. og formaður endurskoðunarnefndar félagsins. Ingunn situr auk þess í stjórn Freyju, fjárfestingasjóðs. Þá situr Ingunn í stjórn Votlendissjóðs, sem er sjálfseignarstofnun sem vinnur að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ingunn er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórn

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna sat í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019-12. mars 2020. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Auk framangreinds situr hún í stjórnum Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Egg fjárfestingar ehf., Haga hf., Umbreytingar slhf., Ölmu ehf. og Hregg ehf.

Erna er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg ehf. Egg ehf. á 3,17% eignarhlut í Sjóvá.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvár frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmannsstofu, en frá 2016 á IUS lögmannsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórnum eftirfarandi félaga: IUS lögmannsstofa ehf., Destination Blue Lagoon ehf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Hlíðarfótur ehf. og Valshjartað hf.

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnsýslu-, félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar.

Garðar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvár, skipa Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvarsdóttir, viðskiptafræðingur og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður. Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri tjónasviðs og Grétar Dór Sigurðsson, lögmaður. Guðmundur Örn, Hafdís, Heiðrún og Grétar teljast óháð Sjóvá lífi, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum. Stjórn Sjóvár lífs átti 8 fundi á árinu 2022.

Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt. Nefndinni ber einnig að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Tilnefningarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum sem kjörnir eru á aðalfundi. Nefndina skipa Katrín S. Óladóttir, formaður, sem fyrst var kjörin í nefndina á hluthafafundi 26. október 2018, Finnur R. Stefánsson og Sigríður Olgeirsdóttir sem voru kjörin í nefndina 11. mars 2022. Nefndin átti 8 fundi á árinu 2022.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefndir Sjóvár og Sjóvár lífs skipa Hildur Árnadóttir formaður sem jafnframt situr í stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf., Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Friðrik Halldórsson. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi og óháðir endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftar ef þurfa þykir. Nefndin átti sjö fundi árið 2022. Fundir voru allir fullskipaðir nefndarmönnum. Að auki átti nefndin árlegan fund með stjórnum Sjóvár og Sjóvár lífs og innri og ytri endurskoðendum um áhættustýringu og innra eftirlit. Nefndin fundaði einnig með forstjóra. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð árshlutauppgjöra og ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit, rýni starfsreglna, rýni verklags við útreikning vátryggingaskuldar, rýni áhættuskýrslu, rýni ORSA ferlis, yfirferð skýrslu regluvörslu, yfirferð skýrslu tryggingastærðfræðings, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunar-nefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, fylgdist með framgangi undirbúnings innleiðingar IFRS 17 reikningsskilastaðalsins, hafði eftirlit með störfum og framgangi innri og ytri endurskoðunar, kynnti sér stöðu gæðamála og stöðu úrbótaverkefna vegna innri og ytri úttekta, svörun erinda og skýrsluskil til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og tilhögun upplýsingagjafar stjórnenda til stjórnar auk þess sem nefndin lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var á áreiðanleika og réttmæti gagna í

vöruhúsi, eftirlitsaðgerðir og fleira í viðskiptagreind, verklag og skýrslugerð í reikningshaldi, verklag og eftirlitsaðgerðir í innheimtu og fjárreiðum, sjálfvirknivæðingu með róbótum og ferlum og eftirlitsaðgerðum í stefnumótun og viðskiptaþróun, persónuvernd og meðhöndlun fyrirspurna, verklag og fleira í regluvörslu, auk árlegrar úttektar á upplýsingatækni og stjórnarháttum.

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og skal fylgja mannréttindastefnu félagsins ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og -stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Starfskjaranefnd er skipuð öllum stjórnarmönnum og átti nefndin þrjá fundi á árinu.

Fjárfestinganefnd

Í reglum stjórnar Sjóvár um fjárfestingarstarfsemi félagsins eru skýrðar heimildir forstjóra til ákvarðana um fjárfestingar án fyrirfram ákveðins samþykkis stjórnar. Fjárfestinganefnd, sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, forstöðumanni fjárfestinga og staðgengli forstöðumanns fjárfestinga, fer sameiginlega með fjárfestingaumboð forstjóra. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með fjárfestingum samstæðunnar og ber nefndin ábyrgð á að rýna fjárfestingastefnu og bera undir stjórn til samþykktar að minnsta kosti einu sinni á ári.

Áhættu- og öryggisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að vera stjórn félagsins til stuðnings við greiningu og stýringu á þeim áhættum sem félagið stendur frammi fyrir. Áhættu- og öryggisnefnd hefur einnig yfirumsjón með því að unnið sé að samhæfðri áhættustýringu. Nefndin skal hafa yfirsýn yfir virkni gæðakerfis og að öryggismál séu ávallt í takti við þarfir félagsins og uppfylli lög og reglur. Nefndin rýnir áhættustefnu, ORSA stefnu, upplýsingaöryggisstefnu, upplýsingatæknistefnu, stefnu um útvistun, stefnu um gæði gagna og gæða- og öryggisstefnu áður en þær eru lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Nefndin hefur eftirlit með og tekur ákvörðun um eigin áhættu og endurtryggingavernd félagsins að tillögu fjármálasviðs. Í nefndinni sitja forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála sem er formaður nefndarinnar, forstjóri og framkvæmdastjórn.

Forstjóri

Forstjóri Sjóvár er **Hermann Björnsson,** fæddur 15. febrúar 1963, til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011 og framkvæmdastjóri dótturfélagsins, Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. frá því í apríl 2021. Hermann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri

viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnum Viðskiptaráðs, Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna og líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. Hann situr í stjórn Samtaka fjármálafyrirtækja og í fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins. Hermann á 0,046% eignarhlut í félaginu.

Skipurit samstæðu

Starfsemi félagsins er skipt upp í fjögur meginsvið, þ.e. fjármál og upplýsingatækni, sölu og ráðgjöf, markaðsmál og viðskiptaþróun og tjón. Áhættustýring og gæðamál, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, mannauður og trygginga- og tölfræðigreining heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvár lífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar fjögurra meginsviða félagsins.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð eftirfarandi starfsmönnum þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra. Meðlimir framkvæmdastjórnar eiga hlutafé í félaginu eins og síðar greinir en engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við stjórnendur félagsins.

Birgir Viðarsson, fæddur 7. september 1981, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Útibú og umboðsnet félagsins tilheyrir einnig sviðinu. Birgir er með M.Sc. próf í áhættuverkfræði frá Lunds University og B.Sc. í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands. Birgir var forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar og sérfræðingur í endurtryggingum frá árinu 2017-2022 og starfaði áður í áhættustýringu frá árinu 2011.

Elín Þórunn Eiríksdóttir, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tjónaþjónustu. Sviðið sér um tjónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvarðanir, tjónaskoðun, áætlun á tjónaskuld og lögfræðiþjónustu. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar Sjóvár frá 2012 og síðar viðskiptaþróunar og rekstrar og þróunar. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Elín starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, og hefur setið í stjórnum Valitors hf., Símans hf., Radíómiðunar ehf. og Staka Automation ehf. Elín á 0,066% eignarhlut í félaginu.

Sigríður Vala Halldórsdóttir, fædd 24. apríl 1983, til heimilis í Garðabæ, er framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni en hún tók við því starfi í apríl 2021. Sviðið ber ábyrgð á innheimtu, reikningshaldi, upplýsingatækni og viðskiptagreind. Sigríður Vala er með M.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá University of Minnesota og B.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands, og hefur auk þess lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Sigríður Vala var forstöðumaður hagdeildar Sjóvár árin 2016-2021 ásamt því að sitja í fjárfestinganefnd félagsins. Sigríður Vala starfaði hjá Creditinfo árin 2015-2016 sem forstöðumaður viðskiptastýringar og 2008-2015 í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Sigríður Vala sat í stjórnum HS Veitna hf. 2014-2022 og SÝN hf. 2019-2022. Sigríður Vala situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Sigríður Vala á 0,011% eignarhlut í félaginu.

Svali H. Björgvinsson, fæddur 24. maí 1967, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri markaðsmála og viðskiptaþróunar. Sviðið annast markaðsmál og forvarnir, viðskiptaþróun og stefnumótun. Svali er með BA próf í sálfræði frá Háskóla Íslands 1992 og meistaragráðu í sálfræði og stjórnun frá New York University, NYU, frá 1997. Hann var forstöðumaður stefnumótunar og viðskiptaþróunar Sjóvá frá árinu 2018-2022. Svali var meðeigandi hjá PricewaterhouseCoopers 1998–2003 og framkvæmdastjóri mannauðssviðs Kaupþings 2003 til 2009. Að auki hefur hann kennt við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands á tímabilinu 1995 til 2010. Frá árinu 2009 til 2018 starfaði Svali sem framkvæmdastjóri mannauðssviðs og stefnumótunar hjá Icelandair Group / Icelandair. Svali hefur setið í mörgum stjórnum og tekið að sér fjölda verkefna fyrir íþróttahreyfinguna.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. 19. janúar 2023

SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF

B2 | 76 / 100

A1 - A3	B1 - B3	C1 - C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt

EINKUNN

Sjóvá nær góðum árangri í UFS mati Reitunar með 76 punkta af 100 mögulegum, flokkur B2.

UFS NIÐURSTÖÐUR

	Vægi	Stig	Einkunn
Umhverfisþættir	**12.5%**	**88**	**A3**
E.1 Visthagkvæmni	5.0%	90	A3
E.2 Umhverfisstjórnun	7.5%	87	A3
Félagsþættir	**25.0%**	**97**	**A1**
S.1 Vinnuumhverfi	7.0%	100	A1
S.2 Velferð starfsfólks og viðskiptaánægja	18.0%	96	A2
Stjórnarhættir	**62.5%**	**65**	**B3**
G.1 Almennir stjórnarhættir	9.0%	96	A2
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	23.5%	72	B2
G.3 Vörur og þjónusta	30.0%	49	C2

SAMANBURÐUR



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Sjóvá nær góðum árangri í UFS mati Reitunar árið 2022 og fær 76 punkta. Félagið nær árangri í innri umhverfisstjórnun, sem er afrakstur stefnumótunarvinnu frá árinu 2021. Félagið hefur beitt þeirri nálgun að greina hvar í starfseminni hægt er að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og með hvaða hætti. Félagið innleiddi nýtt umhverfisstjórnunarkerfi á árinu 2021 til þess að ná betur utan um umhverfisbókhaldið með sjálfvirkum hætti. Forstjóri ber ábyrgð á umhverfisstefnu og stefnu félagsins um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Stjórn Sjóvá tekur þátt í áhættumati félagsins árlega og þar er jafnframt loftslagstengd áhætta tekin fyrir. Félagið kolefnisbatt á móti losun frá eigin starfsemi í gegnum Kolvið sem nemur rúmlega tvöfaldri losun frá eigin starfsemi samkvæmt umhverfisbókhaldi. Félagið hefur nú þróað áfram veflausnina Innsýn sem sýnir nú fram á þann tíma, akstur og losun sem sparast við notkun hennar. Haldið er utan um þær mælingar. Sjóvá hefur bætt umfang verndar fyrir eigendur rafbíla og þar með tekið skref í átt að sjálfbærari lausnum fyrir tryggingavernd. Vátryggingastarfsemi snertir almennt á miklu magni úrgangs vegna tjóna og eru því tækifæri fyrir félagið að hafa þar áhrif. Félagið hefur endurbætt áhættumat sitt og tekur nú tillit til brunavarna, öryggismenningar og viðhorfs stjórnenda til forvarnaþátta til lágmörkunar á áhættu á tjónum. Félagið hefur tekið þá nálgun sem snýr fyrst og fremst að því að draga úr sóun og auka endurnýtingu á tjónamunum. Sjóvá hefur einnig þróað ýmsar lausnir til þess að hvetja viðskiptavini til þess að velja umhverfisvænni möguleika þegar kemur að úrvinnslu tjóna. Félagið er aðili að samtökum IcelandSIF um ábyrgar fjárfestingar en ekki er til staðar eiginleg stefna um ábyrgar fjárfestingar.

Fjármálafyrirtæki á Íslandi starfa undir umfangsmiklu regluverki og eftirliti sem lágmarkar áhættu um almenna stjórnarhætti. Persónuvernd og upplýsingaöryggi er áhættuþáttur fyrir starfsemina en félagið vinnur markvisst að því að lágmarka áhættuna í þeim flokki með reglubundnum úttektum, prófunum og fræðslu. Árið 2022 hlaut félagið hlaut endurvottun á ISO27001 upplýsingaöryggisstaðlinum og hlýtur hámarksstig fyrir málaflokkinn. Tækifæri eru fyrir félagið að móta sér siðareglur birgja og fylgja þeim eftir en mikilvægi þess að stuðla að ábyrgri aðfangakeðju eykst sífellt. Sjóvá fær áfram framúrskarandi einkunn í flokki um félagsþætti, enda er lögð rík áhersla á að huga að mannauði og stuðla áfram að því að veita góða þjónustu. Félagið leggur metnað í að stuðla að velferð starfsfólks og að starfsánægja ríki á vinnustaðnum. Unnið hefur verið að því að endurskipuleggja vinnuumhverfi út frá vinnuverndarsjónarmiðum og fylgst er með andlegri líðan starfsfólks. Áhersla er lögð á að gefa starfsfólki tækifæri til þróunar í starfi og árið 2021 var rúmlega þriðjungur allra ráðninga tilfærsla milli starfa. Félagið hlýtur jafnframt hæstu einkunn fyrir flokk um viðskiptaánægju og tengsl við samfélagið, en þjónustukannanir sýna fram á að viðskiptavinir séu áfram ánægðir með veitta þjónustu. Frá árinu 2017 hefur Sjóvá einnig mælst hæst tryggingafélaga á íslenskum markaði í Ánægjuvoginni. Markviss vinna hefur farið í forvarnarfræðslu til viðskiptavina og samfélagsins í þeim tilgangi að stuðla að auknu öryggi og færri tjónum og slysum. Tækifæri eru fyrir félagið til þess að koma tjónamunum sem lenda hjá þeim í ábyrga förgun, en félagið hefur lengi unnið að því að endurnýta sem mest af tjónamunum með margvíslegum leiðum.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Sjóvá er í flokki B2 og fær 76 punkta, sem er yfir meðaltali í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS greiningu hjá Reitun (fjöldi um 35). Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 71 stig af 100 mögulegum, flokkur B2.

Greinendur: Finnur Orri Margeirsson | finnur@reitun
Ebba Margrét Skúladóttir| ebba@reitun.is

Reitun

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neinir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspegla skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Sjálfbærniuppgjör

2022

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
Kringlan 5, 103 Reykjavík
Kt. 6509091270

Yfirlit

Skýrsla og áritun Klappa grænna lausna hf. 3
Skýrsla stjórnar og forstjóra 4
Lykilþættir 5
Uppgjör 6
Rekstrarþættir 6
Losunarbókhald 7
Umhverfisþættir 10
Umhverfisstjórnun 13
Félagslegir þættir 14
Stjórnarhættir 17
Skipulags- og rekstrarmörk 19
Skilgreiningar 20
Skýringar 22

Skýrsla og áritun Klappa grænna lausna hf.

Klappir grænar lausnir hf., (Klappir) hafa aðstoðað við gerð sjálfbærniuppgjörs fyrir Sjóvá - Almennar tryggingar hf. (Sjóvá). Sjálfbærniuppgjörið hefur að geyma helstu upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti Sjóvá.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á sjálfbærniuppgjörinu
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga, þ.m.t. upplýsingar um umhverfisþætti, samfélagsþætti, og stjórnarhætti, samkvæmt 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Staðfesting Klappa
Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar sem kveða á um að framsetning upplýsinga um losun gróðurhúsalofttegunda verði að vera lýsandi, nákvæm, heilleg, samræmd og gagnsæ. Einnig hefur vinnunni verið hagað í samræmi við UNGC, Nasdaq ESG, SDG og GRI en tenging við þessa staðla er dregin fram í uppgjörinu. Þar að auki hefur verið horft til væntanlegs Evrópustaðals, Draft ESRS E-1 Climate Change.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn Sjóvá sem birt eru í sjálfbærniuppgjöri þessu vegna tímabilsins 1. janúar 2022 - 31. desember 2022 hafa verið yfirfarin og metin af sjálfbærnisérfræðingum Klappa eftir bestu vitund. Gögn tengd félagslegum þáttum og stjórnarháttum voru ekki yfirfarin af Klöppum. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

Klappir grænar lausnir hf.

Sjálfbærniuppgjör Sjóvá er rafrænt undirritað af Klöppum grænum lausnum hf.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

